



Válisti 2

Fuglar

Válisti 2

Fuglar



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Válisti 2 Fuglar

Umsiön með útgáfu: Alfheiður Ingadóttir

Forsíða: Húsandarpar á Mývatni 6. júní 1999. Ljósni.: Jóhann Óli Hilmarsson

Ljósmyndir: Arnór Þ. Sigfússon (A.Þ.S.), Erling Olafsson (E.Ó.), Hjálmar R. Bárðarson (H.R.B.), Jóhann Óli Hilmarsson (J.Ó.H.) og Páll Stefánsson (P.S.)

Útbreiðslukort: Kristinn H. Skarphéðinsson, Náttúrufræðistofnun Íslands 2000

Prófarkarlestur: Ingrid Markan

Hönnun: IP-Prentþjónustan ehf.

Prentvinnsla: Isafoldarprentsmiðja hf.

© Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík, 2000

Efnisyfirlit

	Bls.
English summary	7
Fylgt úr hlaði	9
Inngangur	10
Hættuflokkar Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna, IUCN	12
Íslenskir varpfuglar á válista	14
Fáliðaðir varpfuglar	16
Staðbundnir stofnar	16
Stofnar á niðurleið	16
Ógnir	17
Íslensk löggjöf um fugla	19
Alþjóðlegir samningar	20
Fuglavernd og ábyrgð Íslendinga	23
Efni válistans og útbreiðslukort	25
Válisti fugla	26
Utdauðar tegundir (EX)	
Geirfugl	26
Tegundir útdauðar sem varpfuglar í íslenskri náttúru (EW)	
Hafyrðill	28
Keldusvin	30
Tegundir í bráðri hættu (CR)	
Brandönd	32
Fjöruspói	34
Gráspör	36
Skutulönd	38
Snæugla	40
Strandtittlingur	42
Tegundir í hættu (EN)	
Haförn	44
Helsingi	48
Húsönd	50
Skeiðönd	52
Þórshani	54
Tegundir í yfirvofandi hættu (VU)	
Brandugla	56
Fálki	58
Flórgoði	60
Gargönd	62
Grágæs	64
Gulönd	66
Himbrimi	68
Hrafn	70
Hrafnsönd	72

<i>Sjósvala</i>	74
<i>Skrofa</i>	76
<i>Stormsvala</i>	78
<i>Stuttnefja</i>	80
<i>Súla</i>	82
<i>Svarthakur</i>	84
<i>Tegundir í nokkurri hættu (LR)</i>	
<i>Grafönd</i>	86
<i>Stormmáfur</i>	88
<i>Straumönd</i>	90
Heimildir	92
1. viðauki. Leiðbeiningar IUCN við mat og röðun í flokka	97
2. viðauki. Áætluð stofnstærð íslenskra fugla sem ekki eru á válista	100
3. viðauki. Tegundir á válista fugla í stafrófsröð íslenskra heita	102
4. viðauki. Tegundir á válista fugla, flokkunarfræðileg röð	103

English summary

The first part of an official Red List of threatened species in Iceland, Red List I, Plants, was published in 1996 by the Icelandic Institute of Natural History. The second part presented here by the Institute covers breeding birds. It is based on an evaluation of all 76 species of regular breeders in the country, including extinct species and species that have ceased breeding. Regular transient migrants were also evaluated for the list, as well as incidental breeders.


The categories and criteria used in this second part of the Red List are based on the revised IUCN criteria for global assessment from 1994, but adapted for national use. The categories used in the Icelandic Red List are: Extinct (EX), Extinct in the wild (EW), Critically endangered (CR), Endangered (EN), Vulnerable (VU), Lower risk (LR) and Data deficient (DD). The species are listed by the above categories and in alphabetical order by Icelandic names (cf. App. 3) within each category.

The major threats to each species are presented in the list as well as information on the biology of the species, population size and distribution in Iceland, conservation measures and monitoring programmes. The status of each species in a regional and international context is discussed and references made to relevant international conventions and commitments. An English summary is given for each species account.

There are 32 species included in the list (Table 1), or 42% of the 76 regular breeding birds of Iceland. One of these species is extinct (EX) and two are extinct as breeding birds in the country (EW). The remaining 29 species fall into four categories: 6 are critically endangered (CR), 5 are endangered (EN), 15 are vulnerable (VU), indicating that they may eventually fall into the EN-category if the negative factors currently affecting them continue to operate in the future. Finally, 3 species are classified as lower risk (LR).

More than half of the species on the Red List (18/32) are listed in part because of their small populations. These are both some rather recent regular breeders as well as species which apparently have always been rather rare in Iceland, e.g. *Gavia immer* and *Falco rusticolus*. A few species which have declined drastically are also included among the rare birds. One third of the species of the list (9/32) have local distributions. These include four species of colonial seabirds, three of which [*Puffinus puffinus*, *Hydrobates pelagicus* and *Oceanodroma leucorhoa*] are mostly confined to Vestmannaeyjar in the South. Five species of waterfowl have their main distribution at the eutropic Lake Mývatn in the North. Finally, there are ten species listed in part because of their declining populations. Some of these have declined drastically because of habitat destruction and others because of overharvesting: *Anser anser*, *Larus marinus*, *Uria lomvia* and *Corvus corax*.

In Iceland the Red List is considered an important tool for fulfilling obligations undertaken by the Government through various international and regional conventions on the conservation of threatened species and their habitats. The Red List is also crucial for the effective monitoring of the most vulnerable biota, and forms a basis for sustainable use and the conservation of biological diversity.



Látrabjarg er eitt mesta fuglabjarg í Evrópu. Þar verpur yfir ein milljón sjófuglapara og þar er mesta álkubyggð í heimi. Ljóm.: J.O.H.

Fylgt úr hlaði

Útgáfa vólísta hefur verið ein af meginstoðum náttúruverndar í heiminum um langt skeið, en vólísti er skrá yfir lífverur sem eiga undir högg að sækja, eru í útrýmingarhættu eða hefur verið útrýmt. Mikilvægt er að vólístar séu byggðir á traustum gögnum eigi þeir að ná tilætluðum árangri. Flestar þjóðir sem við Íslendingar erum vanir að bera okkur saman við hafa fyrir löngu gefið út opinbera vólísta og unnið skipulega að gerð verndaráætlana fyrir tegundir á listunum og búsvæði þeirra. A Náttúrufræðistofnun Íslands er unnið að gerð vólísta sem tekur til allrar lífandi náttúru landsins. Sökum þess hversu mismikil vitneskjan er um hinar ólíku tegundir lífvera var ákveðið að gefa vólístan út í hlutum - gefa fyrst út vólísta yfir þá hópa sem best eru þekktir og áreiðanlegar upplýsingar eru til um, en aðra þegar nauðsynlegra gagna hefur verið aflað.

Fyrsti hluti þessa íslenska vólísta kom út árið 1996. Í honum var fjallað um blómplöntur, byrkninga, fléttur, mosa og ýmsa botnpörunga. við gerð hans var stuðst við viðmið Alþjóðanáttúruverndar-samtakanna, en þau njóta alþjóðlegrar viðurkenningar og eru notuð víða. Þessi viðmið gera kröfur um nokkuð nákvæma vitneskju um útbreiðslu, einstaklingsfjölda og breytingar á stofnstærð tegunda.

Fuglar eru áberandi í náttúru landsins og gefa henni líf og lit með tilvist sinni og hljóðum. Hér á landi eiga margar fuglategundir aðalból sín í Evrópu, þeirra á meðal himbrimi, húsönd og straumönd. Hér verpur einnig verulegur hluti af heimsstofni margra tegunda og má þar nefna álku, heiðagæs, lunda, skúm og ýmsa vaðfugla eins og heiðlóu, lóupræl og spóa. við berum því ríka ábyrgð á ýmsum fuglategundum gagnvart umheiminum og það er ánægjulegt að margar þeirra skuli ekki vera á þessum vólísta, en áhyggjuefni að sumar þeirra skuli vera á listanum. Varúðar er þörf og það sem helst ógnar þessum fuglum nú er eyðing búsvæða og fordómafull og skilningslaus afstaða til svokallaðra vargfugla.

Ein helsta ógn við fuglaríki landsins þegar lítið er til framtíðar er umfangsmikil og skipulagslítil skógrækt, sem hefur m.a. í för með sér áframhaldandi eyðingu votlendis og skerðingu á búsvæðum mófugla. Alþingi hefur samþykkt lög sem fela í sér að breyta skuli lífríki á verulegum hluta láglendis á Íslandi með skógrækt. Verði ráðist í þessar framkvæmdir án mats á umhverfisáhrifum þeirra er hættu á að fleiri íslenskar fuglategundir lendi á vólísta þegar fram í sækir. við eigum að virða og vernda þær lífverur sem verið hafa undirstaða í íslensku lífríki í þúsundir ára og þróast við þær aðstæður sem hér ríkja. Framandi tegundir og innfluttar vistgerðir hafa lítið þol gegn sjúkdómum og loftslagsbreytingum. við eigum því að læra af reynslu annarra þjóða og sporna gegn vísitandi innflutningi á framandi lífverum og dreifingu þeirra í villtri náttúru landsins.

Vonandi verður þessi útgáfa á öðrum hluta vólísta yfir lífverur sem eiga undir högg að sækja eða eru í útrýmingarhættu til þess að auka vernd íslenskrar náttúru, sjálfbæra nýtingu hennar og farsæld þjóðarinnar. með útgáfunni er ekki aðeins verið að sinna alþjóðlegum skuldbindingum heldur einnig - og ekki síður - að auðvelda þeim sem taka ákvarðanir um landnotkun, skógrækt og landgræðslu, auðlindanýtingu og mannvirkjagerð á Íslandi að sinna sinum lögbundnu skyldum. Hér er stigið lítið skref á langri leið, en takmarkið er að eiga og nota vólísta sem nær til alls lífríkis á landi, í ferskvatni og í sjó.

Jón Gunnar Ottósson,
forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands

Inngangur

Opinberar skrár, svonefndir válistar eða „rauðir listar“, yfir lífverur sem eiga undir högg að sækja hafa ekki verið gerðir á Íslandi fyrr en með Válista 1, Plöntur, sem gefinn var út árið 1996.⁷⁵ Sá válisti sem hér birtist tekur til fugla en gert er ráð fyrir að sá næsti fjalli um hryggleyðingja. Fyrirhugað er að endurskoða útgefna válista með vissu millibili enda úreldest upplýsingar í þeim hratt. Stefnt er að útgáfu á heildstæðum válista yfir allar íslenskar lífverur þegar listar hafa verið gefnir út fyrir sérhvern lífveruhóp.

Drög að válistum hafa áður verið tekin saman á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands í tengslum við alþjóðlegar skuldbindingar og beiðnir um upplýsingar um íslenskar lífverur. Þessi drög hafa verið samin án samræmdra viðmiða og upplýsingar úr þeim birtar í alþjóðlegum ritum á ábyrgð höfundu. Hér má nefna drög að válistum sem gerð voru fyrir Bernarsamninginn, samþykktina um vernd lífríkis á norðurslóðum (CAFF), Evrópulistann yfir plöntur sem eiga undir högg að sækja, gagnabanka Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) og skýrslu umhverfisráðuneytisins um umhverfi og þróun hér á landi sem gefin var út í tengslum við Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna 1992.


Árið 1994 gáfu Alþjóðanáttúruverndarsamtökin (IUCN)* út endurskoðaða staðla og leiðbeiningar fyrir gerð válista⁴⁸ og eru þau viðmið nú notuð við gerð válista yfir íslenskar lífverur. IUCN-kerfið nýtur almennrar viðurkenningar og er notað mjög víða. Matskerfinu má beita á undirtegundir, tegundir, ættkvísir og ættir lífvera á jörðinni í heild, en einnig til að flokka lífverur tiltekinna svæða eða einstakra landa eins og hér er gert. Tegundum er síðan skipað í sjö skilgreinda áhættuflokka eftir ástandi þeirra. Í skýringunum hér á eftir er notað orðið tegund og tegundir, í stað *taxon*, ft. *taxa*, sem tekur til allra áðurnefndra flokkunareininga.

Núverandi matskerfi Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna er nokkuð breytt frá eldra kerfi samtakanna (The IUCN Red Data Book Categories), sem verið hafði í notkun lítið sem ekkert breytt í nær þrjá áratugi, en þess má geta að endurskoðuð útgáfa nýju reglnanna er væntanleg árið 2001. Öllum hættuflokkum kerfisins er lýst hér á eftir og þeir skilgreindir. Flokkunum hafa verið gefin íslensk nöfn en að auki fylgja hin ensku heiti þeirra og skammstafanir á þeim í sviga. Í 1. viðauka bls. 97-99 eru birtar ítarlegri leiðbeiningar fyrir mat og röðun í þá þrjá flokka sem mest er um vert að séu rétt notaðir; í bráðri hættu, í hættu og í yfirvofandi hættu.

Viðmið Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna útheimta nokkuð nákvæma vitneskju um útbreiðslu, fjölda einstaklinga og stofnbreytingar einstakra tegunda. Þetta veldur vanda við gerð lista fyrir Ísland vegna skorts á þekkingu á mörgum lífveruhópum. Sú leið hefur því verið valin að gefa út heildstæðan válista yfir íslenskar tegundir í áföngum og byrja á þeim hópum lífvera sem best eru þekktar og bæta síðan við eftir því sem þekkingu fleygir fram.

*International Union for Conservation of Nature and Natural Resources.

off nefnt The World's Conservation Union, með höfuðstöðvar í Gland í Sviss



Geirfuglar urðu útdauðir á Íslandi og þar með í heiminum öllum 1844. Myndin er úr fyrstu útgáfu af The Birds of America, sem kom út í London 1827-1838, eftir hinn kunna ameríska listamann og náttúrufræðing John James Audubon (1785-1851).

Þessi válisti sýnir að miðað við alþjóðlega staðla þurfa 42% íslenskra varpfugla sérstaka aðgæslu hér á landi. Sumir þeirra eru nýlega fárnir að verpa hér og varpstofnar þeirra þar af leiðandi litlir, en á listanum eru einnig gamalgrónir varpfuglar sem eiga undir högg að sækja, svo sem gulönd, haförn, hrafn og svartbakur. Sú niðurstaða ætli ekki að koma á óvart miðað við þær breytingar sem orðið hafa á náttúru Íslands af manna völdum. Óvild gagnvart ránfuglum og ýmsum öðrum keppinautum okkar úr fuglaríkinu á einnig verulegan þátt í því hvernig komið er fyrir sumum varpstofnum. Mikilvægt er að auka fræðslu um stöðu válistafuglanna í íslensku umhverfi, rannsóknir á þeim og skipulega vöktun þeirra. Einnig þarf að haga fuglaveiðum þannig að þær valdi ekki hruni stofna og að varpstöðvar og önnur búsvæði tegundanna njóti verndar.

Válisti sá yfir fugla sem hér fylgir er unninn af Kristni Hauki Skarphéðinssyni og Ævari Petersen. Umsjón með verkinu hafði Alfheiður Ingadóttir en Ólafur K. Nielsen, Arnór Þ. Sigfússon, Helga Valdimarsson, Karólína R. Guðjónsdóttir, María Harðardóttir og Jón Gunnar Ottósson veittu aðstoð við einstaka þætti verksins. Arnþór Garðarsson las yfir handrit og eru honum þakkaðar góðar ábendingar.

Hættuflokkar Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna (IUCN)

Útdauð (Extinct; EX)

Tegund telst vera útdauð þegar enginn vafi leikur á að síðasti einstaklingur hennar sé dauður.

Útdauð í náttúrunni (Extinct in the wild; EW)

Tegund telst vera útdauð í náttúrunni þegar hún lifir hvergi villt svo vitað sé heldur aðeins í ræktun eða í haldi, eða sem ílendur stofn/stofnar fjarri fyrri útbreiðslusvæðum. Tegund telst útdauð í náttúrunni þegar ekki finnst einn einasti einstaklingur hennar við ítarlega leit á þekktum eða líklegum búsvæðum á öllu útbreiðslusvæði hennar. Leita verður á þeim tíma sem samræmist lífsferli og lífmynd tegundarinnar.

I bráðri hættu (Critically endangered; CR)

Tegund telst vera í bráðri hættu þegar eindregnar líkur eru á að hún verði útdauð í náttúrunni í náinni framtíð samkvæmt einhverri af tilteknum forsendum, sem raktar eru í 1. viðauka á bls. 97.

I hættu (Endangered; EN)

Tegund telst vera í hættu, en þó ekki í bráðri hættu, þegar mjög miklar líkur eru á að hún verði útdauð í náttúrunni í fyrirsjáanlegri framtíð, samkvæmt einhverri af tilteknum forsendum, sem raktar eru í 1. viðauka á bls. 98.

I yfirvofandi hættu (Vulnerable; VU)

Tegund telst vera í yfirvofandi hættu, en þó hvorki í bráðri hættu né í hættu sbr. hér að framan, ef miklar líkur eru á að hún verði útdauð í náttúrunni í framtíðinni samkvæmt einhverri af tilteknum forsendum, sem raktar eru í 1. viðauka á bls. 99.

I nokkurri hættu (Lower risk; LR)

Tegund telst vera í nokkurri hættu þegar hún að loknu mati fellur ekki í neinn framangreindra hættuflokka. Tegundum í nokkurri hættu má skipa í þrjá undirflokka:

1. Háðar vernd (conservation dependent; cd)

Tegundir sem eru háðar sérstökum aðgerðum, til verndar þeim eða búsvæðum þeirra, og myndu innan fimm ára færost yfir í einhvern fyrrnefndra hættuflokka ef þeim aðgerðum yrði hætt.

2. Ekki háðar vernd (near threatened; nt)

Tegundir sem eru ekki háðar verndaraðgerðum, en eru nálægt því að flokkast í yfirvofandi hættu.

3. Aðrar tegundir (least concern; lc)

Tegundir sem falla í hvorugan undirflokkinn hér að framan.

Upplýsingar ófullnægjandi (Data deficient; DD)

Tegund fellur í þennan flokk þegar upplýsingar um útbreiðslu hennar og stofnstærð eru ekki nægilegar til þess að hægt sé að meta hvort hún sé t. útrýmingarhættu. Þrátt fyrir það getur

lífsferill hennar verið vel þekktur að öðru leyti. Þetta er því ekki flokkur fyrir tegundir sem er ógnað eða teljast vera í nokkurri hættu. Það að telja tegund til þessa hóps gefur til kynna að nánari upplýsinga um hana sé þörf og að frekari rannsókn kunni að leiða í ljós að rétt sé að flokka hana í tiltekinn hættuflokk. Í mörgum tilvikum þarf að íhuga vandlega hvort nota skuli þennan flokk eða einhvern hinna hér að framan. Ef útbreiðsla tegundarinnar er talin fremur takmörkuð og ef umtalsverður tími hefur liðið frá því hennar var síðast getið, gæti verið réttlætanlegt að telja hana til einhvers þeirra.

Ekki metin (Not evaluated; NE)

Tegund telst ekki hafa verið metin ef ekki hefur ennþá verið beitt við matið þeim skilgreiningum og aðferðum sem hér hefur verið lýst.

Íslenskir varpfuglar á válista

Á Íslandi verpa eða hafa orpið að staðaldri 76 fuglategundir. Á válistanum eru 32 þeirra, eða 42% íslenskra varpfugla (1. tafla). Ein tegundanna er útdauð (EX) og tvær útdauðar sem varpfuglar í íslenskri náttúru (EW). Aðrar tegundir á válistanum falla í fjóra flokka: 6 eru taldar í bráðri hættu (CR), 5 í hættu (EN), 15 í yfirvofandi hættu (VU) og 3 í nokkurri hættu (LR).

Íslenskt fuglaríki tekur breytingum í tímans rás. Á síðustu 100 árum hafa tvær tegundir dáið út sem varpfuglar í íslenskri náttúru, keldusvín og haftyrdill, en yfir 30 nýjar tegundir bæst við sem varpfuglar. Helmingur þeirra verpur hér nú að staðaldri. Varpstofn nýrra landnema er í upphafi lífllí, aðeins fá varppör, og sökum smæðar hans lenda þessar tegundir á válista. Auk tegunda sem náð hafa fótfestu hér á landi hafa rúmlega tuttugu tegundir flækingsfugla reynt varp en ekki náð að ílendast. Hér eru taldar til reglulegra varpfugla tegundir sem orpið hafa samfellt undanfarin 10 ár. Tegundir sem hafa orpið stöku sinnum án þess að ílendast, svo sem krossnefur og hrókönd, teljast ekki til þess hóps og eru því ekki á válistanum. Álitamál er hvort telja beri svartpröst til reglulegra varpfugla en hann hefur orpið hér nær árlega frá 1992.

Á meðal flækingsfugla sem reynt hafa varp hérlandis en ekki náð fótfestu eru fuglar sem geta valdið skaða í náttúru landsins. Hróköndin er dæmi um slíkan fugl, en hún er norður-amerísk að uppruna og var flutt til Evrópu og höfð þar í andagörðum. Nú hafa hrókendur náð að fjölga sér í villtri náttúru margra Evrópulanda og ógna þar tilvist eirandar, sem er gamalgróin evrópsk tegund. Hrókendur hafa leitað til Íslands og orpið hér en ekki náð að ílendast enn sem komið er.⁸³ Náí þær fótfestu gætu þær hugsanlega hrakið flórgoða frá búsvæðum sínum og skaðað þannig þennan gamla íbúa landsins sem á nú þegar undir högg að sækja. Aðgerðir hafa verið skipulagðar til þess að reyna að uppræta hróköndina úr villtri náttúru í Evrópu og það hlýtur að koma til álita að aflétta friðun hennar hér á landi til að koma í veg fyrir að hún setjist að.

Bjargdúfa er ekki á válistanum en ætti e.t.v. heima þar. Dúfur hafa um árabíl orpið á nokkrum stöðum í villtri náttúru landsins, einkum á Austurlandi.⁹⁰ Engar rannsóknir hafa verið gerðar til þess að grafast fyrir um uppruna fuglanna, en þeir eru annaðhvort afkomendur taminna dúfna sem lagst hafa út eða raunverulegar bjargdúfur komnar hingað af sjálf-dáðum erlendis frá. Tamdar dúfur, sem voru fluttar hingað og hafa verið landlægar um langt skeið,⁶³ voru upphaflega ræktaðar út frá bjargdúfum. Meðan nánari upplýsingar liggja ekki fyrir um uppruna þessara dúfna eru þær ekki á válistanum.

Sumum fuglum virðist hafa fækkað mikið á 20. öld, t.d. óðinshana,^{32,81} hávellu^{6,34,39} og steindepli⁷⁸. Undanfarin ár virðast þessir stofnar hins vegar hafa staðið í stað og steindepli líklega fjölgað þótt upplýsingar um stofnbreytingar séu af skornum skammti. Samkvæmt þeim viðmiðum sem beitt er við gerð válistans eru ekki forsendur fyrir því að hafa þessar tegundir á listanum enda eru þær enn algengir varpfuglar í landinu. Náttúrufræðistofnun Íslands telur nauðsynlegt að vakta þessa fuglastofna sérstaklega á næstu árum þannig að áreiðanlegt mat á ástandi þeirra og stofnbreytingum liggi fyrir þegar válistinn verður endurskoðaður.

Ymsar ástæður eru fyrir því að tegund er sett á válista og hvernig hún raðast í flokk. Ef varpstofn er faliðaður fer viðkomandi tegund á válista. Sama er að segja um tegundir sem verpa á aðeins einum stað eða fáum stöðum. Þá er tegund sett á válista ef landsstofninn hefur

1. tafla. Fuglar á válista, flokkun þeirra og forsendur

Útdauður (EX)

Geirfugl	<i>Pinguinus impennis</i>	Dó út 1844
----------	---------------------------	------------

Útdauður sem varpfugl (EW)

Haftyrðill	<i>Alle alle</i>	Hætti varpi á Islandi um 1995
Keldusvín	<i>Rallus aquaticus</i>	Hætti varpi á Islandi um 1970

Í bráðri hættu (CR)

Brandönd	<i>Tadorna tadorna</i>	Lítill stofn, <50 fuglar
Fjöruspói	<i>Numenius arquata</i>	Lítill stofn, <50 fuglar
Gráspör	<i>Passer domesticus</i>	Lítill stofn, <50 fuglar
Skutulönd	<i>Aythya ferina</i>	Lítill stofn, <50 fuglar
Snæugla	<i>Nyctea scandiaca</i>	Lítill stofn, <50 fuglar
Strandtittlingur	<i>Anthus petrosus</i>	Lítill stofn, <50 fuglar

Í hættu (EN)

Haförn	<i>Haliaeetus albicilla</i>	Lítill stofn, <250 fuglar
Helsingi	<i>Branta leucopsis</i>	Lítill stofn, <250 fuglar
Húsönd	<i>Bucephala islandica</i>	Lítill stofn, takmörkuð útbreiðsla, samfelld fækkun, <2500 fuglar
Skeiðönd	<i>Anas clypeata</i>	Lítill stofn, <250 fuglar
Þórshani	<i>Phalaropus fulicarius</i>	Lítill stofn, hefur fækkað, <250 fuglar

Í yfirvofandi hættu (VU)

Brandugla	<i>Asio flammeus</i>	Lítill stofn, <1000 fuglar
Fálki	<i>Falco rusticolus</i>	Lítill stofn, <1000 fuglar
Flórgoöi	<i>Podiceps auritus</i>	Lítill stofn, hefur fækkað, <1000 fuglar
Gargönd	<i>Anas strepera</i>	Lítill stofn, <1000 fuglar
Grágæs	<i>Anser anser</i>	Hefur fækkað, >20% fækkun á 10 árum
Gulönd	<i>Mergus merganser</i>	Lítill stofn, <1000 fuglar
Himbrimi	<i>Gavia immer</i>	Lítill stofn, <1000 fuglar
Hrafn	<i>Corvus corax</i>	Hefur fækkað, >20% fækkun á 10 árum
Hrafnstönd	<i>Melanitta nigra</i>	Lítill stofn, <1000 fuglar
Sjósvala	<i>Oceanodroma leucorhoa</i>	Fáir varpstaðir
Skrofa	<i>Puffinus puffinus</i>	Fáir varpstaðir
Stormsvala	<i>Hydrobates pelagicus</i>	Fáir varpstaðir
Stuttnefja	<i>Uria lomvia</i>	Hefur fækkað, >20% fækkun á 10 árum
Súla	<i>Morus bassanus</i>	Fáir varpstaðir
Svarfbakur	<i>Larus marinus</i>	Hefur fækkað mikið

Í nokkurri hættu (LR)

Grafönd	<i>Anas acuta</i>	Háð vernd
Stormmáfur	<i>Larus canus</i>	Háður vernd
Straumönd	<i>Histrionicus histrionicus</i>	Háð vernd, Island er eina varpland straumandar í Evrópu

verið á samfelldri niðurleið um árabíl. Ef ekki er komið í veg fyrir stöðuga fækkun verður viðkomandi stofn orðinn hættulega lítill fyrr en varir, jafnvel þótt hann sé enn nokkuð stór. Oft er fleiri en ein ástæða fyrir því að tegund er á válista. Sem dæmi má nefna húsönd. Stofninn er lítill, staðbundinn og hefur verið á stöðugri niðurleið um árabíl.

Fáliðaðir varpfuglar

Meira en helmingur (18 af 32) tegunda er á válistanum vegna þess að stofnar þeirra eru litlir. Í fyrsta lagi er um að ræða nýja landnema, eins og brandönd, fjöruspóa, gráspör, helsingja, skutulönd, stormmáf og strandfittling. Í öðru lagi eru þetta tegundir sem ávallt hafa verið strjálar hér á landi en sumum þeirra hefur jafnframt fækkað vegna skerðingar búsvæða, vegna ofsókna eða af óþekktum orsökum. Meðal strjálra fugla má nefna fálka, haförn, himbrima, gargönd og þórshana. Loks má nefna tegundir sem sennilega hafa verið miklu algengari hér áður fyrr en hefur fækkað vegna skerðingar búsvæða, svo sem flórgoða.

Staðbundnir stofnar

Tæplega þriðjungur tegunda á válistanum (9 af 32) verpur á tiltölulega fáum eða afmörkuðum svæðum hér á landi. Fjórar þeirra eru fremur algengir sjófuglar, þar af þrjár sem verpa svo að segja eingöngu á einum stað; í Vestmannaeyjum, (sjósvala, skrofa og stormsvala). Sú fjórða, súlan, verpur einnig á nokkrum öðrum stöðum. Umhverfisslys og náttúruhamfarir á þeim slóðum gætu hugsanlega höggvið stórt skarð í stofnana og ógnað tilvist þeirra hér á landi. Fimm tegundir vatnafugla eru að miklu eða öllu leyti bundnar við Mývatn; flórgoði, gargönd, hrafsönd, húsönd og skutulönd. Vistkerfi Mývatns og Laxár gegna því lykilhlutverki fyrir þessar tegundir hér á landi og því er mjög mikilvægt að tryggja verndun þess.

Stofnar á niðurleið

Allt að 10 tegundum á válistanum hefur fækkað umtalsvert. Í sumum tilvikum eru ástæður óljósar eins og hjá húsönd og hrafsönd. Í öðrum tilvikum hefur eyðilegging búsvæða leitt til fækkunar og má þar nefna flórgoða.

Fjórum tegundum á válistanum hefur öllum líkindum fækkað vegna ofveiði: grágæs, hrafni, stuttnefju og svartbaki. Mikilvægt er að skilgreina hvaða þættir það eru sem hafa áhrif á eða ógna þessum fuglastofnum svo unnt sé að skipuleggja viðeigandi mótvaegisaðgerðir. Grágæs er algengur fugl á Íslandi en síðustu 10 ár hefur stofninn minnkað stöðugt og er nú um 20-30% minni en hann var árið 1990. Engar fullnægjandi skýringar eru á þessari fækkun í stofninum en helst er hallast að því að ofveiði ráði þar mestu. Heimilt er að veiða tvær þessara tegunda án takmarkana, en það eru hrafni og svartbakur. Hér á landi hafa sumir litið á hrafni og svartbak sem helstu óvini manna í fuglaheimi. Lengi var sú skoðun ríkjandi að útrýma bæri þessum tegundum. Fáum dettur slíkt í hug nú á tímum en margir eru þó enn þeirrar skoðunar að fækka þurfi þessum fuglum. Stofnar hrafn og svartbaks hafa dregið saman á síðustu áratugum; svartbaki hefur fækkað að því er virðist um land allt og hrafni á stórum landsvæðum, svo sem í Þingeyjarsýslum og hugsanlega á landinu öllu.

Í lögum um fuglaveiðar og fuglafríðun (nr. 64/1994) er sú meginregla sett að ákvörðun um að leyfa veiðar skuli byggjast á því að viðkoma stofns sé nægileg til þess að vega upp á móti afföllum vegna veiða. Þó er unnt að hafa áhrif á útbreiðslu tegundar ef skilgreindir



Lífrik votlertdi eru lykilsvæði fyrir margar fuglategurdir. Við Carðsvatn í Skagafirði. Ljós.: J.Ó.H.

hagsmunir eru í húfi. Fækkun hrafns og svartbaks, er talin nema yfir 20% á 10 ára tímabili og af þeim sökum eru þessar tegundir á vátlista. Báðar tegundir eru ennþá algengar í landinu, en ef fram heldur sem horfir verða þær orðnar sjaldgæfar innan skamms tíma. að mati Náttúrufræðistofnunar er nauðsynlegt að hefja þegar skipulegar rannsóknir á fækkun þessara fugla um land allt, kanna hve mikil hún er í einstökum landshlutum og hverjar eru orsakir hennar. Á grundvelli niðurstaðna verði ákvörðun tekin um það hvort vernda beri þessar tegundir og með hvaða hætti.

Ógnir

Ymsar framkvæmdir svo sem vegagerð, virkjun vatnsfalla, stækkun þéttbýlis o.fl. geta haft veruleg áhrif á tilvist fuglastofna. Mikilvægt er að meta umhverfisáhrif framkvæmda í hvert sinn og ígrunda hvort ástæða sé til að grípa til einhverra aðgerða, svo unnt sé að afstýra hættu eða draga úr henni. Lífshættir fugla eru afar breytilegir og eru margar tegundir háðar tilteknum kjörlendum um varp eða fæðuöflun. Þær eru einnig misjafnlega viðkvæmar fyrir veiðum, truflun og öðrum þáttum sem skert geta lífsafkomu þeirra. Því er brýnt að skilgreina sérstaklega fyrir hverja tegund hvað helst ógnar henni og til hvaða mótvægisáðgerða þarf að grípa.

Skerðing búsvæða eða kjörlendis fugla er líklega helsta ógn sem steðjar að íslenskum fuglastofnum þegar til lengri tíma er litið. Þær áðgerðir eða framkvæmdir sem breyta umhverfinu

eru yfirleitt umfangslitlar og staðbundnar hver um sig, og landsmenn gera sér því ef til vill ekki ljósa grein fyrir þessari áhættu. Hættan er hins vegar sú að fyrr en varir getur búsvæði sem tegund byggir afkomu sína á verið orðið af skornum skammti eða mjög breytt. Sem dæmi má nefna viðtæka framræslu votlendis á síðari hluta 20. aldar.⁵⁴ Síðbreytileg viðhorf í atvinnulífi og framkvæmdum gera það að verkum að náttúran er undir stöðugum og margvíslegum þrýstingi. Sífelldar minniháttar breytingar eru sennilega meiri ógn til langframa en stórar staðbundnar framkvæmdir, sem þó eru mun meira áberandi meðan á þeim stendur. Hið sama á við um mengun, þar sem álitid er að stöðug (krónísk) mengun hafi samanlagt mun meiri áhrif en þau tiltölulega fáu stórslys sem verða og vekja yfirleitt mikla athygli.

Líklega eru það landgræðsluáðgerðir, einkum skógrækt, sem eiga effir að breyta ásýnd landsins og þar með búsvæðum fugla meira en nokkrar aðrar framkvæmdir í náinni framtíð. Fuglar sem byggja afkomu sína á opnu landi munu víkja þegar fram í sækir, en í þeirra stað koma fuglar sem eru háðir gróskumiklum búsvæðum eða skógi. Aður var land ræst fram í þágu túnræktar og „hagabóta“ en nú eru mýrlendi sums staðar þurrkuð til þess að stunda þar trjárækt. Lausnin er ekki sú að banna allar slíkar framkvæmdir, heldur þarf að meta áhrif þeirra á fuglastofna og annað náttúrulegt lífríki landsins og stjórna því með skynsamlegum hætti hvar trjárækt skuli stunduð.

Skotveiðar og aðrar nytjar, svo sem eggjataka, ungatekja eða veiðar í háf, eru í eðli sínu áðgerðir sem stefnt geta fuglastofnum í hættu. Sjálfsagt er að leyfa veiðar á vissum tegundum fugla en jafnframt verður að vera ljóst hversu miklu álagi veiðarnar valda eða hvort hætta sé á ofveiði og meta til hvaða áðgerða réttast er að grípa ef svo er. Tilkoma veiðiskýrslna 1995 var mikilvægt skref í átt til skynsamlegrar stjórnunar á fuglaveiðum þótt þær tryggi ekki einar sér að fuglastofnum sé ekki ógnað. Meta þarf stærð, ástand og veiðipól þeirra fuglastofna sem heimilt er að veiða og vakta þá með skipulegum hætti. Nauðsynlegt er að átta sig á að veiðiálag getur breyst með tíð og tíma og eftir landshlutum. Tæki til veiða verða sífellt fullkomnari og möguleikar manna til þess að komast á afskekktu staði, sem lítið hefur verið veitt á, eru nú mun meiri en áður.

Ónæðivið hreiður er hætta sem vofir yfir sumum fuglategundum, einkum þeim sem eru sjaldgæfar en auðfundnar. Þannig eru hafarnir yfirleitt mjög viðkvæmir fyrir truflun við hreiður, auk þess sem þeir verpa ekki aftur sama sumar ef varp misferst. Öðrum fuglum sem eru álíka sjaldgæfir og hafarnir, til dæmis skeiðöndum, er ekki eins mikil hætta búin af þessum sökum, enda erfitt að finna hreiður þeirra, þær verpa ekki á nákvæmlega sama stað ár hvert. Andahreiðrum er fyrir komið á lítt áberandi stað og endur verpa aftur ef fyrsta varp misferst. Eggjasöfnun er einnig í eðli sínu hættuleg fyrir sjaldgæfustu varpfuglana en lengi hefur verið bannað samkvæmt íslenskum lögum að safna eggjum fyrir einkasöfn. Engu að síður er þessi iðja stunduð í landinu.

Innflutningur nýrra tegunda lífvera sem keppa við, hafa óbein áhrif á eða lifa á innlendum tegundum veldur áhyggjum víða um heim. Minkurinn, sem reynst hefur mörgum fuglastofnum skeinuhættur, er augljósasta dæmið hér á landi. Innfluttar plöntutegundir hafa í auknum mæli breytt stórum svæðum og þar með fuglafánunni sem þar þrífst, ekki síst á láglandi þar sem fuglalíf er einnig fjölbreyttast. Önnur óbein áhrif manna eru margvísleg og má nefna sem dæmi að tugþúsundir fugla drepast árlega í veiðarfaerum landsmanna. Er augljóst að



Himbrimi er ein þeirra fuglategunda sem Íslendingar bera sérstaka ábyrgð á í Evrópu. Ljós m.: J. Ó. H.

fugladauði af völdum fiskineta hefur stóruð á nokkrum áratugum og þar með álag á viðkomandi fuglastofna. Sumar tegundir sem eru á vátlista lenda oft í netum, til dæmis flórgoði, himbrimi og húsönd. Áhrif þessa á stofnana eru í sjálfu sér ekki að fullu kunn, né heldur áhrif á fuglastofna sem ekki eru á vátlista, svo sem langvíu, teistu og æðarfugl.

Íslensk löggjöf um fugla

Samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, eru allar fuglategundir friðaðar á Íslandi. Heimilt er að aflétta friðun tiltekinna tegunda með útgáfu reglugerða. Lögin taka ekki aðeins til íslenskra fugla heldur einnig allra annarra villtra fugla sem kunna að berast hingað, þ.á m. svokallaðra flækingsfugla.

Akvörðun um að aflétta friðun skal byggjast á því að viðkoma stofns geti vegið upp á móti afföllum vegna veiða og að með veiðum sé verið að nýlja verðmæti í kjöti eða öðrum afurðum. Heimilt er að taka tillit til þess ef viðkomandi fugl veldur tjóni. Lögin gera ráð fyrir að nærgætni sé viðhöfð gagnvart fuglum og búsvæðum þeirra og að þeir verði ekki fyrir

óþarfa truflun. Þá eru miklar takmarkanir á því hvers konar verkfæri eða aðferðir heimilt er að nota til fuglaveiða. Notkun eiturs eða svefnlyfja til að drepa fugla er til dæmis ólögleg. Umhverfisráðuneytið hefur yfirumsjón með málum er snerta villta fugla í landinu. Í júní 2000 eru í gildi þrjár reglugerðir sem snerta fugla, en þær fjalla um: (1) fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum (nr. 456/1994, ásamt síðari breytingum), (2) friðun tiltekinna fugla, friðlýsingu æðarvarps, fuglamerkingar, hamskurð o.fl. (nr. 252/1996) og (3) veiðikort og hæfnispróf veiðimanna (nr. 291/1995).

Sumar fuglategundir njóta strangari friðunar að lögum en aðrar, annaðhvort fyrir þá sök að þær eru mjög sjaldgæfar eða vegna þess að beita þarf sérstakri varúð í umgengni við þær. Þannig er dvöl manna óheimil við hreiður fálka, hafarnar, snæuglu, haftyrdíls, keldusvíns og þórshana. Þessum fuglum og öllum flækingsfuglum ber að skila til Náttúrufræðistofnunar Íslands ef þeir finnast dauðir eða illa haldnir. Einnig er óheimilt að stoppa þá upp nema með leyfi stofnunarinnar. Þá geta landeigendur takmarkað umferð um æðarvörp með því að láta friðlýsa þau.

Í lögum um náttúruvernd (nr. 44/1999) eru m.a. ákvæði um sérstaka verndun búsvæða sem eru mikilvæg fyrir fugla, t.d. ósnortnar mýrar, vötn og leirur. Í Náttúruminjaskrá⁷⁸ sem tekin er saman á grundvelli þessara laga eru skráð mörg mikilvæg fuglasvæði sem annað hvort eru friðlýst eða talið er æskilegt að njóti sérstakrar verndar. Í fyrrgreindum lögum er einnig að finna ákvæði um innflutning framandi lífvera í náttúru Íslands. Þá hafa verið sett sérstök lög um verndun svæða sem teljast hafa mikla þýðingu fyrir fugla, þ.e. lög um verndun Mývatns og Laxár (nr. 36/1974) og um vernd breiðafjarðar (nr. 54/1995). Loks er í lögum um mat á umhverfisáhrifum (nr. 106/2000) fjallað um hvernig standa beri að undirbúningi fyrir tilteknar framkvæmdir sem hafa kunna umtalsverð áhrif á náttúru landsins.

Alþjóðlegir samningar

Ísland hefur skuldbundið sig með Alþjóðasamningum til að vernda ýmsar fuglategundir og búsvæði margra þeirra. Aðild að Parísarsamningnum um fuglavernd (frá 1950) var samþykkt árið 1956 og tók Íslensk löggjöf mið af þeim samningi um árabíl. Ísland gerðist árið 1977 aðili að samningi um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fugla, (Ramsar, 1971). Markmið þessa samnings er að stuðla að verndun votlendissvæða í heiminum, sérstaklega þeirra sem talin eru mikilvæg búsvæði fyrir votlendisfugla. Þrjú votlendissvæði á Íslandi eru nú á skrá skv. Ramsarsamningnum: Mývatn - Laxá, Þjórsárver og Grunnafjörður við Akranes. Auk þess eru 58 önnur svæði hér á landi talin alþjóðlega mikilvæg svæði fyrir fugla.⁸⁰

Árið 1993 gerðist Ísland aðili að samningi ríkja í Evrópu og Norður-Afríku um vernd villtra dýra og villtra plantna og lífsvæða þeirra í Evrópu, svokölluðum Bernarsamningi. Árið 1994 staðfesti Ísland aðild sína að RÍÓ-samningnum um vernd líffræðilegs fjölbreytileika, en hann kveður m.a. á um vernd og sjálfbæra nýtingu lífríkis, stofna og tegunda, búsvæða þeirra og vistkerfa. Þá fullgilti Ísland árið 2000 CITES-samninginn sem fjallar um alþjóðlega verslun með tilteknar tegundir lífvera og flutning þeirra milli landa.

Íslensk fuglaverndarlöggjöf frá árinu 1994, (nr. 64/1994), er að verulegu leyti byggð á Bernarsamningnum. Samningnum fylgja fjórir viðaukar. Í viðauka II eru taldar upp tegundir

dýra sem ber að friða og þar er að finna fimmtán fuglategundir sem nefndar eru í válistanum, en þær eru: brandugla, brandönd, fálki, flórgoði, haförn, helsingi, himbrimi, húsönd, sjósvala, skrofa, snæugla, stormsvala, strandtittlingur, straumönd og þórshani. Í Viðauka III eru tegundir sem ber að vernda en heimilt er að veiða að því tilskildu að stjórn sé höfð á veiðum, t.d. með takmörkun á veiðitíma, til að tryggja vernd viðkomandi stofns. Í Viðauka III eru allir aðrir íslenskir vólistafuglar en þeir sem eru í Viðauka II nema gráspör og svartbakur. Viðauki I í Bernarsamningnum fjallar um plöntur sem ber að friða og Viðauki IV um veiðiaðferðir.


Fastanefnd Bernarsamningsins, sem skipuð er fulltrúum allra aðildarríkja hans, hefur samþykkt ályktun um tegundir sem þarfnast sérstakrar búsvæðaverndar*. Í ályktuninni eru 18 íslenskar varptegundir tilgreindar, en þær eru: álf, brandugla, fálki, flórgoði, haförn, heiðlóa, helsingi, himbrimi, húsönd, kría, lómur, óðinshani, sjósvala, smyrill, snæugla, stormsvala, straumönd og þórshani. Island er eini staðurinn í Evrópu þar sem þrjár þessara tegunda verpa reglulega; himbrimi, húsönd og straumönd.

CITES-samningurinn um alþjóðlega verslun með tiltekna tegundir fekur til mun færri íslenskra fuglategunda. Þeim samningi fylgja þrír viðaukar með misjafnlega ströngum skilyrðum um verslun með lífverur og flutning þeirra milli landa. Ströngustu reglurnar gilda um tegundir í 1. viðauka, en íslenskar fuglategundir sem þar eru tilgreindar og eru á vólista eru haförn og fálki, en í 2. viðauka brandugla og snæugla. Í 3. viðauka er skráð ein tegund á vólista, þ.e. skeiðönd.

2. tafla. Alþjóðlegar skuldbindingar sem snerta tegundir á þessum vólista

Bernarsamningur Viðauki II	Bernarsamningur Viðauki III	Ályktun um búsvæðavernd*	CITES- samningur
Brandugla	Fjöruspói	Brandugla	Brandugla
Brandönd	Gargönd	Fálki	Fálki
Fálki	Grafönd	Flórgoði	Haförn
Haförn	Grágæs	Haförn	Skeiðönd
Flórgoði	Gulönd	Helsingi	Snæugla
Helsingi	Haftyröill	Himbrimi	
Himbrimi	Hrafn	Húsönd	
Húsönd	Hrafnsönd	Sjósvala	
Sjósvala	Keldusvín	Snæugla	
Skrofa	Skeiðönd	Stormsvala	
Snæugla	Skutulönd	Straumönd	
Stormsvala	Stormmáfur	Þórshani	
Strandtittlingur	Stuttnefja		
Straumönd	Súla		
Þórshani			

*Fastanefnd aðildarríkja Bernarsamningsins 1998. Ályktun nr. 6, samþykkt 4. desember 1998, sem tilgreinir tegundir sem þarfnast sérstakrar búsvæðaverndar.



Vistkerfi Mývatns og Laxár er einstætt á heimsvísu og eitt þriggja svæða hér á landi sem er verndað skv. Ramsarsamningnum. Fimm fuglategundir á þessum válista byggja tilvist sína að miklu eða öllu leyti á þessu svæði, þar á meðal húsönd sem hér sést. Ljós. J.O.H.

Fuglavernd og áhyrgð Íslendinga

Sérstakrar nærgætni er þörf í umgengni við ýmsar fuglategundir sem eru á válista vegna þess að stofnar þeirra eru mjög litlir eða staðbundnir. Fuglavernd er þó ekki bundin eingöngu við slíkar tegundir. Einn þáttur í fuglavernd er að reka skilvirkt vöktunarkerfi til þess að fylgjast vel með hugsanlegum stofnbreytingum og reyna að átta sig á orsökum þeirra. Enn sem komið er hefur slíku samræmdu kerfi ekki verið komið á hér á landi. Ýmsir fuglastofnar, eða hlufar þeirra, eru engu að síður vaktadír af opinberum aðilum, þar á meðal Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn og Háskóla Íslands, eða áhugamönnum, svo sem innan Fuglaverndarfélags Íslands.

Ísland er mjög auðugt af fuglum. Tegundirnar eru þó ekki margar miðað við mörg önnur lönd en fuglamergróin er mikil. Stór hluti af heimsstofni margra fuglategunda verpur hérlandis. Í skýrslu sem gefin var út á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar árið 1997 og fjallar um fuglastofna á Norðurlöndum¹⁴ eru sérstaklega dregnar fram þær fuglategundir sem einstök lönd bera meiri ábyrgð á en önnur.

Í 2. viðauka á bls. 100-101 er að finna upplýsingar um áætlaða stofnstærð íslenskra varpfugla sem eru ekki á þessum válista. Þær eru bornar saman við heildarmat á stofnum viðkomandi tegunda í Evrópu og á Norðurlöndum (og er Grænland þar með friðlýst). Þótt sumar tegundanna séu ekki bundnar við Evrópu eru upplýsingar um stofnstærð mun takmarkaðri frá öðrum heimshlutum og talsvert örðugt að draga þær saman. Evrópa, og ekki síst Norðurlönd, eru enn fremur þau svæði sem íslenskir fuglastofnir eru einkum bornir saman við í skýrslum eða öðrum yfirlitsritum sem tekin eru saman á vegum opinberra aðila í tengslum við alþjóðlegt samstarf.

Stofnmat fyrir einstakar tegundir er ákaflega misjafnt að gæðum eftir löndum Evrópu. Í heildina má segja að Bretland og Holland standi best að vígi en yfirleitt eru gögn mun ónákvæmari frá hinu víðfeðma ríki Rússlandi svo dæmi sé tekið. Í örfáum tilvikum liggur ekki fyrir mat á stofnstærð tegundar í tilteknu landi, einkánlega ef tegundin er nokkuð algeng þar.

Í 2. viðauka á bls. 100-101 eru 46 fuglategundir sem ekki eru á íslenskum válista, þótt sumar séu á válistum annarra þjóða. Bróðurpartinn af evrópskum varpstofni fimm þessara tegunda (50-80%) er að finna hér á landi. Þetta eru: álka, heiðagæs, hvítmálfur, kría og spói; 30-50% af evrópskum varpstofni átta annarra tegunda að finna á Íslandi. Þetta eru: fýll, heiðlóa, langvía, lóupræll, lundi, sandlóa, sendlingur og skúmur.

Á Íslandi verpa tæplega 80% af öllum álkum í Evrópu og eru langflestar þeirra í Látrabjargi, þar verpa raunar 70% af öllum álkum í heiminum." stærðu lundabyggðirnar hér eru í Vestmannaeyjum⁶⁹ en skúmar eru algengastir á Breiðamerkursandi og Skeiðarársandi.⁷⁰ Ríflega 60% af heiðagæsum í Evrópu, og jafnframt í heiminum, verpa á Íslandi og er langstærða varp þeirra í Þjórsárverum.

Ef litið er til hlutfallslegrar stærðar íslenskra fuglastofna miðað við Norðurlönd má sjá að meira en 50% af norrænum varpstofni a.m.k. 14 tegunda er að finna hér á landi (2. viðauki).

Tegundir þessar eru: álft, álka, fýll, heiðagæs, heiðlóa, hvítmáfur, jaðrakan, kría, langvía, lóupræll, óðinshani, sandlóa, spói og skúmur; 30% til 50% af 8 tegundum til viðbótar verpa hérlandis. Þær eru: duggönd, hrossagaukur, kjói, lundí, ríta, sendlingur, stelkur og æðarfugl. Þessar upplýsingar sýna svo ekki verður um villst að Íslendingar bera ríka ábyrgð á mörgum fuglategundum öðrum en þeim sem er að finna á þessum valista.

Fyrir utan varpfugla koma nokkrar tegundir fugla hér reglulega við á ferðum sínum heimshluta á milli vor og haust. Þetta eru: blesgæs, helsingi, margæs, rauðbrystingur, sanderla og tildra. Ísland gegnir þýðingarmiklu hlutverki sem viðkomustaður þessara tegunda og sennilega skiptir nokkurra vikna dvöl þeirra hér á landi sköpum fyrir viðkomu stofnana. Tvær tegundir til viðbótar eru fargestir hér við land, þ.e. fjallkjói og ískjói. Taflan hér að neðan sýnir mat á stofnstærð þessara fargesta að kjóunum undanskildum.

3. tafla. Mat á stofnstærð nokkurra fargesta

Helsingi	<i>Branta leucopsis</i>	40.000 ⁷⁹
Blesgæs	<i>Anser albifrons</i>	33.000 ⁴¹
Margæs	<i>Branta bernicla</i>	20.000 ³¹⁷³
Rauðbrystingur	<i>Calidris canutus</i>	270.000 ⁴²
Sanderla	<i>Calidris alba</i>	8.000 ⁴²
Tildra	<i>Arenaria interpres</i>	100.000 ⁴²


Hlutfall Íslenskra fugla af norrænum eða evrópskum stofni tegunda segir ekki alltaf alla söguna. Mörgum fuglategundum er skipt niður í undirtegundir (deillitegundir) sem er að finna á takmörkuðum svæðum. Þannig hefur sumum íslenskum varpfuglum verið lýst sem sérstakri undirtegund sem hvergi er að finna nema hér á landi eða í nágrannalöndum. Sem dæmi má nefna hrafn, jaðrakan, músarindil, skógarpröst, stelk og tjald. Í hópi fargesta eru meðal annars blesgæs, margæs og rauðbrystingur.

Efni válistans og útbreiðslukort

I válistanum er fjallað um tegundirnar með samræmdum hætti. Rætt er um: (1) útbreiðslu og stofnstærð, (2) lífshætti, (3) helstu ógnir, (4) vernd og vöktun og (5) stöðu á heimsvísu. Einnig er birt ljósmynd af viðkomandi tegund og útbreiðslukort yfir varp flestra tegundanna á Íslandi. Getið er um hættuflokk og helstu forsendur fyrir því að tegundin er á válistanum. Að endingu er víðað til alþjóðasamninga sem Íslendingar hafa skrifað undir og varða viðkomandi tegund. Tegundum er raðað eftir hættuflokkum og síðan í stafrófsröð innan hvers flokks. Almennar upplýsingar um einstaka tegundir eru að mestu byggðar á nýlegum yfirlitsritum um fugla í Evrópu.^{30,31} I válistanum er víðað til tölusettra heimilda sem birtar eru í heimildaskrá á bls. 92-96.

Ljósmyndir í válistanum tóku Arnór Þórir Sigfússon (A.Þ.S.), Erling Olafsson (E.O.), Hjálmar R. Bárðarson (H.R.B.) og Páll Stefánsson (P.S.).

Válistanum fylgja útbreiðslukort af flestum þeim tegundum fugla sem fjallað er um en vegna ásóknar fuglaskoðara og eggjasafnara er kortum af útbreiðslu nokkurra tegunda sleppt. Kortin eru gerð samkvæmt 10x10 km reitaskiptingu Íslands fyrir rannsóknir á útbreiðslu plantna⁴⁷ og eru byggð á þekktum upplýsingum um útbreiðslu fuglanna í árslok 1999.



A kortunum eru tvenns konar tákn:

- táknar staðfest eða líklegt varp.*

A. táknar óreglulegt varp eða að upplýsingar um varp eru eldri en 20 ára.

* Til einföldunar er slegið hér saman 1.-3. varpstigi³³ sem notað er við kortlagningu á útbreiðslu varpfugla.

GEIRFUGL

Pinguinus impennis

Staða: Útdauður (EX)

Forsenda: Dó út 1844

Geirfuglinn varð útdauður árið 1844 en þá voru tveir síbustu fuglárnrir sem vitað er um í heim-inum drepnir í Eldey undan Reykjanesi. Aðalvarpstaður geirfugla við Ísland var á Geirfugla-skerjum, sem voru djúpt undan Eldey, en skerin hurfu í sæ við jarðhræringar árið 1830. Geir-fuglavarp er aðeins þekkt með vissu frá sunnan- og suðvestanverðu landinu.

Utbreiðsla og stofnstærð: A sögulegum tíma var íslenski varpstofninn talinn nema nokkrum hundruðum til fáeinna þúsunda para. Aðeins þrír varpstaðir eru þekktir fyrir víst: Geirfugla-sker undan Reykjanesi og síðar Eldey, eftir að skerin hurfu í sjó við eldgos árið 1830, og loks Geirfuglasker í Vestmannaeyjum. Hugsanlegt er að geirfuglar hafi orpið á Tvískerjum undan Örfæfum og á Hvalbaki austanlands.⁴⁶ Geirfugl er eina fuglategundin sem hefur orðið útdauð hér á landi og þar með í heiminum/⁴⁶71¹⁰⁸ Þegar síðustu geirfuglárnrir voru drepnir í Eldey 1844 hafði stofninn verið á niðurlæð öldum saman vegna ofveiði. Geirfuglsbein hafa fundist í gömlum öskuhaugum en einungis á svipuðum slóðum og vitað er að fuglárnrir urpu undir það síðasta, þ.e. á suðvesturhorni landsins og í Vestmannaeyjum.¹⁰⁵ Vera kann að geirfugl hafi verið útbreiddari hér við landnám.

Lífshættir: Geirfuglinn var stærstur svartfugla, um 70 cm langur og um það bil 5 kg á þyngd, mun stærri en núlifandi ættingjar hans, langvía og stuttnefja. Hann varp einu eggi og talið er að ungin hafi, 9 daga gamall, farið með foreldrum sínum á sjó um miðjan júlímánuð.^{24,105}

Helstu ógnir: Geirfuglinn var nýttur hér öldum saman. Hann var ófleygur og því auðveld bráð á varpstöðvunum. Á Nýfundnalandi smöluðu sjómenn fuglunum saman í réttir og rotuðu þá. Eftir miklu var að slægjast því hver fugl gaf um 1,5 kg af kjóti auk fitu og lýsis.

Staða á heimsvísu: A sögulegum tíma var geirfugl algengastur við Nýfundnaland þar sem fuglunum var slátrað gegndarlaust. Geirfuglar urpu einnig á eyjum við strendur Norðvestur-Evrópu fram yfir aldamótin 1800.²⁷

English summary: The Great Auk became extinct in 1844 when the last known pair in the world was captured on the island of Eldey off the southwest coast of Iceland. Some 80 stuffed Great Auks still exist, along with a rather smaller number of egg shells. One stuffed specimen of Icelandic origin, an egg and a composite skeleton is on display in the Icelandic Museum of Natural History.



Geirfugl, E: Great Auk, D: Geirfugl,
P: Riesenduk, F: Grand pingouin.
Íslendingar eignuðust uppseftan
geirfugl árið 1971 en á
Náttúrugripasafni Íslands var fyrir
eitt egg og beinagrind sem er
samsett úr beinum margra
einstaklinga. Um 80 uppstoppaðir
geirfuglar eru til í heiminum og
eittíð færri egg. Ljós.: P.S.

HAFTYRÐILL *Alle alle*

Staða: Útdauður sem varpfugl á Íslandi (EW)

Forsenda: Verpur ekki lengur á Íslandi, hætti varpi um 1995

Alþjóðlegar skuldbindingar:

V Bernarsamningur: Viðauki III

Haftyrðill er smávaxinn sjófugl af ætt svartfugla. Hann er algengur í Norðurhöfum en suður-mörk varpútbreiðslu hans hafa legið um Ísland. Fram á síðustu ár hafa nokkur þör orpið í Grímsey og áður fyrr var einnig varp á Langanesi. Haftyrðli hefur fækkað mjög og er hann nú horfinn úr tölu íslenskra varpfugla. Hann er hins vegar algengur vetrargestur hér við land.

Utbreiðsla og stofnstærð: Í upphafi 20. aldar voru talin 150-200 varppör í landinu, þar á meðal í Grímsey og á Langanesi. Varpstofninn dróst sífellt saman og frá því um 1950 var Grímsey eini þekkti varpstaðurinn.^{38,97} Þar voru 5 til 6 fuglar á níunda áratugnum,¹⁰² aðeins eitt par var eftir árið 1993 og frá 1997 hefur varpfugla ekki orðið vart.¹⁰⁴ Allt bendir því til þess að haftyrðill sé horfinn úr tölu íslenskra varpfugla. Haftyrðill er engu að síður allalgengur vetrargestur hér við land.

Lífshættir: Haftyrðlar halda tryggð við maka sinn og hreiðurstað sem er í urðum og skriðum undir síávarhömrum. Varpið á Íslandi hófst um miðjan mal, nokkru fyrr en á norðlægari slóðum. Eggjð er eitt og klekst út á 3-4 vikum. Haftyrðillinn nærast á svifdýrum sem hann safnar í hálsþoka þegar hann ber fæðu í ungann. Utan varptílmans dvelur hann að mestu við hafsröndina en hreks þó oft langa vegu undan illviðrum, [afnvel langt inn í land.

Helstu ógnir: Íslenski varpstofninn er líklega liðinn undir lok og þar með aðal hættan, sem var truflun á varpstöðvunum af mannavöldum. Haftyrðlum fækkaði stöðugt á Íslandi á 20. öld og hugsanlegt er að hlýnandi loftslag framan af öldinni hafi átt mestan þátt í þeirri fækkun, enda hefur haftyrðill hér við land ávallt verið á syðstu mörkum útbreiðslu sinnar.³⁴ Hættur fyrir þá fugla sem dvelja hér að vetrarlagi eru hverfandi nema af náttúrlegum orsökum, svo sem vegna fæðuskorts.

Vernd og vöktun: Haftyrðlar og varpstaðir þeirra voru friðaðir 1954 og gilda þau ákvæði enn.


Staða á heimsvísu: Haftyrðill er líklega algengasti sjófugl í Norður-Atlantshafi og er álitnið að í stofninum séu tugmilljónir einstaklinga. Stofninum er því engin hættu búin þótt hann verpi ekki lengur á Íslandi.

English summary: The Little Auk is one of the most abundant seabird species in the North Atlantic. At the turn of the 20th century there were an estimated 150 to 200 breeding pairs in Iceland but the breeding population has declined steadily since. Only one pair remained in 1993 and since 1997 none has been seen at the last known breeding site, on the island



Haftyrðill, E: Little Auk (Am. Dovekie), D: Sökonge, Þ: Krabbentaucher, F: Mergule nain.
Ljósm.: H.R.B.

of Grímsey, north of Iceland. According to the Icelandic bird protection act, breeding sites are still protected and should not be entered without a special permit from the Ministry for the Environment. Little Auks are regular and common winter visitors, and are most frequently seen along the north and east coasts of Iceland.



KELDUSVÍN

Rallus aquaticus

Staða: Útdauður sem varpfugl á Íslandi (EW)

Forsenda: Verpur ekki lengur á Íslandi, hætti varpi um 1970

Alþjóðlegar skuldbindingar:

V Bernarsamningur: Viðauki III

Keldusvínið er nú friðlýst útdautt sem varpfugl á Íslandi og sést það hér aðeins endrum og eins sem flækingsfugl. Það varp áður í flóum og foræðum um land allt en var algengast á Suðurlandi. friðlýst er að innflutningur minks og framræsla votlendis hafi valdið því að þessi dularfulli og fáséði fugl hvarf úr tölu íslenskra varpfugla í kringum 1970.

Útbreiðsla og stofnstærð: Keldusvínið varp hér langt fram á tuttugustu öldina en dó út sem varpfugl í kringum 1970.⁶² Keldusvín var algengast á Suðurlandi en varp þó á láglandi í öllum landshlutum. Höfuðstöðvar þess voru í Safamýri og Landeyjum en það var einnig algengt í Meðallandi og Ölfusi. Þrátt fyrir talsverða leit, hefur keldusvín ekki fundist verpanði hér síðastliðin 20-30 ár. Það er nú aðeins þekkt hér sem fremur sjaldgæfur en árviss flækingsfugl.

Lífshættir: Keldusvínið er eindreginn votlendisfugl og kann best við sig í fenjum og foræðum. Á vetuma héldu íslensku fuglárnið sig við heitar laugar, læki og kaldavermsl. friðlýst er að þeir hafi verið staðfuglar. Keldusvínið gerir sér hreiður í hávöxnum gróðri og egginn eru óvenjumörg, yfirleitt 6-10. Um varptímann lætur hátt í fuglinum, hann hrín líkt og svín og er nafnið vafalaust dregið af sérkennilegri röddinni. Varptíminn hér á landi hófst 1 lok maí og stóð fram í september enda urpu fuglárnið að öllum líkindum tvisvar á sumri. Keldusvín er dæta en fæðan er þó að mestu úr dýraríkinu, þ.e. skordýr, skeldýr og smáfiskar.

Helstu ógnir: Tvennt er friðlýsteiga stærstan þátt í útdauða keldusvínsins á Íslandi, framræsla votlendis, sem var stunduð af miklum þunga frá því fyrir 1950 og næstu áratugi, og innflutningur minks, sem breiddist hratt út um landið um líkt leyti. Minkur er nú alls staðar landlægur á fimum varpslóðum keldusvínsins og framræsla hefur gert mörg varplönd þess óbyggileg. Fyrir kemur að keldusvín drepiðt í gildrum sem lagðar eru út fyrir minka eða lendi í kjöftum hunda og katta.

Vernd og vöktun: Keldusvínið er alfriðað. Til þess að það nái hér fótfestu að nýju þarf að standa skipulega að minkaveiðum og endurheimt votlendis þar sem helst er kjörlendi fyrir keldusvín.

Staða á heimsvísu: Keldusvínið er útbreitt í Evrópu og Asíu og verpur lítils háttar í Norður-Afríku. Það er ekki talið í hættu þó fuglinum hafi fækkað nokkuð í Austur-Evrópu og víðar.¹² Samkvæmt Bernarsamningnum ber að stjórna veiðum, þar sem þær kunna að vera leyfðar, til að tryggja vernd stofnsins.

English summary: The Water Rail formerly bred in the lowlands of Iceland, being most



Keldusvört, E: Water Rail, D: Vandrikse, Þ: Wasserralle, F: Rale d'eau. Ljósni.: H.R.B.

common in the south. It is now considered a rare but annual straggler, mainly in autumn. Large-scale drainage of wetlands initiated in the 1940s led to the destruction of key habitats. At the same time feral mink was introduced into Iceland, and these two factors led to a swift and dramatic decline in Water Rail numbers. It became extinct as a breeding bird in Iceland around 1970.

BRANDÖND 

Tadorna tadorna

Staða: í bráðri hættu (CR)

Forsenda: Lítil stofn, <50 fuglar

Alþjóðlegar skuldbindingar:

V Bernarsamningur: Viðauki II

Brandöndin er stór og litfögur önd sem minnir í fljótu bragði á gæs. Hún verpur víða við strendur Evrópu og fyrsta brandandarhreidið fannst hér 1990. Íslenski stofninn er afar lítil enn sem komið er en frá árinu 1991 hefur brandöndin orpið árlega í Borgarfirði.

Utbreiðsla og stofnstærð: Hér á landi hefur brandöndin verið þekkt sem flækingsfugl allt frá lokum 19. aldar og einkum sést á veturna og vorin.⁴⁴ Hún varp í Eyjafirði árið 1990⁰¹ og aftur 1999 (eitt par). Brandöndin hóf varp í Borgarfirði árið 1991 og hefur síðan orpið og komið upp ungum þar á hverju ári.⁴³ Nokkrir tugir fugla hafa sést þar samtímis á síðustu árum. Brandendur urpu einnig á Melrakkasléttu árið 1999 og sjást nú í vaxandi mæli á líklegum varpstöðvum. Alls var vitað um fimm varppör hér á landi árið 1999.³


Lífshættir: Brandöndin heldur sig einkum við voga og árósa og fer sjaldan lengra en 1-2 km frá sjó. Fuglárnir hverfa af landi brott á haustin en ekki er vitað hvert. Varphættir brandandar hér á landi hafa lítt verið kannaðir en þau hreiður sem hafa fundist hafa verið í útihúsum og sumarbústöðum. Brandöndin verpur yfirleitt 8 eggjum sem klekjast út á einum mánuði. Ungárnir verða fleygir á 6-7 vikum og sjá bæði kynin um uppeldi þeirra. Fæðan er aðallega smávaxin skeldýr, krabbadýr og skordýr.

Helstu ógnir: Brandandarstofninn er ennþá mjög lítil og er honum einkum hætt sökum þess að fuglárnir safnast svo að segja allir saman á líti svæði í Borgarfirði. Truflun varps, ásókn safnara í egg og fugla og eyðilegging búsvæða þeirra eru helstu hættur.

Vernd og vöktun: Brandöndin er alfriðuð hér á landi. Mikilvægt er að tryggja að friðunar-ákvæðin séu virt og að fuglárnir njóti næðis á varpstöðvum og fæðustöðvum. Langmikilvægast er að leirurnar, sem eru aðalfæðusvæði brandanda, fái að haldast óbreyttar. Friðlýsa þyrfti hlufa af þeim leirusvæðum sem eru mikilvægust fyrir brandendur. Vakta ætti brandandarstofninn með skipulegum hætti árlega.

Staða á heimsvísu: Brandöndin verpur annars vegar við strendur Norðvestur-Evrópu og Miðjarðarhafs (strjál þar) og hins vegar á gresjum Evrópu og Asíu frá Svartahafi austur til Kína. Helstu fjaðrafellisstöðvar evrópsku fuglanna eru í Vaðlahafinu við norðurströnd Þýskalands. Brandöndin þarfnast friðunar í Evrópu skv. Bernarsamningnum og forðast ber að raska varpsvæðum hennar og öðrum búsvæðum.

English summary: The Shelduck has been recorded as a fairly frequent straggler in Iceland since the late 1800s. In recent years a few pairs have bred annually in the west, and sporadically in the north. The Shelduck is fully protected in Iceland.



Brandönd, E: Shelduck (Am. Sheldrake), D: Gravand, þ: Brandgans, F: Tadorne de Belon.
Ljós.: J.Ó.H.

5 varpstaðir þekktir

FJÖRUSPÓI

Numenius arquata

Staða: í bráðri hættu (CR)

Forsenda: Lítil stofn, <50 fuglar

Alþjóðlegar skuldbindingar:

V Bernarsamningur: viðauki III

Fjöruspói er öðru fremur vetrargestur hér á landi en fyrsta hreiðrið fannst árið 1987. Varpstofninn er aðeins eitt eða fáein pör en friðlýst er að 50-100 fuglar haldi sig hér á veturna. Vetrarstöðvarnar eru einkum á Suðvesturlandi og í Hornafirði en varpstöðvar á Melrakkaslétu og á Suðausturlandi.

Útbreiðsla og stofnstærð: Fjöruspói hefur verið kunnur sem vetrargestur hér á landi um langa hríð.⁴⁴ Fyrsta hreiðrið fannst 1987⁹⁶ og líklega hefur fjöruspóinn orpið hér árlega síðan. Vetrarstöðvar fjöruspóa eru á Suðvesturlandi, einkum á Rosmhvalanesi og Innnesjum, en einnig í Hornafirði. Varpstöðvar eru þekktar á Melrakkaslétu og á Suðausturlandi. Á undanföllum árum hefur vetursetufuglum fækkað á Miðnesi en fleiri fjöruspóa orðið vart í Hornafirði. Vetrarstofninn telur 50-100 fugla en aðeins fáein pör verpa í landinu.

Lífshættir: Fjöruspói verpur í mólendi í fyrri hluta maímánaðar. Egginn eru 4, útungunartíminn um 4 vikur og ungárnir verða fleygir á 5 vikum. Fjöruspói heldur sig hér í fjörum á veturna eins og nafn hans gefur til kynna. Fæðan er ýmiss konar skeldýr, krabbar og marflær.

Helstu ógnir: Varpstofn fjöruspóa er mjög lítil og því viðkvæmur fyrir eggjatöku. Eyðilegging vetrarþúsvæða vegna framkvæmda á strandsvæðum, þ.á m. landfyllingar, þrengir að afkomumöguleikum fjöruspóa.

Vernd og vöktun: Fjöruspói er alfríðaður. Engar augljósar hættur steðja að honum en sökum smæðar varpstofnsins þarf að huga að svæðisbundnum vemdaraðgerðum á helstu varp- og vetrarstöðvum. Taka þarf fullt tillit til varpstöðva fjöruspóa á Melrakkaslétu ef einhverjar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á þeim slóðum. Kanna þarf ítarlega sem fyrst stöðu og útbreiðslu bæði varp- og vetrarstofna og vakta þá með skipulegum hætti.

Staða á heimsvísu: Fjöruspói er algengur varpfugl víðs vegar um Evrópu utan Íslands og þar er tegundin ekki talin í hættu þótt fækkunar hafi orðið vart allvíða. Samkvæmt Bernarsamningnum ber að stjórna veiðum á fjöruspóa þar sem þær eru leyfðar.

English summary: The Curlew is a regular but rare winter visitor in Iceland. Since 1987 one or more pairs have nested in the northeast and southeast. The number of winter birds is currently estimated at 50-100, and regular wintering areas are found in the southwest and southeast. The species is fully protected. Numbers are low, and thus illegal egg-collecting and the destruction of winter habitat constitute possible future threats.



Fjöruspói, E: Curlew (Am. Eurasian Curlew), D: Stor regnspove, þ: Grosser Brachvogel, F: Courlis cendré. Ljósma.: J.O.H.



GRÁSPÖR

Passer domesticus

Síða: í bráðri hættu (CR)

Fersenda: Lítil stofn, <50 fuglar

Gráspörinn er einkennisfugl borga og bæja víða um heim og hefur orpið hér af og til síðastliðin 40 ár, án þess þó að verulega hafi fjölgað í stofninum eða hann breiðst út. Nokkur þör hafa orpið samfelld í Örfæsasveit síðan 1985.

Útbreiðsla og stofnstærð: Gráspörinn hefur flækst hingað til lands öðru hverju, sennilega bæði af eigin rammeik og með skipum.⁴⁴ Hann sást hér fyrst árið 1959 en þá varp eitt par í Reykjavík. Fuglunum var eytt og hið sama gerðist árið 1961 í Vestmannaeyjum. Í báðum tilfellum var fuglunum eytt að kröfu yfirvalda og samkvæmt ábendingu Fuglafríðunarnefndar sem taldi að gráspörvum gæti fjölgað og þeir orðið hvítleiðir eins og sums staðar erlendis. Árið 1971 urpu gráspörvar á Borgarfirði eystri og fengu þá mun hlýrri móttökur en fyrstu landnemarnir. Lítil stofn (3-5 þör) myndaðist í kjölfarið og varp á Borgarfirði til 1980, en þá drap útileguköttur flesta fuglana, sem jafnan leituðu skjóls í fóðurbætisgeymslu yfir vetrarmánuðina. Árið 1985 hreiðruðu gráspörvar um sig á Hofi í Örfæsum og þar verpa nú 5-7 þör.⁴³ Þessir fuglar halda sig eingöngu á Hofi og þeirra hefur ekki orðið vart á öðrum bæjum í sveitinni.

Lífshættir: Gráspörinn verpur eingöngu við mannabústaði í holum og glufum á byggingum. Hann er staðfugl hér á landi. Varpið hefst um miðjan maí en gráspörinn verpur tvisvar eða jafnvel þrisvar á sumri og stendur varptíminn þá fram í ágúst. Egginn eru 6-8 talsins og ungast út á 10-12 dögum. Ungarnir verða fleygir á innan við tveimur vikum. Gráspörinn er fyrst og fremst frææta en tekur einnig skordýr.

Helstu ógnir: Hinn litli varpstofn í Örfæsasveit er berskjaldaður fyrir truflun og óhöppum og lítið má út af bera eins og landnámsgaga gráspörva á öðrum stöðum hér á landi sýnir. Gráspörvum er hættu búin þar sem þeir verpa í byggingum og auðvelt er að úthýsa þeim. Auk þess geta fuglarnir lent í kjöftum hunda og katta.

Vernð og vöktun: Gráspörvar eru alfríðaðir hér á landi. Vernð þeirra er að miklu leyti komin undir jákvæðu viðhorfi heimafélks þar sem þeir verpa. Lagt er til að gert verði samkomulag um vernð fuglanna við þá sem hlut eiga að máli.


Staða á heimsvísu: Gráspörinn er afar útbreiddur varpfugl um heim allan og hefur aðlagast vel sambúðinni við manninn. Upphafleg heimkynni hans voru í Evrópu og Asíu en menn hafa flutt hann í aðrar álfur og nú verpur hann til dæmis víða í Norður-Ameríku. Hann er helst að finna í borgum og bæjum en er einnig algengur við bóndabæi einkum þar sem mikið fellur til af kornmat.

English summary: The House Sparrow has bred sporadically at several locations in Iceland since 1959, but is otherwise a rare straggler. The first breeding records are from Reykjavík



Gráspör, E: House Sparrow, D: Gráspurv, Þ: Haussperling, F: Moineau domestique. Ljósni.: J.Ó.H.

and Vestmannaeyjar, in 1959 and 1961 respectively - odd pairs which were deliberately destroyed. A few pairs bred in Borgarfjörður in the east in 1971-1980, and since 1985 a few pairs have bred in Örnefi in the south.



SKUTULÖND *Aythya ferina*

Staða: Í bráðri hættu (CR)

Forsenda: Lífill stofn, <50 fuglar

Alþjóðlegar skuldbindingar:

V Bernarsamningur: viðauki III

Skutulendur flækjast hingað til lands á hverju ári og sjást aðallega við Mývatn. Fyrsta hreiðrið fannst þar árið 1954 og síðan hafa fáein pör orpið öðru hverju við vatnið.

Útbreiðsla og stofnstærð: Hér á landi er skutulöndin fyrst og fremst árviss flækingsfugl en hefur orpið öðru hverju við Mývatn allt frá 1954.³⁹ Þar hefur henni þó ekki fjölgað á þessum tíma og flest ár sést þar aðeins eitt par eða stakir fuglar. Skutulendur hafa sést víðar á landinu á varptíma en undantekningarlaust hafa það verið stakir steggir^{43,44} og ekkert bendir til þess að skutulendur verpi hér utan Mývatns.

Lífshættir: Varpkjörlendi skutulandar erlendis er fyrst og fremst við grunn lífrík vötn en hún verpur einnig við lygnar ár. Hún er farfugl hér á landi og verpur 7-13 eggjum í maí og tekur útungun þeirra um 4 vikur. Lífið er vítað um fæðu skutulandar hér á landi.

Helstu ógnir: Varp skutulanda á Íslandi grundvallast fyrst og fremst á lífríki Mývatns. Varpstofninn getur því verið viðkvæmur fyrir framkvæmdum á því svæði. Skutulendur sjást enn fremur hér og þar á landinu utan varptíma og eru tjámir og vötn kjörsvæði þeirra.

Vernð og vöktun: Skutulöndin hefur verið alfriðuð síðan 1954 og er fylgst reglulega með henni á Mývatni. Um verndun Mývatns og Laxár gilda sérstök lög nr. 36/1974 og ætti framkvæmd þeirra að tryggja áframhaldandi tilvist skutulandar þar.

Staða á heimsvísu: Skutulendur verpa í Evrópu og allt austur á gresjur mið-Asíu. Þær hafa breiðst út í Norður-Evrópu frá miðri 19. öld, líkt og tvær aðrar tegundir sem verpa á svipuðum slóðum, gargönd og skúfönd. Vetrarheimkynni evrópsku fuglanna eru í Suður- og Vestur-Evrópu, Afríku og Suður-Asíu. Þær eru ekki taldar vera í hættu í Evrópu en samkvæmt Bernarsamningnum ber að stjórna veiðum, þar sem þær eru leyfðar, til þess að tryggja vernd stofnsins.

English summary: The Pochard has been recorded almost annually for decades at Lake Mývatn (northern Iceland) and has bred there at least sporadically since 1954. Otherwise it is an annual straggler in Iceland and fully protected.



Skutulönd, E: Pochard, D: Taffeland, Þ: Tafelente, F: Fuligule milouin. Ljósm.: J.Ó.H.



SNÆUGLA *Nyctea scandiaca*

Staða: í bráðri hættu (CR)

Forsenda: Lítil stofn, <50 fuglar

Alþjóðlegar skuldbindingar:

V Bernarsamningur: Viðauki II

V Búsvæðavernd (Ályktun nr. 6/1998)

V CITES-listi

Á Íslandi er snæuglan fyrst og fremst árviss gestur og sést hér reglulega á hálendinu. Hún hefur einnig orpið hér a.m.k. öðru hverju. Fyrsta hreiðrið fannst í Odáðahrauni árið 1932 en síðan 1956 hafa einungis fundist hér tvö eða þrjú hreiður, síðast á Vestfjörðum sumarið 1998.

Utbreiðsla og stofnstærð: Snæuglur hafa sést á Íslandi svo lengi sem heimildir greina frá⁴⁴ og líklega hafa þær orpið hér fyrr á öldum. Fyrsta hreiðrið fannst þó ekki fyrr en árið 1932 í Odáðahrauni.⁵⁶ Þar fundust hreiður öðru hverju fram til 1956⁴⁰ en eftir það er aðeins vitað um tvö eða þrjú hreiður á landinu,⁴⁴ síðast sumarið 1998 á Vestfjörðum. Árlega sjást hér allt að 10-20 snæuglur, oftast stakar.⁴³ Á sumrin sjást þær einkum inn til landsins, aðallega á hálendinu, en á láglendi og við sjávarsíðuna á veturna.

Lífshættir: Snæuglan heldur sig bæði á hálendi og láglendi en hreiður sem hér hafa fundist hafa nær öll verið á hálendinu. Hún verpur í hraunum, á lágum ásum eða í klapparholtum þar sem vel sést til allra átta. Eggin eru 1-5 og hefst varpið um og eftir miðjan maí. Helsta fæða snæuglu á Íslandi er fuglar, aðallega rjúpur, en einnig endur og gæsir, og svo mýs.

Helstu ógnir: Truflun við þau fáu hreiður sem hér eru og skotveiðar eru líklega helstu hættur sem steðja að snæuglum. Snæuglur hafa verið skotnar til uppstoppunar þrátt fyrir friðun. Þær eru afar styggir fuglar og varpstöðvar þeirra hafa til skamms tíma verið úr alfaraleið.

Vernd og vöktun: Snæuglur hafa verið alfriðaðar hér allt frá 1913. Einnig er óheimilt að fara nær hreiðri snæuglu en 500 m nema með sérstöku leyfi umhverfisráðherra. Veiðar eru að sjálfsögðu ólöglegar og jafnvel þótt fugl finnst dauður er óheimilt að stoppa hann upp en skylt að skila honum til Náttúrufræðistofnunar Íslands. Snæuglur sem sjást í landinu eru skráðar og þannig fylgst með fjölda þeirra og hvar þær halda sig.

Staða á heimsvísu: Snæuglan er heimskaufugl sem finnst víðast hvar í nyrstu löndum heims. Staðhættir í nyrstu óbyggðum veita henni nokkra vernd en snæuglustofnar breytast engu að síður afar mikið milli ára. Þetta stafar af náttúrulegum sveiflum í fæðuframboði en lítil nagdýr eru helsta fæða snæuglu. Tegundin þarfnast friðunar í Evrópu skv. Bernarsamningnum og skal leggja sérstaka áherslu á að vernda búsvæði hennar.



Snæugla, E: Snowy Owl, D: Sneugle, P: Schnee-Eule, F: Harfang des neiges. Ljósma.: A.p.S.

English summary: The Snowy Owl is an irregular breeder in Iceland but up to ten to twenty birds are reported each year. The first nest was discovered in 1932, but only two or three nests have been reported since 1956, most recently in 1998. The Snowy Owl is strictly protected in Iceland. Birds, eggs and nests may not be approached even for photography except with permission from the Ministry for the Environment. Any dead birds found must be handed over to the Icelandic Institute of Natural History.



5-6 varpstaðir þekktir

STRANDTITTLINGUR

Anthus petrosus

Staða: í bráðri hættu (CR)

Farsenda: Lítil stofn, <50 fuglar

Alþjóðlegar skuldbindingar:

V Bernarsamningur: viðauki II

Strandtittlingur er lítil spörfugl og nauðalíkur þúfuttittlingi, sem er einn algengasti mófuglinn hér á landi. Strandtittlingar hafa orpið í Ingólfshöfða öðru hverju síðan 1987 en hafa ekki náð öruggri fóttfestu.

Utbreiðsla og stofnstærð: Hér á landi er strandtittlingurinn fremur sjaldgæfur flækingsfugl^{43,44} en hann hefur einnig orpið hér öðru hverju. Arið 1984 sást fugl með æli í Vestmannaeyjum og hefur hann að öllum líkindum verið að fódra unga. Í Ingólfshöfða urpu eitt eða tvö pör 1987-1992 og aftur 1998.³³

Lífshættir: Strandtittlingur hreiðrar gjarnan um sig í klettasprungum og í Ingólfshöfða varp hann niðri í bjarginu. hreiður hefur aldrei fundist en fullorðnir fuglar hafa sést með nýfleyga unga. Strandtittlingur virðist vera staðfugl hér á landi, líkt og í Færeyjum og Skotlandi. Varptíminn í Ingólfshöfða hefst snemma eða upp úr miðjum maí og ungar eru orðnir fleygir um miðjan júní. Ekki er mikið vitað um fæðu strandtittlings en leifar af skordýrum og fræjum hafa fundist í maga dauðra fugla.

Helstu ógnir: Rándýr, eins og minkar, hrafnar og skúmar, geta reynst faliðuðum stofni skeinu-hætt. Þar eð varpstaður strandtittlings er aðeins einn og varpstofninn lítil gæti eggjataka riðið stofninum að fullu.


Vernd og vöktun: Strandtittlingur er friðaður og Ingólfshöfði, sem er eini þekkti varpstaður hans á síðari árum, er ennfremur friðlýstur. Fylgst hefur verið með varpinu þar nokkuð reglulega en hefja þarf skipulega vöktun sem hluta af almennri vöktun sjaldgæfra dýra og plantna í landinu.

Staða á heimsvísu: Strandtittlingurinn er varpfugl í Norður-Evrópu frá Frakklandi, Færeyjum og Bretlandseyjum, um Noreg og Svíþjóð að Kólaskaga. Varpkjörlendi hans er fyrst og fremst við ströndina, meðal annars í þéttbýli. Samkvæmt Bernarsamningnum þarfnast strandtittlingur friðunar í Evrópu.

English summary: The Rock Pipit is a rare straggler in Iceland. It has bred at two sites in the south: Vestmannaeyjar (1 pair in 1984) and Ingólfshöfði (1 or 2 pairs in 1987-1992 and again in 1998).



Strandtittlingur, E: Rock Pipit, D: Skærpiiper, P: Strandpieper, F: Pipit maritime. Ljósma.: E.Ó.



HAFÖRN

Haliaeetus albicilla

Staða: í hættu (EN)

Forsenda: Lítil stofn, <250 fuglar

Alþjóðlegar skuldbindingar:

V Bernarsamningur: viðauki II


V Búsvæðavernd (Ályktun nr. 6/1998)

V CITES-listi

Fram undir aldamótin 1900 urpu ernir um land allt en þeim var næstum útrýmt á fyrri hluta 20. aldar með skotum og eitri. Ernir verpa nú aðeins á Vesturlandi og eru afar fálíðaðir, eða 43 pör. Innan við helmingur paranna kemur upp ungum árlega og eiga ernir undir högg að sækja vegna ógætilegrar umgengni á varpslóðum. Íslenski arnarstofninn hefur lítið breyst síðan 1985 á sama tíma og öllum fjölgar víðast hvar í Norður-Evrópu vegna verndaraðgerða.

Utbreiðsla og stofnstærð: Örninn varp strjált um land allt á 19. öld en var algengastur á Vesturlandi.¹ Í kjölfar drápsherferðar og útburðar eiturs fyrir refi uppúr 1880 fækkaði öllum mikið.^{36,59} Nú er varpútbreiðslan bundin við norðanverðan Faxaflóa, Breiðafjörð og Vestfirði. Flestir arnarvarpstæðirnir voru skammt frá sjó en stöku pör urpu inn til landsins, svo sem við Sog, Mývatn og í Veiðivötnum. Stofnstærðin er nú 43 pör en um 1880 kunna að hafa orpið hér allt að 150 pör. Um miðja 20. öld hafði öllum fækkað niður fyrir 20 pör en í kjölfar verndarráðstafana fjölgaði þeim eilítið frá 1970 og fram til 1986 en stofninn hefur lítið breyst síðan.⁶⁰

Lífshættir: Kjörlandi arnarins er strendur og grunnsævi en einnig ár og vötn. Ernir breyttu um búsetuhætti um miðja 20. öldina í kjölfar þess að hætt var að ofsækja þá og eyjar fóru í eyði.⁵⁹ Áður fyrr urpu þeir oftast í ókleifum hömrum en nú verpa þeir yfirleitt í hólum og nesjum. Þeir hefja hreiðurgerð í lok mars og verpa 2-3 eggjum í apríl. Egginn klekjast eftir 5 vikur, oftast um mánaðamót maí-júní. Ungar verða fleygir um miðjan ágúst, eða eftir 10-12 vikur. Fæða arnarins er fuglar og fiskar sem teknir eru á grunnsævi en einnig hrae og sfundum



Íslenski arnarstofninn
1880-2000. — The
Icelandic White-tailed
Eagle population
1880-2000
(estimated number of
breeding pairs).



Haförn, E: White-tailed Eagle, D: Havörn, Þ: Seeadler, F: Pygargue á queue blanche. Ljósma.: J.Ó.H.

selkópar, yrðlingar, lömb og minkar. Á sumrin virðist örninn lifa mest á fýl og æðarfugli, en einnig talsvert á hrognkelsi, máfum og lundum. Fullorðnir ernir halda tryggð við varpstaðinn allt árið en ungfuglar flakka um landið. Örninn er staðfugl og sést fyrst og fremst vestanlands á vetrum. Stöku fuglar sjást þó í öllum landshlutum flest árin.

Helstu ógnir: Ernir eru truflaðir á varpstöðvum, hreiður þeirra jafnvel eyðilögð og fyrir kemur að fuglar eru skotnir. Eggjasafnara sækja nokkuð í amaregg og fyrirtæki í ferðaþjónustu hafa gert út á ferðir að amarhreiðrum.

Gömul

eyðilögð með því að leggja vegi of nærri þeim. Bændur fara iðulega nærri amarhreiðrum vegna hlunnindanýtingar.



Vernd og vöktun: Örninn var ofsóttur fram á 20. öld en hefur verið alfriðaður frá 1913 og urðu Íslendingar fyrstir þjóða til að friða hann. Eitrun fyrir refi var bönnuð 1964 en fram að því drápu margir ernir af því að éta eitruð hræ. Oheimilt er að stoppa upp örn sem finnst dauður og ber að skila honum til Náttúrufræðistofnunar Íslands. Bannað er að koma nær arnarheiðum en 500 m án sérstaks leyfis umhverfisráðherra. Ernir eru taldir árlega og fylgst með varpi og fjölda uppkominna unga. nauðsynlegt er að tryggja að friðunarákvæði séu virt og uppræta ólöglega umgengni við arnarheiður. Eitruð hræ eru talin helsta ástæða þess að öllum fækkaði fyrrum og er lagt til að eitrun á víðavangi verði alls ekki leyfð, hvorki til að vernda æðarvarp né til fækkunar dýra í öðrum tilgangi.

Staða á heimsvísu: Örninn var áður útbreiddur varpfugl í Evrópu og Asíu og verpur einnig á Vestur-Grænlandi. Öllum fækkaði víða á 19. öld vegna ofsókna en hafa rétt verulega úr kútnum í Norður-Evrópu. Örninn er sjaldgæfur fugl í Evrópu og nýtur víðast hvar strangrar verndar. Á nokkrum svæðum þar sem öllum var útrýmt er verið að koma upp nýjum stofni með því að sleppa þar aðfluttum ungum öllum. Samkvæmt Bernarsamningnum ber að friða erni og leggja áherslu á að vernda búsvæði þeirra með friðun svæða eða öðrum slíkum aðgerðum.

English summary: The White-tailed Eagle is now rare in Iceland, with only 43 breeding pairs restricted to the western part of the country. On average, less than half of the pairs nest successfully each year. Formerly the Eagle bred throughout Iceland and was much more abundant (150+ pairs). The decline is a result of systematic persecution at the turn of the 20th century, as well as accidental poisoning from fox baits. Despite full legal protection since 1913, eagles are still being persecuted and their nests destroyed.

Haförnum hefur litib fjölgað á Íslandi þrátt fyrir stranga friðun í næstum 90 ár. Ljósrm.: J.Ó.H.



HELSINGI

Branta leucopsis

Staða: Í hættu (EN)

Forsenda: Lítil stöfn, <250 fuglar

Alþjóðlegar skuldbindingar:

V Bernarsamningur: viðauki II

V Búsvæðavæðing (Ályktun nr. 6/1998)

Helsinginn fer hér um í hópum á leið sinni milli varpstöðva á Norðaustur-Grænlandi og vetrarstöðva í Skotlandi. Frá 1988 hafa fáein helsingjapör orpið í Skaffafellssýslum en áður urpu helsingjar í Breiðafjarðareyjum. Íslenski stofninn telur 80-90 fugla sem njóta sérstakrar verndar í upphafi veiðitímans.

Utbreitsla og stofnstærð: Helsingjar eru hér algengir fargestir vor og haust og verpa þeir á Norðaustur-Grænlandi. Stofninn er talinn vera 40.000-45.000 fuglar.⁷⁹ Helsingjar fundust hér fyrst verpandi í breiðafjarðareyjum árið 1964 og þar urpu nokkur pör allt til 1987. Það ár hurfu þau en árið eftir fundust þrjú pör á Susausturlandi.²¹ Árið 1994 voru þrjú til fimm pör talin verpa þar og fimm pör vorið 1999. Sama ár fannst nýtt helsingjavarp (þrjú pör) á Suðurlandi og má ætla að stofninn hafi verið 80-90 fuglar síðsumars 1999.

Lífshættir: Íslenskir helsingjar hafa aðallega orpið í árhólum en á Grænlandi verpur helsinginn einkum í þverhníptum björgum. Merkingar sýna að vetrarstöðvar helsingja sem verpa á Islandi og Grænlandi eru á Íslandi við Skotlandsstrendur.⁷⁶ Varp hefst yfirleitt fyrri hluta maímánaðar og eru eggin 4-5 talsins. Ungar skríða úr hreiðrum fyrri hluta júní og verða fleygir í byrjun ágúst. Helsinginn er jurtaæta eins og aðrar gæsir.

Helstu ógnir: Helsingjar verpa aðeins á tveimur stöðum á landinu og á öðrum staðnum er talsverð hætt á truflun og ásókn eggjasafnara. Helsingjar gætu einnig átt undir högg að sækja vegna afráns refa og hugsanlega minka. Þar eð leyft er að veiða helsingja sem eru hér algengir fargestir er hætt á að þeir fáu varpfuglar sem eru hér verði skotnir.

Vernd og vöktun: Helsingja má veiða frá 1. september til 15. mars og beinast þær veiðar fyrst og fremst að grænlandsku fargestunum sem koma hingað reglulega á haustin. Árlega eru veiddir hér 1600-2600 helsingjar.⁷⁴ Í Skaffafellssýslum má þó ekki hefja veiðar fyrr en 25. september. Miðast tímasetningin við það hvenær fargestirnir koma til landsins en eftir að þeir koma eru minni líkur á því að íslenskir varpfuglar verði fyrir skoti. Vernda ætti varpstöðvar helsingja á svipaðan hátt og varpstöðvar arna, fálka og fleiri tegunda sem eiga undir högg að sækja. Fylgst er með varpstofninum en efla þyrfti vöktunina til að tryggja að friðunaraðgerðirnar nái tilgangi sínum.

Staða á heimsvísu: Helsingjar sem koma hér við á ferðum sínum verpa aðallega í þjóðgarðinum á Norðaustur-Grænlandi. Talið er að mestur hluti þess stofns komi hér við, en helsingjar verpa einnig í Rússlandi og á Svalbarða. Hvergi er leyft að veiða helsingja nema



Helsingir, E: Barnacle Goose, D: Bramgás, þ: Nonnengans, F: Bernache nonnette. Ljósni.: H.R.B.

hér á landi en þrátt fyrir veiðarnar hefur stofninn vaxið á undanförmum árum. Samkvæmt Bernarsamningnum þarfnast helsingir friðunar í Evrópu og ber að leggja sérstaka áherslu á að vernda búsvæði hans.

English summary: The Barnacle Goose has bred in Iceland in very small numbers since 1964. In late summer 1999 the total population was estimated at 80-90 individuals, including 8 breeding pairs. The species is also a common passage migrant from northeastern Greenland. Hunting is permitted from 1 September to 15 March except in Vestur- and Austur-Skaftafellssýsla where there is an open season from 25 September to 15 March. The most immediate dangers to the breeding population are from disturbance at the breeding grounds (both from man and from predatory wild animals like the Arctic Fox).



2 varpstaðir eru nú þekktir

HÚSÖND

Bucephala islandica

Staða: í hættu (EN)

Forsenda: Lítil stöfn, takmörkuð útbreiðsla, samfelld fækkun, <2500 fuglar

Alþjóðlegar skuldbindingar:

V Bernarsamningur: Viðauki II


V Búsvæðavemd (Ályktun nr. 6/1998)

Húsöndin er amerísk að uppruna og verpur hér aðallega á vatnasviði Mývatns. Hún er staðfugl að mestu leyti og er ein fárra fuglategunda sem halda sig á fersku vatni árið um kring. Nafn sitt fær húsöndin af þeim sið að verpa í húsum en hún verpur einnig í gjótum og glufum. Varpstofninn er lítill og telur 500-600 fullorðnar kollur.


Utbreiðsla og stofnstærð: Varpstöðvar húsandar hér á landi eru þær einu í Evrópu. Höfuðstöðvar hennar hér eru við Mývatn og Laxá í S-Þingeyjarsýslu.⁵ Lítils háttar varp er í Bórðardal og áður fyrir urpu húsændur við Sogið og gera stundum enn. Þá er vítað um varp í Vesturhópi í Húnaþingi (1996), í Kelduhverfi (á fyrri hluta 20. aldar) og hugsanlega víðar. Húsöndum hefur fækkað jafnt og þétt í Mývatnssveit síðan talningar hófust þar um 1960. Mesta fækkun varð 1989 (yfir 40%). Stofnstærð veturinn 1999-2000 var 1633 einstaklingar og þar af voru 765 fullorðnir steggir og 546 fullorðnar kollur.⁷⁷

Lífshættir: Húsönd parar sig síðla vetrar, þörin eru heimarík og verja varpsvæði sín af hörku. Hreiður eru í gjótum, holum og hreiðurkössum. Eggjin eru 6-10 en kollurnar verpa iðulega í hreiður annarra húsanda þannig að fundist hafa tugir eggja í sama hreiðri. Húsöndin verpur frá seinni hluta maí og fram í byrjun júní og ungárnir verða fleygir á 6-7 vikum. Fæðan er aðallega botndýr, einkum bitmý og lifur þess.¹⁵ Húsöndin er staðfugl hér á landi en hluti stofnsins dvelur á lindasvæðum sunnanlands á vetrum, frá Sogi austur í Landbrot og Meðalland. Húsændur sjást afar sjaldan á sjó.⁵

Helstu ógnir: Nánast allur húsandarstofninn byggir afkomu sína á Mývatni og Laxá og því veitur framtíð hans á verndun þessa vatnakerfis, sem er friðað.¹⁸ Stýrr hefur staðið um Kísil-iðjuna og áhrif hennar á lífríki vatnsins. Rannsóknir benda til þess að varasamt sé að sleppa



Islenski húsandarstofninn 1960-2000, (fjöldi steggja). — The number of Barrow's Goldeneye in Iceland 1960-2000, (adult males in spring).⁷⁷




Húsönd, E: Barrow's Goldeneye, D: Islandsk hvinand, Þ: Spatelente, F: Garrot d'Islande. Ljós.: J.Ó.H.

laxi í ofanverða Laxá vegna hugsanlegrar samkeppni laxaseiða og húsandarunga um fæðu.¹⁰ Húsendur eru stundum skotnar ólöglega og þær drepast í silungsnetum.

Vernd og vöktun: Húsöndin hefur verið alfriðuð frá 1954 en heimilt er að nýta egg til matar í Mývatnssveit svo fremi að minnst 4 egg séu skilin eftir í hverju hreiðri. Stofninn er talinn á hverju ári á Laxá og Mývatni og hafa þær rannsóknir sýnt stöðuga fækkun um árabil. Nauðsynlegt er að finna skýringar á þessari miklu fækkun. Íslendingar bera sérstaka ábyrgð á tilvist húsandarstofnsins, sem er sá eini sinnar tegundar í Evrópu.⁸

Staða á heimsvísu: Húsöndin verpur í vestanverðri Norður-Ameríku, frá Oregon norður til Alaska, og einnig að austanverðu í Quebec. Húsöndin er sjaldgæf og nýtur því sérstakrar verndar í varpheimkynnum vestanhafs. Samkvæmt Bernarsamningnum ber að friða húsönd í Evrópu og leggja sérstaka áherslu á að vernda búsvæði hennar.

English summary: The Barrow's Goldeneye is a highly localised breeder in Iceland, with 90% of the breeding stock at Lake Mývatn and its outlet river, Laxá. The population has been declining steadily since the late 1960s. The population was 1633 birds in winter 1999-2000, including 765 adult drakes and 546 adult ducks. Potential threats to the Barrow's Goldeneye include sediment dredging at Mývatn since the late 1960s.



SKEIÐÖND

Anas clypeata

Staða: í hættu (EN)

Forsenda: Lítil stöfn, <250 fuglar

Alþjóðlegar skuldbindingar:

V Bernarsamningur: viðauki III

V CITES-listi

Skeiðöndin er auðþekkt á sérkennilegu, breiðu nefi. Hún virðist hafa numið hér land um 1930 og er afar strjáll varpfugl í lífríku votlendi, einkum á Norðurlandi. Skeiðöndin er mjög sjaldgæf og telur varpstofninn aðeins fáeina tugi para. Skeiðandarstofninn hefur staðið í stað eða jafnvel dregið saman á undanförunum áratugum.

Útbreiðsla og stofnstærð: Skeiðendur námu hér land á fyrstu áratugum 20. aldar og hafa orpið samfellt síðan um 1930.³⁴ Á síðustu árum virðast Skeiðendur aðeins hafa verið árvissir varpfuglar í Suður-Þingeyjarsýslu en nokkur pör verpa við Mývatn⁹ og í Aðaldal.⁴³ Um 1950 urpu þær við Arnanes í Kelduhverfi en eru nú sjaldséðar á þeim slóðum. Skeiðendur verpa einnig öðru hverju við Djúpavog, síðast 1995, og hugsanlega á Út-Héraði. Nokkrir varpstaðir eru kunnir í Borgarfirði, á Mýrum, Snæfellsnesi og í Skagafirði. Skeiðendur hafa auk þess sést allvíða á varptíma á andrúku votlendissvæðum.⁴³ Þær eru árvissar á vorin á Innnesjum. Íslenski skeiðandarstofninn telur vart meira en fáeina tugi para.


Lifshættir: Kjörlandi skeiðanda eru grunn, lífrík vötn og tjárir en einnig flæðilönd. Varphættir hafa lítið verið kannaðir hér á landi en skeiðöndin verpur 8-10 eggjum frá seinni hluta maí og fram eftir júní. Fæðan er margvísleg smádyr og fræ. Íslenskar Skeiðendur eru farfuglar og eru vetrarstöðvar þeirra væntanlega á Bretlandseyjum. Þær koma upp úr miðjum apríl og fara í október.

Helstu ágnir: Varpstofninn er fálíðaður og þekktir varpstaðir fáir. Skeiðendur eru votlendisfuglar og getur skerðing slíkra búsvæða stofnað tilvist tegundarinnar í hættu. Sum eldri varpsvæði þeirra hafa þegar verið skert með framræslu.

Vernd og vöktun: skeiðöndin hefur verið friðuð frá 1954 en fram að því var heimilt að veiða hana utan varptíma. Þótt nýta megi egg sumra andategunda er taka skeiðandareggja óheimil. Allar athuganir á skeiðöndum eru skráðar skipulega og gefnar út í skýrslum um sjaldgæfa fugla. Skipuleg könnun þekktra varpstöðva er aðkallandi og í framhaldi af því þarf að meta hvort ástæða sé til að friða tiltekin varpsvæði.


Staða á heimsvísu: Skeiðendur eru útbreiddir varpfuglar í Evrópu, Asíu og Norður-Ameríku og ekki taldar í sérstakri hættu í Evrópu. Þó ber að stjórna veiðum, séu þær leyfðar, til þess að tryggja varðveislu stofnsins samkvæmt Bernarsamningnum.

English summary: The Shoveler is very rare in Iceland, breeding at a few sites mainly in the



Skeiðönd, E: Shoveler (Am. Northern Shoveler), D: Skeand, Þ: Löffelente, F: Canard souchet.
Ljósm.: J.Ó.H.

north. Odd pairs or individual birds have been observed in eutrophic wetlands in most regions of Iceland during the breeding season. A few dozen pairs may breed annually. The Shoveler is fully protected in Iceland.



ÞÓRSHANI

Phalaropus fulicarius

Staða: í hættu (EN)

Forsenda: Lítil stöfn, hefur fækkað, <250 fuglar

Alþjóðlegar skuldbindingar:

\ Bernarsamningur: viðauki II

V Búsvæðavernd (Ályktun nr. 6/1998)

Þórshani er hánorrænn fugl sem verpur við ströndina, einkum sunnanlands og vestan. Hann dvelur hér aðeins í nokkrar vikur á sumrin en er þess utan á sjó langt suður í höfum. Ólíkt flestum fuglategundum er það karlfuglinn sem sér um útungun og uppeldi unganna. Íslenski stofninn er einungis um 30 þör og hefur orðið fækkun í honum af ókunnum ástæðum.

Utbreiðsla og stofnstærð: Ísland er á suðurjaðri varpútbreiðslu þórshana. Hann hefur orpið í flestum landshlutum en er afar sjaldgæfur og heldur sig nær eingöngu við sjávarsíðuna. Þórshani hefur verið strjáll varpfugl hér á landi allt frá því er menn urðu hans fyrst varir hér snemma á 19. öld. Hann virðist hafa verið einna algengastur á árunum 1900-1920. Alls eru þekktir hér yfir 30 varpstaðir, gamlir og nýir.⁹⁶ Sumarið 1987 voru allir þekktir varpstaðir þórshana heimsóttir og fundust þá yfir 70 fuglar á 11 stöðum. Karlfuglar voru í meirihluta, eða rúmlega 40 talsins, og því gætu fjölskyldurnar hafa verið 40-50.⁵⁸ Var það nokkru minna en búist var við og margir þekktir varpstaðir reyndust komnir í eyði. Sumarið 1997 fundust enn færri fuglar á þeim stöðum þar sem þórshana sáuð 1987 eða 44 fuglar á 5 stöðum.⁵⁰ Meirihluti þeirra (24) voru karlfuglar líkt og 1987. Því er stofninn nú talinn innan við 30 þör. Þórshönum virðist hafa fækkað alls staðar nema á Susausturlandi en þar verpa 2/3 hlutar stofnsins á einum og sama staðnum.

Lífshættir: Varpkjörlandi þórshana er aðallega rétt fyrir ofan fjörukamba, oft þar sem þarabruk safnast fyrir. Þórshani verpur einnig á sendnu landi við tjárir og læki, stundum nokkra kílómetra frá sjó. Hann verpur 4 eggjum í júnímánuði og verða ungárnir fleygir á 3 vikum. Félagskerfi þórshana og óðinshana er óvenjulegt; kvenfuglarnir leggja oft lag sitt við fleiri en einn karlfugl og er slíkt kallað fjölveri. Þær verpa því stundum tvisvar⁹⁵ og sér karlfuglinn um útungun eggja og uppeldi unga. Fæðan á varpstöðvum er ýmis fjöruðýr og skordýr, en sennilega mest svíflæg krabbadýr á öðrum tímum árs. Þórshani er farfugl sem kemur fugla síðastur, eða frá lokum maí og fram í byrjun júní. Kvenfuglarnir hverfa af landi brott um miðjan júlí og í byrjun ágúst eru flestir fuglarnir fárnir. Vetrarheimkynni íslenskra þórshana eru óþekkt en eru sennilega á hafsvæðum í heittempruðum hlutum heimsins.

Helstu ógnir: Þórshana hafa sums staðar yfirgefið varpstöðvar vegna truflunar og eins hefur búsvæðum þeirra verið raskað með framkvæmdum. Áður fyrr sóttust eggjasafnarar mjög effir íslenskum þórshanaeggjum og er sú hætta enn fyrir hendi.

Vernd og vöktun: Þórshani er alfríðaður og sumir varpstaðir hans njóta sérstakrar verndar. nauðsynlegt er að fylgjast betur með þórshanastofninum en gert hefur verið, grafast fyrir um



Þórshani, E: Grey Phalarope (Red Phalarope), D: Thorshane, Þ: Thorshúnnchen, F: Phalarope á bec large. Ljós.: J.O.H.

orsakir fækkunar og reyna að sporna gegn þeirri þróun ef hægt er. Huga ætli að frekari friðlýsingu varpstaða.

Staða á heimsvísu: Þórshaninn verpur í nyrstu löndum heims; á Grænlandi, Svalbarða, í Rússlandi, Alaska og Kanada. Í Evrópu verpa þórshana aðeins á Íslandi og Svalbarða og skv. Bernarsamningnum ber að friða þá og vernda búsvæði þeirra sérstaklega.

English summary: The Grey Phalarope is a very rare breeder in Iceland, with an estimated population of less than 30 pairs in 1997, compared with 40-50 pairs in 1987. It has bred in 10-30 or more localities in most parts of the country, but is currently found in only 6 localities. The reasons for this decline are largely unknown although human disturbance and encroachment have been implicated. The Grey Phalarope has been fully protected in Iceland for years and many of its former and current breeding sites are either formally protected or listed as sites of special conservation value.



**Yfir 30 varpstaðir þekktir,
5 eru nú í notkun**

BRANDUGLA

Asio flammeus

Staða: í yfirvofandi hættu (VU)

Forsenda: Lítil stofn, <1000 fuglar

Alþjóðlegar skuldbindingar:

V Bernarsamningur: Viðauki II

V Búsvæðavern (Ályktun nr. 6/1998)

V CITES-listi

Branduglan er eina uglutegundin sem verpur hér á landi að staðaldri. Hún er fremur nýlegur landnemi en fyrsta hreiðrið fannst árið 1912. Branduglan er einna algengust á Norðurlandi og í Rangárvallasýslu, en hefur þó orpið í öllum landshlutum. Stofninn telur aðeins nokkur hundruð pör og hefur sennilega minnkað á síðustu áratugum.

Útbreiðsla og stofnstærð: Brandugla verpur á láglandi vítt og breitt um landið. Gískað er á að íslenski varpstofninn sé 100-200 pör. Brandugla er tiltölulega nýr varpfugl á Íslandi. Fyrsta hreiðrið fannst árið 1912 í Holtum í Rangárvallasýslu en branduglur sáust ekki að ráði hér fyrir en eftir 1920.^{25'34} Þær eru hvergi algengar enda einfarar en verpa nú einna þéttast í Eyja-firði og Þingeyjarsýslum og líklega sums staðar á Suðurlandi. Í Borgarfirði virðist branduglu hafa fækkað frá því á árunum 1940-1960. Stundum flækjast branduglur hingað til lands á haustin.¹⁰³

Lifshættir: Brandugla verpir helst í gróskumiklu landi, einkum mýrlendi og lyng- og kvistlendi. Nokkuð er um branduglur hér að vetrarlagi en óvíst er hversu stór hluti stofnsins hefur hér vetursetu. Varpið hefst um miðjan maí og stendur fram í fyrri hluta júní. Branduglan verpur 2-7 eggjum og tekur útungun 3-4 vikur. Branduglur lifa á músum og fuglum, einkum smá-vöxnum vað- og spörfuglum auk unga.

Helstu ógnir: Skerðing búsvæða er helsta ógnin sem steðjar að branduglum. Kjörlandi þeirra, sem er gróskumikið mýrlendi, er fremur óvída að finna og vert að ganga ekki frekar á það en gert hefur verið með óhóflegri beit eða framræslu. Branduglur hafa verið skotnar til uppstoppunar þótt ólöglegt sé og eins hafa línur orðið þeim að aldurtíla.


Vernð og vöktun: Branduglur hafa verið alfriðaðar frá 1954. Um branduglur gildir ennfremur að óheimilt er að veita leyfi til þess að veiða þær til að koma í veg fyrir meint tjón og óheimilt er að stoppa upp branduglur þótt þær finnist dauðar. Finnendur skulu afhenda Náttúrufræðistofnun Íslands slíka fugla. Stofnstærð branduglu er illa þekkt og mikilvægt er að afla áreiðanlegra gagna um stærð og útbreiðslu stofnsins og koma á vöktun varpstofnsins til þess að fylgjast með hugsanlegum breytingum.

Staða á heimsvísu: Branduglan er útbreidd allt í kringum hnöttinn. Í Evrópu hefur henni fækkað töluvert, einkum í austanverðri álfunni vegna búsvæðaskerðingar. Samkvæmt Bernarsamningi ber að friða branduglu í Evrópu og leggja sérstaka áherslu á að vernda búsvæði hennar.



Brandugla, E: Short-eared Owl, D: Mosehornugle, Þ: Sumpfohreule, F: Hibou des marais.
Ljósm.: J.Ó.H.

English summary: The Short-eared Owl is relatively recent að a breeding bird in Iceland, though the first nest was reported að long ago að 1912. There is now an estimated population of 100-200 breeding pairs scattered throughout the lowland parts of the country. The Short-eared Owl is fully protected in Iceland and any owls found dead must be handed over to the Icelandic Institute of Natural History. Habitat destruction is probably the most important factor threatening the Icelandic Short-eared Owl population.



FÁLKI *Falco rusticolus*

Staða: í yfirvofandi hættu (VU)

Forsenda: Lífill stofn, <1000 fuglar

Alþjóðlegar skuldbindingar:

V Bernarsamningur: Viðauki II

V Búsvæðavemd (Ályktun nr. 6/1998)

V CITES-listi

Fálkar voru konungsgersemi um margra alda skeið. Þeir voru fangaðir, fluttir til útlanda og tamdir til veiða. Fálkinn bar því hróður Íslands víða um lönd; um skeið var hann í skjaldarmerki Íslands og er fálkaorðan við hann kennd. Fálkinn var alfriðaður 1940. Fálkar eru algengastir á norðanverðu landinu. Stofninn er fálíðaður, aðeins 300-400 pör.

Utbreiðsla og stofnstærð: Varpstofn fálka er áætlaður 300-400 pör. Vægar sveiflur eru í fálkastofninum enda er hann mjög háður stærð rjúpnastofnsins, sem breytist margfalt á hverju tíu ára tímabili. Fálkar verpa um mestallt land en eru algengastir á norðanverðu landinu. Utbreiðslan hefur dregið saman á annesjum vestanlands frá því sem áður var. Fáir fálkar verpa á hálendinu en þeir eru víða á mörkum há- og láglandis. Fálkar voru fangaðir til veiða frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar og fram yfir 1800. Fluttir voru út yfir 200 fuglar á ári þegar mest var, einkum til evrópskra konungshirða og arabalanda.^{26,88}

Lífshættir: fullorðnir fálkar dvelja árið um kring á óðali sínu. Tilhugalíf hefst í mars. Þeir byggja sér ekki hreiður en nota oftast gamla hrafnslaupa í giljum, gljúfrum og klettum. Varptíminn er í apríl og egginn, sem oftast eru þrjú eða fjögur, klekjast á um fimm vikum.⁸⁶ Ungárnrir eru um sjö vikur í hreiðri og eftir það um þrjár vikur til viðbótar í umsjá foreldra. Ungfuglárnrir flakka um landið og setjast að til varps tveggja til fjögurra ára gamlir. Aðalfæða fálkans árið um kring er rjúpan og stofnstærð hennar ræður mestu um það hversu mikið hann tekur af annarri fæðu, svo sem öndum, svartfuglum og vaðfuglum.⁸⁷

Helstu ógnir: Fram eftir 20. öld seldu Íslendingar stundum egg til erlendra eggjasafnara og einnig komu hingað erlendir fálkafangarar sem fluttu lífandi fugla með sér úr landi. Lögbrot af þessu tagi voru áberandi á fyrri hluta áttunda áratugarins og brugðust þá yfiröld hart við þeim. Má heita að ólögleg veiði og útflutningur á fálkum heyri sögunni til. Helstu hættur sem steðja að fálkanum nú eru möguleg ofveiði á rjúpum, eyðilegging á uppeldisstöðvum rjúpnunnar og hefðbundnum varpstöðvum fálkans og loks uppsöfnun þrávirkra eitrefna í fæðuvefnum.⁶⁷

Vernd og vöktun: Fálkar hafa verið alfriðaðir frá 1940. Lagaákvæði um fálkavernd eru ströng og virðist stofninum nokkuð vel borgið sé þeim fylgt. Oheimilt er að koma nær fálkahreiðri en 500 m án heimildar umhverfisráðherra. Ennfremur er óheimilt að stoppa upp fálka sem finnast dauðir og ber að skila þeim til Náttúrufræðistofnunar Íslands. Rannsóknir á Norðausturlandi frá 1981 hafa m.a. sýnt að varpstofn fálka fylgir stærð rjúpnastofnsins en rís og hnígur tveimur árum síðar en hann.⁸⁵ Auka þarf vöktun fálkans þannig að hún nái til landsins alls.



Fálki, E: Gyrffalcon, D: Jagtfalk, Þ: Cerfalke, F: Faucon gerfaut. Ljós.: H.R.B

Staða á heimsvísu: Fáir ránfuglar þrífast eins norðarlega og fálkinn en hann er strjáll varpfugl á norðlægum slóðum allt í kringum hnöttinn. Varp fálka mun óviða vera eins þétt og á Íslandi og áætlað er að hér verpi 30-60% af öllum fálkum á Norðurlöndum. Íslenski stofninn er þó aðeins lítið brot af heildarfjöldanum, sem giskað er á að sé 15-17 þúsund pör.²⁸ Friðlýst er að fálkum hafi fækkað í Noregi og Finnlandi og líklega einnig í Svíþjóð,⁹³ og í þessum löndum er hann flokkaður sem fugl í yfirvofandi hættu (VU). Annars staðar er ekki vitað um langtímafækkun fálka en varpstofnar þeirra geta þó verið breytilegir milli ára þar sem fæðustofnar þeirra sveiflast oft mikið. Samkvæmt Bernarsamningnum ber að friða fálkann í Evrópu og leggja áherslu á að vernda búsvæði hans.

English summary: There are an estimated 300-400 breeding pairs of Gyrfalcons, mostly in the northern part of Iceland. The long history of trapping birds for export came to an end in the early 1800s. Since 1940 Gyrfalcons have been fully protected, but illegal export of eggs and young occurred until the 1980s. Legal protection is very strict, birds and eggs are fully protected and the eyries may not be approached within 500m without a permit from the Ministry for the Environment. Birds found dead must be handed over to the Icelandic Institute for Natural History.



Yfir 500 varpstaðir þekktir

FLÓRGOÐI

Podiceps auritus

Staða: í yfirvofandi hættu (VU)

Forsenda: Lítil stöfn, hefur fækkað, <1000 fuglar

Alþjóðlegar skuldbindingar:

V Bernarsamningur: Viðauki II

V Búsvæðavern (Ályktun nr. 6/1998)

Þessi skrautlegi sundfugl gerir sér flothreiður og ber unga sína á bakinu. Hann var áður útbreiddur við vötn og tjárnir um land allt. Flórgoðum hefur fækkað mikið á þessari öld, að hluta til vegna framræslu votlendis og tilkomu minks. Stofninn telur nú 300-400 pör.

Útbreiðsla og stofnstærð: Flórgoðinn er strjöll varpfugl á láglandi í flestum landshlutum en útbreiðslan hefur dregið mikið saman og fuglunum fækkað.⁸⁴ Flórgoðar eru algengastir við Mývatn, í Skagafirði, á Víkingavatni í Kelduhverfi og á Héraði. Sunnanlands og vestan verpa flórgoðar nú aðeins á fáeinum stöðum,⁶³ m.a. við Ástjörn sunnan Hafnarfjarðar og hjá Hofgördum í Staðarsveit á Snæfellsnesi. Flórgoðum hefur fækkað víðast hvar á landinu af ýmsum en þó oftast óþekktum orsökum. Stærð varpstofnsins var metin með talningum um land allt 1990-1992 og reyndist þá um 300 pör.⁸⁴ Tæpur helmingur fuglanna (140 pör) var við Mývatn og hafði þeim þá fækkað verulega frá 1974 (var 250 pör). Sumarið 1998 brá svo við að flórgoðum fjölgaði við Mývatn um 80% frá 1997 og er friðlýst að 250-300 pör hafi þá orpið við vatnið. Einnig varð vart aukningar á nokkrum öðrum stöðum á Norðurlandi. Vorið 1999 fækkaði flórgoðum á Mývatni hins vegar um 40% miðað við talningu 1998.²⁰

Lífshættir: Flórgoðinn kemur til landsins í apríl og sést á varpstöðvum um leið og ísa leyðir; hann er t.d. oftast kominn á Ástjörn við Hafnarfjörð fyrir miðjan apríl. Varpið hefst í lok maí, egginn er oftast 3-5, útungunartími er 22-25 dagar og ungárnrir verða fleygir á 7-8 vikum, eða um miðjan ágúst. Flórgoðar verpa oftast við sefi girtar tjárnir á láglandi (neðan 300 m). Þeir dvelja með unga sína í grennd við stararbreiður en leita einnig ætis úti á stærri vötnum, svo sem á Mývatni. Um varptímann er aðalfæða flórgoðans hornsíli og ýmiss konar vatnaskordýr. Á veturna, þegar fuglárnrir eru á sjó, er fæðan aðallega krabbadýr og smáfiskar. Flórgoðinn er að mestu leyti farfugl og dvelur á grunnsævi á veturnum. Íslensku fuglárnrir halda sig sennilega mest við Bretlandseyjar en einnig við Suðvestur-Grænland og Færeyjar. Nokkrir fuglar hafa vetrardvöl í hlýsjónum hér við land og hafa aðallega sést frá Vestmannaeyjum vestur um í Hvalfjörð.

Helstu ógnir: Flórgoða hefur fækkað til muna frá því sem áður var. Ástæður þess eru ýmsar, en nefna má að víða hefur varplöndum verið raskað með framræslu, einkum á Suðurlandi. Minkur er einnig talinn flórgoðanum skeinuhættur og sums staðar drepast flórgoðar í silungsnetum. Stór hluti íslenska flórgoðastofnsins heldur sig á Mývatni og benda athuganir til þess að hann byggi afkomu sína að mestu leyfi á svæðum sem kísilgúr hefur ekki verið dælt af." Verndun vatnsins og lífríkis þess er því afar mikilvæg fyrir framtíð flórgoðans hér á landi.




Flórgoði, E: Slavonian Grebe (Am. Horned Grebe), D: Nordisk lappedykker, Þ: Ohrentaucher, F: Grébe esclavon. Ljós.: J.O.H.

Vernd og vöktun: flórgoðinn hefur verið alfríðaður frá 1966 en heimilt var að veiða hann utan varptíma á árunum 1954-1966. Fram til þess tíma var hann ekki fríðaður fremur en margar aðrar fuglategundir sem taldar voru valda tjóni með því að éta fisk og hrogn. Mikilvægasta varpsvæðið (Mývatn) er verndað með lögum og nokkur önnur fríðlýst eða á náttúru-minjaskrá. Verið er að kanna ástæður fyrir fækkun flórgoða og leita leiða til að styrkja verndun stofnsins. Til greina kemur frekari fríðlýsing varplanda, takmörkun á netaveiði á sumum svæðum og skipuleg minkaveiði auk endurheimtar votlendis. Fylgst er árlega með flórgoðastofninum á Mývatni og á nokkrum öðrum stöðum á landinu. Skipuleggja þarf vöktunarkerfi sem nær til landsins alls.

Staða á heimsvísu: Flórgoðinn verpur á norðlægum slóðum hringinn í kringum hnöttinn. Honum hefur fækkað í Skotlandi, Noregi og Finnlandi. Samkvæmt Bernarsamningnum ber að fríða flórgoða og leggja áherslu á að vernda búsvæði hans.

English summary: The Slavonian Grebe formerly bred throughout most of the lowlands in Iceland. Numbers declined dramatically during the 20th century and only a few birds are now found in the south and west. The current population is 300+ pairs, of which half breed at Lake Mývatn in the north. The decline in population can be traced in part to the drainage of wetlands and the introduction of feral mink. The Slavonian Grebe has been fully protected in Iceland since 1966.



Tegundir í yfirvofandi hættu (VU)

GARGÖND

Anas strepera

Staða: í yfirvofandi hættu (VU)

Forsenda: Lífill stofn, <1000 fuglar

Alþjóðlegar skuldbindingar:

V Bernarsamningur: viðauki III

Gargöndin er sjaldgæfur varpfugl við lífrík vötn og vottlendi. Hún er algengust við Mývatn og Laxá en verpur strjált á nokkrum öðrum svæðum. Stofninn er lífill, eða innan við 300 pör.

Utbreiðsla og stofnstærð: Fyrstu heimildir um gargönd hér á landi eru frá um 1820 og kann hún að hafa numið hér land um líkt leyti.³⁹ Hér verpur gargöndin aðallega við Mývatn og í nágrenni þess, einkum í Laxárdal og Aðaldal.⁹ Utan Þingeyjarsýslu virðist mest um gargendur í Skagafirði og verpa þar líklega nokkrir tugir para. Fáein pör verpa á lífríkum vottlendissvæðum í öðrum landshlutum, á Héraði, Olfusi, Innnesjum og Ut-Mýrum. Gargendur hafa einnig sést á varptíma í Hornafirði, á nokkrum stöðum sunnanlands, á Snæfellsnesi, í Húnaþingi og Eyjafirði. Íslenski gargandarstofninn er talinn vera 200-300 pör og er allt að helmingur hans við Mývatn.⁹

Lífshættir: Um varptímann heldur gargöndin sig svo að segja eingöngu við grunn lífrík vötn og tjárnir. Hún verpur 7-12 eggjum frá síðari hluta maí og fram í fyrri hluta júní. Ungárnir verða fleygir á 6-7 vikum. Gargöndin er jurtaæta en étur einnig ýmis skordýr á sumrin. Rykmý er mikilvæg fæða á varptíma og tínur gargöndin flugurnar úr vatnsskorpunni. Gargöndin er farfugl hér á landi og virðist aðallega fara til Írlands. Fáeinir fuglar sjást þó hér flesta vetur, einkum á Innnesjum.

Helstu ágnir: Gargönd er vottlendisfugl og gæti frekari skerðing slíkra búsvæða, t.d. vegna framræslu, staðið henni fyrir þrifum í sumum landshlutum. Hætt er við að gargandaregg séu tekin í misgripum fyrir egg rauðhöfða þar sem taka andareggja er leyfð.


Vernð og vöktun: Gargönd hefur verið alfriðuð hér á landi frá 1954 en heimilt var að nýta egg hennar á tilteknum svæðum allt til 1994. Helsta varpland hennar (Mývatn) er verndað með lögum og nokkrir aðrir varpstaðir eru ýmist friðlýstir eða á náttúruminjasrá. Fylgst er reglulega með gargandarstofninum á Mývatni og í nágrenni. Æskilegt er að hefja reglubundna vöktun á nokkrum stöðum til viðbótar þar sem gargendur er helst að finna.

Staða á heimsvisu: Gargöndin er strjáll varpfugl í Evrópu en verpur einnig um miðbik Asíu og á gresjum Norður-Ameríku. Hún er að mati Alþjóðlegu fuglaverndarsamtakanna (BirdLife International) talin vera í yfirvofandi hættu (VU) á evrópska vísu og stafar það einkum af fækkun fugla í Rússlandi og víðar í Austur-Evrópu en á þeim slóðum verpur þorri evrópska stofnsins.⁹² Þar sem veiðar eru leyfðar í Evrópu ber, skv. Bernarsamningnum, að stjórna þeim til að tryggja viðhald stofnsins.



Gargönd, E: Gadwall, D: Knarand, þ: Schnatterente, F: Canard chipecau. Ljósm.: J.Ó.H.

English summary: The Gadwall is a rare breeder in Iceland and is found mostly in eutrophic wetlands in the north, notably at Lake Mývatn, where approximately half of the estimated 200-300 pairs breed. The Gadwall has been fully protected in Iceland since 1954, except for the limited harvesting of eggs, which was permitted until 1994.



GRÁGÆS

Anser anser

Staða: í yfirvofandi hættu (VU)

Forsenda: Hefur fækkað, >20% fækkun á 10 árum

Alþjóðlegar skuldbindingar:


V Bernarsamningur: Viðauki III

Grágæsin er algengur varpfugl á láglendi um land allt og fjölgaði mikið eftir 1960. Síðan 1990 hefur stofninn hins vegar minnkað um meira en fimmting, líklega vegna vaxandi skotveiða. Íslenski grágæsarstofninn er einn fárra gæsastofna sem fara minnkandi.

Utbreiðsla og stofnstærð: Grágæsin verpur á láglendi um land allt og á stöku stað í allt að 400-500 m y.s. Hún er algengust meðfram stórám og í grösugum eyjum. Grágæsin hefur breiðst út á þessari öld samhliða vexti í stofninum og var t.d. nær óþekkt á Vestfjörðum fyrir 1960. Fylgst hefur verið með íslenska grágæsarstofninum á vetrarstöðvum á Bretlandseyjum síðan 1960. Stofninn óx til 1990 og var þá áætlaður 115.000 fuglar í lok veiðitíma hér á landi.⁷⁴ Undanfarin ár hefur grágæsum fækkað jafnt og þétt og taldi stofninn um 83.000 fugla haustið 1998. Þessi mikla fækkun (yfir 20% á tæpum áratug) hefur ekki verið skýrð til fulls. Mikið og sennilega vaxandi veiðialag hér á landi er þó líklegasta skýringin. Íslenski grágæsarstofninn er nú einn fárra gæsastofna í heiminum sem ekki eru stöðugir eða í vexti.

Lífshættir: Varpkjörlandi grágæsar er í eða við vottlendi, oft í kjarri- og múum og árhólum. Hún heldur sig mikið í mýrum en einnig á ræktuðu landi vor og haust og kvarta þá margir undan tjóni af hennar völdum. Flestar grágæsir fara á haustin til Bretlandseyja og snúa til baka í apríl. Síðan 1960 hafa nokkur hundruð fuglar haldið til allan veturinn á Innnesjum.⁸² Varpið hefst í byrjun maí og egginn, sem eru 4-7, klekja á tæpum mánuði og verða ungárnir fleygir í ágúst. Stór hluti grágæsarstofnsins er ókynþroska fuglar (geldfuglar) og fella þeir fjaðrir við vötn og ár, frá lokum júní og fram í ágúst. Fæðan er margvíslegur gróður, einkum starir, gröð og ber. Grágæsir sækja einnig í túngröð, kartöflur og korn.

Helstu ógnir: Allt að þriðjungur grágæsarstofnsins er veiddur hér á landi ár hvert, (t.d. um 37 þúsund fuglar árið 1998),⁹⁴ og bendir margt til þess að grágæsin sé ofveidd. Nokkuð er um ólöglegar veiðar hér á vorin og um skeið voru ófleygar gæsir veiddar meðan þær voru í



Íslenski grágæsarstofninn 1960-1998, byggt á talningum á vetrarstöðvum á Bretlandseyjum. — Numbers of Icelandic Greylag Geese 1960-1998 based on counts in the wintering grounds in Britain.




Grágæs, E: Greylag Goose, D: Grágás, Þ: Graugans, F: Oie cendrée. Ljóm.: J.Ö.H.

sárum (fjaðrafelli). Sums Staðar er eggjataka stunduð í óhófi og án fyrirhyggju um viðhald stofnsins.

Vernd og vöktun: Heimilt er að skjóta grágæsir frá 20. ágúst til 15. mars. Langflestir fuglanna fara af landi brott í byrjun nóvember og koma ekki aftur til landsins fyrr en eftir að veiðitíma lýkur á vorin. Heimilt er að taka grágæsaregg til átu en ávallt skal skilja eftir minnst tvö egg í hreiðri. Unnið er að gerð líkans til að meta áhrif veiða á stofninn.

Staða á heimsvísu: Grágæsin verpur dreift um Evrópu og Asíu til Kyrrahafs. Ekki er friðlýst að erlendir grágæsarstofnar þarfnist sérstakra verndaraðgerða, enda hafa þeir flestir vaxið á undanförmum árum. Skv. Bernarsamningnum ber að hafa stjórn á veiðum til að tryggja verndun stofnsins.

English summary: The Greylag breeds commonly in the lowlands of Iceland. The birds winter in Britain, where the population has been monitored since 1960. Numbers increased rapidly until about 1980, reaching a maximum of 115,000 in 1990. In recent years, however, the population has declined and was estimated at 83,000 birds in autumn 1998. Heavy hunting in Iceland is undoubtedly to blame, where 35,000-40,000 Greylags have been shot annually in recent years.



GULÖND

Mergus merganser

Staða: í yfirvofandi hættu (VU)

Forsenda: Lítil stofn, <1000 fuglar

Alþjóðlegar skuldbindingar:

V Bernarsamningur: viðauki III

Gulöndin er stygg og glæsileg önd sem heldur sig að mestu á ferskvatni árið um kring og lifir á laxfiskum. Varpstofninn er lítil, líklega innan við 300 pör og þrátt fyrir alfriðun er hún sums staðar ofsótt vegna veiðihagsmuna.

Útbreiðsla og stofnstærð: Gulöndin verpur strjált um land allt, bæði á hálendi og láglandi. Hún virðist einna algengust norðanlands, einkum í Húnavatns- og Þingeyjarsýslum. Varpstofninn er talin vera um 300 pör og bendir margt til þess að minna sé um gulendur nú en um miðbik 20. aldar.

Lifshættir: Heimkynni gulandar eru að mestu leyti bundin við bergvatnsár en hún verpur einnig við stöðuvötn og lítils háttar við sjó. Gulöndin er staðfugl hér á landi og heldur sig að miklu leyti á ferskvatni allan veturinn, nema hvað fuglárnir leita til sjávar í mestu vetrarhörkum. Tugir gulanda halda til á sumum stöðum, svo sem á Mývatni - Laxá, á Sogi, í meðallandi og Ölfusi. að öðru leyti er gulöndin dreifð um land allt á vetrum. Gulöndin verpur fremur seint, aðallega í júní, og er stundum með ófleyga unga á áram fram í október. Eggj eru 7-12 og ungárnir verða fleygir á um 8 vikum. Gulöndin velur sér varpstaði í skútum og holum, oft hátt í hamraveggjum og stundum í gömlum fálka- og hrafnshreiðum. Fæðan er fiskur, aðallega silungur og laxaseiði.

Helstu ógnir: Gulöndin er sums staðar skotin ólöglega m.a. til að koma í veg fyrir meint tjón á laxfiskum.⁴⁹


Vernd og vöktun: Gulönd hefur verið alfriðuð fyrir skotveiði frá 1966 en heimilt var að nýta egg hennar í takmörkuðum mæli til 1994. nauðsynlegt er að friðun gulandar sé virt og að komið sé í veg fyrir ólöglegar veiðar. Stofnstærð er ekki vel þekkt og aðeins hluti stofnins (Laxá/Mývatn) er vaktaður árlega. Afla þarf upplýsinga til þess að meta fjölda og útbreiðslu gulandar betur og vakta hana með skipulegum hætti.

Staða á heimsvísu: Gulöndin er útbreidd um norðanverða Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu. Hún er ekki talin þarfnast sérstakrar verndar í Evrópu en samkvæmt Bernarsamningnum ber að stjórna veiðum þar sem þær eru leyfðar til að tryggja verndun tegundarinnar.

English summary: The Goosander is a rare breeder in Iceland; the population is unknown but is probably only several hundred pairs. The main threat is illegal hunting due to alleged raiding of salmonid stocks. The Goosander is now fully protected in Iceland but seasonal hunting and limited egg harvesting was permitted until 1966 and 1994 respectively.



Gulönd, E: Goosander (Am. Common Merganser), D: Stor skallesluger, F: Gansesager,
F: Harle bièvre. Ljós.: H.R.B.



HIMBRIMI

Gavia immer

Staða: í yfirvofandi hættu (VU)

Forsenda: Lífíll stofn, <1000 fuglar

Alþjóðlegar skuldbindingar:

V Bernarsamningur: viðauki II

V Búsvæðavemd (Ályktun nr. 6/1998)

Himbrinn er heimaríkur og helgar sér óðul á silungsvötnum víða um land en er algengastur á Norður- og Vesturlandi. Hann er amerískur að uppruna og verpur hvergi í Evrópu nema á Islandi. Varpstofninn er lífíll, aðeins nokkur hundruð pör. Hláturklið himbrimans er auðþekkt og berst langa vegu á lognkýrrum sumarkvöldum.

Útbreiðsla og stofnstærð: Himbrinn er amerískur og verpur hvergi að staðaldri í Evrópu nema hér á landi. Hann er strjáll um land allt en algengastur á Arnarvatnsheiði, við Hrútafjörð, á Skaga, Norðausturlandi og í veiðivötnum. Varpstofn himbrimans virðist vera stöðugur og er áætlaður 200-300 pör en auk þeirra er allstór geldstofn sem dvelst að mestu leyti á sjó allt árið.

Lífshættir: Himbrinn verpur yfirleitt við fengsæl fiskivötn, bæði stór og smá, og er hreiðrið jafnan á blábakkanum enda á himbrinn erfitt með gang. Himbrimar koma á vötn um leið og ísa leyðir, á láglandi um mánaðamót apríl-maí en 2-4 vikum síðar á hálendi. Varpið hefst venjulega í lok maí, egginn er oftast 2 og útungunartíminn er tæpur mánuður.⁵⁷ Ungámir verða fleygir á 7 vikum, oftast seint í ágúst. Um varptímann étur himbrinn fyrst og fremst silung en sækir einnig æli til sjávar, svo sem síli, smásild o.fl. Á veturna er Fæðan margvíslegir sjávarfiskar. Síðsumars og á haustin safnast himbrimar í tugatali á stór stöðuvötn og dvelja þar uns þau leggur. Hér má nefna Þingvallavatn, þar sem himbrimar eru stundum fram í janúar,⁵⁷ Reyðarvatn upp af Borgarfirði, Þiðriksvallavatn í Steingrímsfirði⁵³, Mývatn og veiðivötn. Á veturna eru himbrimar allalgengir á sjó við suðvestanvert landið og í Berufirði en sjást einnig við aðra landshluta. Þúsundir himbrima halda til við strendur Vestur-Evrópu og er sennilegt að þar á meðal séu fuglar frá Islandi en engir himbrimar sem merktir hafa verið hér á landi hafa náðst erlendis.

Helstu ógnir: Á varpstöðvum er nokkuð um að himbrimar drepist í silungsnetum. Slíkt getur leitt til þess að varpstöðvar leggist af enda yfirleitt aðeins eitt varppar á hverjum stað. Fyrir kemur að himbrimi séu skotin ólöglega til uppstoppunar eða vegna meintra veiðihagsmuna. Truflun í varpi af umferð vatnabáta og gangandi fólks er líklega að aukast. Á vetrarstöðvum stafar himbrimum helst ógn af olfuslysum.


Vemd og vöktun: Himbrinn hefur verið alfríðaður frá 1954 en naut engrar vermdar til þess tíma. Koma þarf á skipulegri söfnun og skráningu gagna um útbreiðslu og stofnstærð ásamt vöktun.



Himbrimi, E: Great Northern Diver (Am. Common Loon), D: Islom, þ: Eistaucher, F: Plongeon imbrin. Ljós.: H.R.B.

Staða á heimsvísu: Himbriminn er ein þeirra fuglategunda sem Íslendingar bera sérstaka ábyrgð á þegar litið er til Evrópulanda. Samkvæmt Bernarsamningnum ber að friða himbrima í álfunni og vernda búsvæði hans. Íslenski himbrimastofninn er hins vegar ekki talinn hafa verndargildi á heimsvísu vegna þess hversu fáliðaður hann er samanborið við hinn stóra norður-ameríska stofn. Í sumum fylkjum Bandaríkjanna og Kanada nýtur himbriminn sérstakrar verndar enda stendur mengun og truflun af mannavöldum honum þar sums staðar fyrir þrifum.

English summary: The Great Northern Diver is scarce but widely distributed in Iceland, being commonest in the western and northern parts of the country. The population is estimated at 200-300 pairs and is apparently stable. The Great Northern Diver has been fully protected in Iceland since 1954. Major threats are drowning in gill nets and illegal hunting for taxidermy and to prevent alleged damage to fresh-water fisheries.



Staða: 1 yfirvofandi hættu (VU)

Forsenda: Hefur fækkað, >20% fækkun á 10 árum

Alþjóðlegar skuldbindingar:


A/ Bernarsamningur: viðauki III

Hrafninn er algengur og áberandi fugl í íslenskri náttúru og þjóðtrú. friðlýst er að varpstofninn sé um 2.000 pör auk geldfugla. Hrafnar hafa verið ofsóttir í auknum mæli á síðustu áratugum og þeim fer sums staðar fækkandi.

Utbreiðsla og stofnstærð: Hrafninn er útbreiddur á láglandi og verpur einnig strjált á hálendinu. Hann er algengastur við sjávarsíðuna og í þéttbýlum landbúnaðarhéruðum þar sem gnótt er fæðu og varpstaða. Þéttleiki fugla er víða 3-5 pör á hverja 100 km² en getur verið mun meiri, t.d. í Fljótshlíð (13 pör á 100 km²).⁶⁵ Varpstofninn var metinn í kringum 1985 og reyndist þá vera um 2.000 pör og heildarstofninn á sama tíma um 13.000 fuglar að hausti.⁶⁴ Stór hluti hans er ókynproska ungfuglar (1-3 ára). Varpfuglum hefur sannanlega fækkað á stórum landsvæðum, t.d. í grennd við Reykjavík, við Breiðafjörð og í Þingeyjarsýslum þar sem varpstofninn minnkaði um 31% frá 1981 til 1998, eða um rúm 2% á ári.⁷²

Lífshættir: Hrafninn verpur yfirleitt í klettum en einnig á mannvirkjum og notar sömu varpstaði árum saman. Hann verpur snemma, oftast um miðjan apríl, og ungÁrnir yfirgefa foreldrana ekki fyrr en í júlí. Fullorðnu fuglÁrnir halda sig í grennd við varpstaðinn árið um kring en ungfuglÁrnir flakka víða þar til þeir fara að verpa, 3-5 ára gamlir.⁶⁵ Hrafninn er staðfugl hér á landi. Hann er alæta, skæður eggja- og ungarnæningi og getur valdið miklum usla og stundum fjárhagslegu tjóni í þéttum fuglabýggðum eins og æðarvörpum. Hrafninn drap talsvert af lömbum áður fyrr og leggst stundum á afvelta fé og rænir matvælum sem liggja á glámbekk. Á síðari árum hafa hrafnar gatað rúllubagga í óþökk bænda.

Helstu ógnir: Hrafninn er ofsóttur af ýmsum sem telja sig verða fyrir tjóni af hans völdum; menn steypa undan honum og skjóta jafnvel að tilefnislausu. Á árunum 1995-1998 voru 5.500-7.100 hrafnar drepnir á ári.⁹⁴ Miðað við áætlaða stofnstærð er ólíklegt að stofninn þoli slíka veiði. Rannsóknir í Þingeyjarsýslum hafa sýnt að þar er drepð meira af hröfnum en nemur viðkomu stofnsins á svæðinu og hefur varpstofninn þar því minnkað um þriðjung frá 1981.



Varpstofn hrafna í Þingeyjarsýslum 1981-1998. — The number of raven pairs breeding in in the counties of Þingeyjarsýsla, NE-Iceland, in 1981-1998.




Hrafn, E: Raven, D : Ravn, Þ: Kolkrabe, F: Grand corbeau. Liósm.: J.Ó.H.

Vernd og vöktun: Hrafninn hefur aldrei notið friðunar og er einn fjögurra tegunda fugla sem heimilt er að veiða árið um kring hér á landi. Vöktun er fram haldið í Þingeyjarsýslum, en meta þarf stofnstærð á fleiri landsvæðum og ákveða hvort nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða til að vernda stofninn, t.d. með tímabundinni friðun á varptíma.

Staða á heimsvísu: Hrafninn verpur um allt norðurhvel jarðar og er einn útbreiddasti fugl heims. Hröfnum fækkaði víða í Evrópu og Norður-Ameríku vegna ofsókna, einkum á 19. öld, en eru nú víða að rétta úr kútnum. Hrafnar eru á válistum í nokkrum Evrópulöndum en að öðru leyti er hrafninn ekki talinn þarfnast sérstakra verndaraðgerða. Skv. Bernarsamningnum ver að stjórna veiðum til að tryggja verndun stofnsins.

English summary: The Raven breeds throughout the lowlands of Iceland and sporadically in the highlands. It is heavily persecuted, in part due to its raiding of eider colonies. The Raven has never been protected in Iceland. In 1985 the population was estimated at around 2,000 territorial pairs. Raven numbers have declined in some areas, e.g. in Breiðafjörður in the west and in the northeast (31 % decline in occupied territories since 1981).



HRAFNSÖND

Melanitta nigra

Staða: í yfirvofandi hættu (VU)

Forsenda: Lítil stöfn, <1000 fuglar

Alþjóðlegar skuldbindingar:

V Bernarsamningur: viðauki III

Hrafnstöndin verpur svo til eingöngu á Norðausturlandi og aðallega við Mývatn. Hún er sjófugl utan varptíma og steggirnir dvelja aðeins í rúma tvo mánuði á varpstöðvum. Á undanförnum árum hefur varpstofninn verið metinn 300-500 pör.


Útbreiðsla og stofnstærð: Hrafnstöndin verpur svo til eingöngu á Norðausturlandi, einkum við Mývatn en einnig í Aðaldal og við Öxarfjörð. Fáein pör verpa á Út-Héraði og til skamms tíma urpu hrafnsendur í Skagafirði. Varpstofn hrafnसारar við Mývatn hefur sveiflast talsvert síðan 1975 og verið 200-400 pör.¹² Á fyrri hluta aldarinnar var hrafnstönd mun algengari við Mývatn.⁶⁻³⁹ Á öðrum svæðum verpa vart fleiri en 50-100 pör. Heildarstofninn hefur því verið 300-500 pör á síðustu árum.

Lífshættir: Kjörlandi hrafnसारar um varptímann er næringarrík vötn en grunnsævi á vetrum. Hrafnstöndin er að mestu leyti farfugl og dvelst vetrarlangt við strendur Vestur-Evrápu. Hún hefur þó stundum vetrardvöl hér, t.d. í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu. Hrafnstöndin kemur frekar seint, eða í lok apríl. Hún verpur 6-11 eggjum í júnimánuði og steggirnir fara á sjó um mánaðamót júní-júlí og fella þar flugfjaðrir. Ungárnir verða fleygir á 6-7 vikum. Fæðan er aðallega krabbadýr og rykmý á vötnum en kræklingur og aðrar samlokur á sjó á vetrum.

Helstu ógnir: Hrafnसारarstofninn byggir tilveru sína hér á landi á Mývatni og því getur óhófleg röðkun á lífsskilyrðum tegundarinnar þar riðið stofninum að fullu. Talsvert af hrafnstöndum drepst í silungsnetum í vatninu. Þá var helsti varpstaður hrafnसारar á Héraði, Miklavatn í Hjaltastaðapinghá, eyðilagður með framræslu. Á vetrarstöðvum erlendis er olíumengun hrafnstöndum skeinuhætt.


Vernð og vöktun: Hrafnstöndin hefur verið friðuð fyrir skotveiðum frá 1966 og takmörkuð heimild var til eggjatöku til ársins 1994. Aðalvarpsvæðið við Mývatn nýtur sérstakrar verndar sem og Vestmannsvatn og Skógar í Skagafirði. Flest önnur svæði þar sem hrafnstöndin verpur eru á náttúruminjasrá. Hrafnसारarstofninn er vaktaður árlega á Mývatni og nokkrum öðrum stöðum.

Staða á heimsvisu: Hrafnstöndin verpur í barrskógabeltinu frá Noregi og Svíþjóð austur til Kyrrahafs, en einnig í Alaska og strjált annars staðar í Norður-Ameríku. Hrafnstöndin er ekki talin í sérstakri hættu í Evrópu en skv. Bernarsamningnum ber að hafa stjórn á veiðum, þar sem þær eru leyfðar, til þess að tryggja vernd hennar.



Hrafnstönd, E: Common Scoter (Am. Black Scoter), D: Sortand, Þ: Trauerente, F: Macreuse noire. Ljósm.: J.O.H.

English summary: The Common Scoter breeds almost exclusively in northeastern Iceland. The main nesting area is Lake Mývatn, where numbers have fluctuated between 300 and 400 pairs over the last 25 years. Other areas account for less than 100 pairs. The Common Scoter has been fully protected in Iceland since 1900, but limited egg harvesting was permitted until 1994.



SJÓSVALA

Oceanodroma leucorhoa

Staða: í yfirvofandi hættu (VU)

Forsenda: Fáir varpstaðir

Alþjóðlegar skuldbindingar:

V Bernarsamningur: viðauki II

A Búsvæðavemd (Ályktun nr. 6/1998)

Sjósvalan verpur svo til eingöngu í Vestmannaeyjum og þar er friðlýst vera langstærða varp þessarartegundar í Evrópu. Stærð varpstofnsins er áætluð 80.000-150.000 pör.

Útbreiðsla og stofnstærð: Höfuðstöðvar sjósvölnnar á Íslandi eru í Vestmannaeyjum og langstærða varpið er í Elliðaey.⁵¹ Hún verpur einnig með vissu í Bjarnarey, Smáeyjum, Álsey, Brandi, Hellisey, Suðurey og eitthvað í Ystakletti. Sennilegt er að sjósvala verpi víðar í Vestmannaeyjum. Þá hefur hún orpið í Ingólfshöfða og sést á öðrum hugsanlegum varpstöðum, t.d. í Skrúði og Reynisfjalli. Hreiður hafa hins vegar ekki fundist þar þrátt fyrir ítarlega leit. Stærð varpstofnsins er talin vera á bilinu 80.000-150.000 pör og byggist sú niðurstaða á talningum í Elliðaey og mati á flatamáli heppilegs varpkjörlendis annars staðar í Vestmannaeyjum.⁵¹

Lífshættir: Sjósvalan heldur til við sunnanvert landið á varptíma og sést stundum frá landi, svo sem út af Garðskaga og Seltjarnarnesi, einkum í ágúst. Utan varptíma heldur sjósvalan sig sennilega vítt og breitt um Atlantshaf, frá Vestur-Afríku og Karíbahafi Norður fyrir Bretlandseyjar. Sjósvalan er úthafsflugl og verpur aðallega í úteyjum en einnig í höfðum. Hún verpur oftast í holum í jarðvegi þar sem auðvelt er að komast gegnum þykka grásrót eða þar sem gróðurþekjan hefur rofnað, eins og í lundavörpum og við kletta. Varptíminn hefst í lok maí en flestir fuglanna verpa þó sennilega ekki fyrr en í júní. Sjósvalan verpur einu eggjum og klekst það eftir 7 vikur. Unginn verður fleygur á 9-10 vikum, eða í september-október. Fæðan er dýrasvif og smáfiskar.

Helstu ógnir: Sjósvala verpur aðeins á fáum stöðum og á mjög afmörkuðu svæði svo til eingöngu í Vestmannaeyjum. Mengunarslys eða rándýr, svo sem rottur og kettir, sem oft leggja st út í fuglabyggðir í Eyjum, geta orðið sjósvölum skeinuhætt.


Vernd og vöktun: Sjósvalan hefur verið alfriðuð frá 1954. Einn varpstaður hennar, Ingólfshöfði, er friðlýstur og aðalvarpstaðurinn í Elliðaey í Vestmannaeyjum er á náttúrumínjaskrá. Lagt er til að Elliðaey verði friðlýst, auk þess sem afla þarf betri gagna um stofnstærð tegundarinnar.

Staða á heimsvísu: Sjósvalan verpur aðallega í Norður-Ameríku en einnig á fáeinum stöðum í Evrópu. Stærða varpið þar er í Vestmannaeyjum en sjósvölur verpa einnig á Bretlandseyjum og í Færeyjum. Sjósvalan verpur á tiltölulega fáum stöðum og er því talin þurfa sérstakt eftirlit og vernd í Evrópu. Þannig ber, skv. Bernarsamningnum, að friða hana og vernda búsvæði hennar sérstaklega. Þar sem langstærði hluti evrópska varpstofnsins verpur hér á landi á afar takmörkuðu svæði ber Ísland sérstaka ábyrgð á velferð þessa stofns.



Sjósvala, E: Leach's Petrel (Am. Leach's Storm Petrelj, D: Stor stormsvale, p: Wellenlaufer, F: Pétrel culblanc. Ljós.: J.O.H.

English summary: The Leach's Petrel breeds almost exclusively on several of the islands of Vestmannaeyjar, there is also a small colony at Ingólfshöfði in the south. The population has been estimated at roughly 80,000-150,000 pairs, with most breeding on Elliðaey in Vestmannaeyjar. The Leach's Petrel has been fully protected in Iceland since 1954.



SKROFA

Puffinus puffinus

Staða: í yfirvofandi hættu (VU)

Forsenda: Fórir varpstaðir

Alþjóðlegar skuldbindingar:

V Bernarsamningur: Viðauki II

Skrofan verpur aðeins í Vestmannaeyjum en sést víða við sunnanvert landið að sumarlagi. Staerð varpstofnsins er áætluð 7-10 þúsund pör og er helmingurinn í Ystakletti.

Utbreiðsla og stofnstærð: Eina varpsvæði skrofunnar hér á landi er í Vestmannaeyjum en þar verpur hún á fimm stöðum. stærða varpið er í Ystakletti og var áætlað að þar væru um 6.000 pör sumarið 1991.⁵² Önnur vörp eru mun minni: Elliðaey, Bjarnarey, Alsey og Suðurey. Heyrst hefur til skrofu í Brandi en varp hefur ekki verið staðfest þar. Skrofuegg fannst í lundavarp í Krísuvíkurbergi árið 1982 og var það líkast til einstakt tilvik því skrofur hafa ekki fundist þar síðan, þrátt fyrir leit.⁶³ Skrofan er úthafsfugl að mestu leyti og sést við Suður- og Suðvesturland frá marslokum fram í september, en er sjaldséð annars staðar við landið. Staerð varpstofnsins er áætluð 7-10 þúsund pör.

Lífshættir: Skrofan verpur í holum í grassverði í úteyjum og er þar mest áberandi í þungbúnu veðri að næturlagi. Síðdegis hópa skrofunnar sig stundum á sjó næmi varpstöðvunum og sjást þá jafnvel í þúsundatali á flóanum við Faxasker norðan Ystakletts. Þær hverfa frá landinu í lok varptíma (september) og dvelja sennilega víða í Atlantshafi. Íslensk skrofa hefur til dæmis náðst við strendur Brasilíu. Lífshættir skrofunnar eru um margt sérstakir. Fuglárnrir verða seint kynþroska. Skrofan verpur einu egg í holu sína, venjulega um mánaðamót maí-júní, álegu-tíminn er langur, unginn klekst eftir 7-8 vikur og yfirgefa foreldrÁrnir hann í holunni þegar hann er um tveggja mánaða gamall. Unginn dvelst síðan einn í rúma viku en þá rekur hungrið hann af stað - einan út í heiminn. Hann verður því fleygur á um 10 vikum, eða í september-október. Fæða skrofunnar er aðallega fiskur, svo sem síld, en einnig smokkfiskur og krabbadýr.

Helstu ógnir: Skrofan verpur aðeins í Vestmannaeyjum og því geta staðbundin áföll leikið stofninn grátt. Þannig er friðlýst að aðalsvarpstöðvar skrofunnar í Ystakletti hafi orðið illa úti í öskufalli í Vestmannaeyjagösinu 1973. Sökum hnappdreifingar stofnsins geta mengunarslys og önnur áföll verið stofninum dýrkeypt. Sums staðar erlendis hafa dýr sem borist hafa með mönnum, eins og kettir, rottur og minkar, valdið miklum usla í skrofubyggðum. Bæði kettir og rottur hafa lagst út í fuglabýggðir á Heimaey.


Vernd og vöktun: Skrofan hefur verið friðuð fyrir skotveiðum frá 1954. Áður fyrr voru ung-Árnir nýttir en sá siður er löngu aflagður. Aðalvarpsvæði skrofu í Vestmannaeyjum, í Ystakletti og Elliðaey, eru á náttúru-minjaskrá. Stofnstærð er aðeins gróflega þekkt og er æskilegt að meta hana með meiri nákvæmni og koma á reglubundinni vöktun stofnsins. Friðlýsa ætti tvö helstu varpsvæðin, Elliðaey og Ystaklett.



Skrofa, E: Manx Shearwater, D: Almindelig skrápe, Þ: Schwarzschnabel-Sturmfäucher, F: Puffin des Anglais. Ljósni.: J.O.H.

Staða á heimsvísu: Skrofur eru algengastar á Bretlandseyjum en verpa einnig á ýmsum eyjum í Atlantshafi, svo sem í Færeyjum og á Kanaríeyjum. Þær hafa nýlega numið land á Nýfundnalandi. Skrofan verpur á tiltölulega fáum stöðum og nýtur því sérstaks eftirlits og verndar í Evrópu, þrátt fyrir að stofninn sé fremur stór og ekki talinn í hættu að öðru leyti. Samkvæmt Bernarsamningi ber að friða skrofuna í Evrópu.

English summary: The Manx Shearwater is found only in Vestmannaeyjar off the south coast, where it breeds at five locations. The population is estimated at around 7,000-10,000 pairs, more than half of which nest on the Ystiklettur headland at the northern tip of Heimaey, the only inhabited island of Vestmannaeyjar. Harvesting of young took place formerly and is technically still permitted, although no longer practised. Adult birds have been protected since 1954.



Tegundir í yfirvofandi hættu (VU)

*STORMSVALA **Hydrobates pelagicus***

Staða: I yfirvofandi hættu (VU)

Forsenda: Fáir varpstaðir

Alþjóðlegar skuldbindingar:

V Bernarsamningur: viðauki II

V Búsvæðavemd (Ályktun nr. 6/1998)

Helstu varpstöðvar stormsvölu hér á landi eru í Vestmannaeyjum og er stærð varpstofnsins álitin vera 50-100 þúsund pör. Stormsvölur hafa sést á ýmsum stöðum við sunnanvert landið á varptíma, allt frá Garðskaga í vestri til Papeyjar í austri, og því kann stormsvalan að verpa víðaren fríðlýst hefur verið til þessa.

Utbreiðsla og stofnstærð: Stormsvölur verpa í úteyjum Vestmannaeyja, Ingólfshöfða og Skrúði. Stærð varpstofnsins er gróflega metin 50.000-100.000 pör og er langstærða varpið í Elliðaey í Vestmannaeyjum.⁵² Stormsvala verpur einnig í Bjarnarey og Brandi og var áður fyrir í Ystakletti en hefur ekki sést þar í varpi á síðari árum.

Lifshættir: Stormsvalan er úthafsfugl og verpur í úteyjum og höfðum. Hún grefur sér ekki varpholur en hreiðrar um sig í klettaglufum, oft á milli hraunlaga, en einnig í urðum. Varptíminn hefst seint, venjulega um miðjan júní, en fuglárnrir eru stundum að verpa fram í miðjan júlí. Stormsvalan verpur einu eggj og klekst það á tæpum sjö vikum. Unginn verður fleygur á um tveim mánuðum, eða í fyrsta lagi seinni hluta september, stundum þó ekki fyrr en í nóvember. Stormsvalan hverfur frá landinu á haustin er varptíma lýkur og dvelst sennilega víða á austanverðu Atlantshafi, allt til Suður-Afríku. Um varptímann flakka geldfuglar á milli byggða og jafnvel landa á milli. Fæðan er aðallega dýrasvif en einnig smáfiskar, smokkfiskar o.fl.

Helstu ágnir: Eins og skrofa og sjósvala verpur stormsvalan á örfáum stöðum og nær eingöngu í Vestmannaeyjum. Ýmis áföll, svo sem mengunarslys, og innflutt rándýr geta því verið stofninum skeinuhætt.

Vemd og vöktun: Stormsvalan hefur verið alfriðuð frá 1954. Tveir varpstaðir hennar eru fríðlýstir, Skrúður og Ingólfshöfði, en aðalvarpstaðurinn í Elliðaey er á náttúruminjaskrá. Lagt er til að Elliðaey verði fríðlýst og átak verði gert til þess að afla betri gagna um stofnstærð og útbreiðslu, m.a. til þess að byggja á tillögur um vöktun stofnsins til frambúðar.


Staða á heimsvísu: Stormsvalan verpur svo að segja eingöngu í Norðvestur-Evrópu og er fríðlýst að stærðu vörpin séu í Færeyjum. Tiltölulega fáir varpstaðir valda því að stormsvalan nýtur sérstaks eftirlits og vermdar í Evrópu, þrátt fyrir að stofninn sé fremur stór og ekki álitinn í hættu að öðru leyti. Samkvæmt Bernarsamningnum ber að friða stormsvöluna í Evrópu og vernda búsvæði hennar sérstaklega.

English summary: The Storm Petrel breeds mainly on some islands in Vestmannaeyjar, but small colonies were recently discovered at Ingólfshöfði in the south and Skrúður in the east.



Stormsvala, E: Storm Petrel, D: Lille stormsvale, P: Sturmschwalbe, F: Pétrel tempête. Ljós.: J.Ó.H.

The population has been estimated at around 50,000-100,000 pairs, with the bulk breeding at one site, the island of Elliðaey in Vestmannaeyjar. The Storm Petrel has been fully protected in Iceland since 1954.



STUTTNEFJA

Uria lomvia

Staða: í yfirvofandi hættu (VU)

Forsenda: Hefur fækkað, >20% fækkun ó 10 árum

Alþjóðlegar skuldbindingar:

V Bernarsamningur: Viðauki III


Stuttnefja er sjófugl af ætt svartfugla og einn af einkennisfuglum fuglabjarga. Hún er algeng á norðurslóðum og liggja suðurmörk varpútbreiðslu hennar um Island. Á árunum 1983-1985 var íslenski varpstofninn álitinn 580.000 pör í um 25 björgum. Síðan hefur fuglum fækkað í a.m.k. tveimur björgum og líklegt má telja að hið sama hafi gerðt annars staðar. Stuttnefjur eru algengir vetrargestir hér en friðlýst er að íslensku fuglárni hverfi vestur um haf á veturna.

Útbreiðsla og stofnstærð: Stuttnefjan er algengur varpfugl, einkum um norðanvert landið. Heildarmat á stærð Íslenska varpstofnsins var unnið á árunum 1938-1978 og þá var álitid að hér byggju tæpar tvær milljónir para." Nákvæmara mat var framkvæmt 1983-1985 og þá voru varppör talin 580.000." Erfitt er að túlka þessa meintu fækkun vegna þess hve vandasamt er að telja í stóru vestfirsku fuglabjörgunum þremur, Hornbjargi, Hælavíkurbjargi og Látrabjargi. Á árabílinu 1985-1994 fækkaði stuttnefjum á tveimur stöðum þar sem stuttnefjur hafa verið vaktaðar; um 2,7% á ári í Krísuvíkurbergi en 4,1% á ári í Skoruvíkurbjargi.¹¹ Fækkunin virðist enn halda áfram, eins og talningar árið 1999 benda til, og nemur heildarfækkun frá 1985 tugum prósentu.⁶

Lífshættir: Stuttnefjan verpur í fuglabjörgum og hefst varpið upp úr miðjum maí. Eggið er eitt og klekst út á 4-5 vikum. Fuglárni lifa mest á krabbadýrum, sandsili og loðnu⁶⁸ sem þeir sækja oft mjög langt á haf út. Þannig fljúga stuttnefjur úr Látrabjargi út á mitt Grænlandssund til fæðuöflunar.²² Íslenskar stuttnefjur virðast halda sig við Grænland og Nýfundnaland á veturna en fuglar frá Svalbarða og Bjarnareyju hafa vetursetu hér við land.

Helstu ógnir: Fækkun í íslenska stuttnefjustofninum er áhyggjuefni en ástæður hennar eru ekki að fullu ljósar. Veidar virðast vera fremur takmarkaðar hér við land og lítið um að stuttnefjur drepið í veiðarfærum. Langlíklegasta skýringin er ofveiði við Grænland en þar hefur stuttnefjum fækkað svo um munar í fuglabjörgum og sum þeirra verið lögð í auðn.⁵⁵ Miklar veiðar voru stundaðar við Nýfundnaland á veturna á árum áður, en sökum ofveiði settu þarland yfirvöld strangar veiðitakmarkanir sem enn eru í gildi.


Vernd og vöktun: Stuttnefja er friðuð yfir varptímann að öðru leyti en því að taka má egg. Þó er heimilt að veiða fugla í haf þar sem slíkt hefur talið til hefðbundinna hlunninda, sem er tæpast annars staðar en í Grímsey. Skjóta má stuttnefju á tímabilinu 1. september til 10. maí og nemur skráð veiði milli 15 og 20 þúsund fuglum á ári.⁹⁴ Þessar tölur verður þó að taka með fyrirvara þar sem líklegt er að ekki geri allir veiðimenn greinarmun á stuttnefju og langvíu. Stuttnefjan hefur verið vöktuð í tveimur fuglabjörgum en full ástæða er til að auka vöktunina í ljósi uggvænlegrar fækkunar. Ráðherrar ríkja á norðurslóðum hafa undirritað sérstaka verndaráætlun fyrir stuttnefju og langvíu á vegum svonefnds CAFF-samstarfs.



Stuttnefja, E: Brinnich's Guillemot (Am. Thick-billed Murre), D: Kortnæbbet lomvie, P: Dickschnabellumme, F: Guillemot de Brjnnich. Ljósni.: J.O.H.

Staba á heimssvisu: Stuttnefja er hánorrænn fugl. Alheimsstofninn er áætlaður um 14 milljón fuglar, þar af um 10 milljónir í Norður-Atlantshafi. Samkvæmt Bernarsamningnum ber að stýra veiðum á stuttnefju. Veiðiskýrslur eru skref í þá átt þótt áhrif veiða og annarra dauðsfalla á stofninn hafi ekki verið metin. Vinna ber með öðrum þjóðum, einkum Grænlandingum, að því að meta þótt veiða í fækkun í íslenska stofninum.

English summary: The Brinnich's Guillemot is common in Iceland, with an estimated 580,000 breeding pairs in 1983-1985. Since then, a serious decline has become apparent at two colonies which are being monitored. Hunting pressure and other man-induced mortality factors are of relatively little significance in Iceland. It is assumed that the decline is due to excessive hunting on the wintering grounds in western Greenland and Newfoundland. Overhunting has long been recognized as a major problem in both countries, leading to drastic cuts in hunting quotas in Newfoundland several years ago.



SÚLA *Morus bassanus*

Staða: í yfirvofandi hættu (VU)

Forsenda: Fáir varpstaðir

Alþjóðlegar skuldbindingar:

V Bernarsamningur: viðauki III

Súlan er afar glæsilegur sjófugl og stundum nefnd drottning Atlantshafðins. stærða íslenska súlubyggðin er í Eldey og er hún sú sjötta stærða í heimi. Tiltölulega auðvelt er að telja súlur á varpstöðvum og hefur verið fylgst með fjölda fugla í flestum súlubyggðum veraldar síðan 1939. Súlum hefur viðast hvar fjölgað á undanförunum áratugum en stofnstærð hér við land hefur litið breyst síðastliðin 20-30 ár.

Utbreiðsla og stofnstærð: Á Íslandi verpur súlan í fáum stórum vörpum annars vegar við austanvert landið: í Rauðanúpi á Sléttu, Skoruvík á Langanesi og Skrúði og hins vegar við Suðurland: í Eldey og úteyjum Vestmannaeyja.⁸ Súlur urpu áður í Grímsey og hafa orpið í Kerlingu við Drangey og Máfadrangi við Dyrhólaey.^{10/100} Um 25.000 súlnapör verpa hér við land skv. talningu árið 1994, þar af 16.500 í Eldey, sem er sjötta stærða súlubyggð heims. Um þriðjungur íslenska súlustofnsins verpur í fjórum úteyjum Vestmannaeyja, alls um 9.000 pör. Þessar eyjar eru: Brandur (548 pör), Hellisey (2.653), Litli og Stóri Geldungur (1.365) og Súlnasker (4.434). Sunnlenski súlustofninn hefur haldist svo til stöðugur frá 1953. Hægfara aukning hefur þó verið í Súlnaskeri en ekki annars staðar í Eyjum. Vörpin á Austurlandi hafa öll myndast eftir 1940 og vaxið stöðugt fram á síðustu ár. Byggðin í Skrúði er þeirra stærðt, um 1.700 pör.¹⁰

Lífshættir: Súlan verpur aðeins í illkleifum stöpum eða eyjum, yfirleitt í mjög stórum vörpum. Utan varptíma er hún úthafsfugl og sést við landið allt árið en hverfur þó að mestu yfir háveturinn (nóvember-desember). Þá dvelja íslenskar súlur á landgrunni við austanvert Atlantshaf, frá Noregi suður til Vestur-Afríku. Íslensk súla hefur einnig náðst við Vestur-Grænland. Súlan er komin á varpstöðvarnar í febrúar en varptíminn hefst í apríl. Hún gerir sér hrauk úr þangi eða öðrum tilfallandi efniviði og verpur aðeins einu eggi. Unginn klekst eftir rúmlega sjö vikur, blindur og ófiðraður, og verður fleygur eftir þrjá mánuði frá seinni hluta ágúst og fram í september. Fæða súlunnar er fiskur, sem hún veiðir oftast með því að steypa sér úr talsverðri hæð en við það vankast bráðin og verður auðteknari. Síld er í miklu uppáhaldi hjá súlunni en einnig loðna og makrill.

Helstu ógnir: Súluvarp er aðeins á sex stöðum hér við land og því gætu t.d. mengunarslys valdið stofninum miklum skaða. Ofveiði fiskistofna gæti einnig komið niður á súlunni, auk þess sem hyggja þarf að því að súluungar séu ekki ofnýttir þar sem hefð er fyrir slíkri veiði og hún leyfð.

Vernd og vöktun: Súlan hefur verið friðuð fyrir skotveiðum síðan 1994 en heimilt er að veiða unga þar sem það telst til hefðbundinna nytja. Þetta á einungis við um vörpin í Vestmannaeyjum sem hafa verið nýtt um aldir. Þar voru drepnir innan við 1.000 ungar á ári




Súla, E: Gannet, D: Sule, P: Bafitölpel, F: Fou de Bassan. Ljósm.: J.Ó.H.

1995-1998.⁹⁴ Súluungar voru einnig veiddir í Eldey frá lokum 19. aldar til 1939 er Eldey var lýst friðland fugla, hið fyrsta hér á landi.¹⁰⁰ Skrúður er einnig friðland og flest önnur súluvörp eru á náttúruminjasrá en nauðsynlegt er að koma á formlegri friðun allra súluvarpa á Íslandi. Talið hefur verið reglulega í íslenskum súlubygðum á undanförmum áratugum.

Staða á heimsvísu: Súlan verpur beggja vegna Atlantshafs og eru stærstu byggðirnar á Bretlandseyjum en þar verpur meirihluti allra súlna í heiminum. Þar sem byggðirnar eru tiltölulega fáar en stórar er súlan talin þarfnast sérstakra verndaraðgerða og eftirlits, þrátt fyrir vaxandi stofna víðast hvar. Til að tryggja vernd stofnsins ber skv. Bernarsamningnum að stjórna veiðum þar sem þær eru leyfðar í Evrópu.

English summary: The Gannet breeds in two widely separated groups of colonies: in the south at Eldey and Vestmannaeyjar, and in the east at Rauðinúpur, Langanes, and Skróður. The southern colonies have remained more or less stable for several decades: in 1994 16,500 pairs were counted on Eldey and 9,000 pairs in Vestmannaeyjar.

The eastern colonies were all established after 1940 and have increased continuously ever since. In 1994 there were 1,700 pairs at the largest colony, Skróður. The total Icelandic Gannet population is estimated at 25,000 pairs. Some traditional harvesting of young is permitted in Vestmannaeyjar, where 600—1,000 birds are taken annually. The shooting of adult birds was permitted seasonally until 1994.



SVARTBAKUR

Larus marinus

Staða: I yfirvofandi hættu (VU)

Forsenda: Hefur fækkað mikið

Svarbakurinn er útbreiddasti máfurinn hér á landi en stöðugt hefur fækkað í stofninum á undanförunum áratugum, ólíkt öðrum máfastofnum sem flestir eru í vexti. Orsakir þessarar fækkunar eru óljósar en benda má á miklar veiðar og minni lífrænan úrgang frá sláturhúsum og frystihúsum. Varpstofninn er álitinn 15-20 þúsund pör.

Útbreiðsla og stofnstærð: Hér á landi er svarbakurinn mjög útbreiddur og verpur með svo til allri ströndinni og einnig strjált inn til landsins, jafnvel á hálendinu. stærstu vörpin eru á Mýrum, í eyjum Hvammsfjarðar og á skafffellsku söndunum. Margt bendir til þess að svartböfum hafi fjölgað talsvert hér á landi fyrir og um miðja 20. öld,²⁻³⁵ en á síðustu áratugum hefur þeim fækkað víða. Mörg vörp hafa minnkað verulega og jafnvel liðið undir lok og er það einkum áberandi í ár- og vatnshólum inn til landsins,⁵³⁻⁶³ en einnig við sjávarsíðuna suðvestanlands,⁶³ á Mýrum,⁶¹ við norðanverðan Breiðafjörð, Skjálfanda,^{89,94} Öxarfjörð og í Örafum.⁴⁵ Á stöku stað hafa vörp annað hvort vaxið á síðustu áratugum; t.d. í Grímsey á Steingrímsfirði⁵³ eða staðið í stað, svo sem í Stagley á Breiðafirði¹⁰⁷. Ástæður fyrir fækkun svartbaka eru ekki ljósar en sums staðar má kenna um miklum veiðum og einnig minna fæðuframboði vegna breyttra aðferða við förgun á lífrænum úrgangi. Stofnstærðin er óþekkt en gískað hefur verið á að 15-20 þúsund pör verpi hér á landi.

Lífshættir: Varpkjörlandi svartbaksins er fjölbreytt en hann virðist þó forðast staði þar sem refir eru algengir og eiga greiða leið að hreiðrunum. Því verpa svartbakar iðulega í vatnahólum og á áreyrum inn til landsins en við ströndina á eyðisöndum, klettasökkum og í eyjum og hólum. Varpið hefst snemma eða í lok apríl. Egginn eru venjulega þrjú og verða ungámir fleygir á 7-8 vikum. Svarbakurinn nærast mest á sjávarfangi en tekur einnig egg og unga, leggst á lömb og hirðir hræ og reka. Hann verpur sums staðar í þéttum byggðum en einnig eru pör á stangli. Utan varptíma safnast svartbakar saman við öskuhauga, skólpræsi og fiskvinnslustöðvar, líkt og aðrir máfur. Svarbakurinn er að mestu leyti staðfugl en ungir fuglar flakka eifthvað til næstu landa.

Helstu ógnir: Mikið er skotið af svartbak vegna meints tjóns á æðarvarpi og annars hugsanlegs skaða. Samkvæmt veiðiskýrslum eru veiddir hér 30.000-36.000 fuglar árlega.⁹⁴ Fyrrum voru bæði egg og ungar nýtt til matar en nú á tímum er eggjataka á hröðu undanhaldi.


Vernd og vöktun: Svarbakurinn nýtur ekki friðunar og hefur aldrei gert. Hafa ber þó í huga að samkvæmt lögum er einungis heimilt að veiða fugla til að nýta verðmæti í kjöti eða skinni eða til að koma í veg fyrir tjón. Í samræmi við lög er rétt að takmarka veiðar á svartbak við þá staði þar sem um lögmæta, skilgreinda hagsmuni er að ræða. Svarbakur er settur á válista sökum þeirrar augljósu fækkunar sem orðið hefur í stofninum undanfarna áratugi. Stofnstærð er samt engan veginn nægilega vel þekkt og stofninn hefur ekki verið vaktaður til að fylgjast með breytingum á honum. Úr þessu þarf að bæta.



Svartbakur, E: Great Black-backed Gull, D: Svartbag, P: Mantelmöwe, F: Goéland marin.
Ljós.: J.Ó.H.

Staða á heimsvísu: Höfuðheimkynni svartbaksins eru í Norðvestur-Evrópu en hann verpur einnig á Grænlandi og í Norður-Ameríku. Þeir stofnar sem eru sæmilega þekktir í heiminum hafa annaðhvort staðið í stað eða vaxið á undanförunum áratugum á sama tíma og svartbak hefur fækkað á Íslandi. Hann er ekki talinn þarfnast verndaraðgerða í Evrópu.

English summary: The Great Black-backed Gull is widely distributed in Iceland, breeding mostly in coastal areas, with the bulk of the population in the west. Numbers have declined in recent decades, probably due to a combination of increased persecution and declining food sources (offal and other organic waste). There is an open season on the Great Black-backed Gull in Iceland throughout the year.



GRAFÖND

Anas acuta

Staða: í nokkurri hættu (LR, cd)

Forsenda: HáS vernd

Alþjóðlegar skuldbindingar:

V Bernarsamningur: viðauki III

Graföndin er útbreiddur en víðast hvar afar strjáll varpfugl. Hún er algengust í flæðilöndum norðanlands og austan og er líklegt að meirihluta varpstofnsins sé þar að finna en hann telur aðeins nokkur hundruð pör.

Utbreiðsla og stofnstærð: Graföndin verpur strjált um land allt, m.a. á hálendinu. Utbreiðsla grafandar er ekki þekkt til fulls en vitað að hún er algengust í flæðilöndum á óshólmavæðum norðanlands og austan, í Skagafirði, Eyjafirði, Aðaldal, Oxarfirði og á Út-Héraði. Stærð íslenska varpstofnsins er óþekkt en hefur verið áætluð um 500 pör, þar af verpa um 50 pör að jafnaði við Mývatn.⁹ Margt bendir til þess að grafendur hafi verið algengari hér áður fyrr.

Lífshættir: Graföndin er farfugl sem dreifist víða um Vestur-Evrópu utan varptíma. Hún kemur til landsins í apríl og fer aftur í september. Stöku fuglar sjást suðvestanlands á vetrum, m.a. á Skerjafirði. Kjörlendi grafanda er lífríkt votlendi eins og grunn vötn og gulstararflóð. Þær verpa snemma, sumar þegar í byrjun maí en flestar um miðjan mánuðinn. Egginn eru fremur fá miðað við aðrar endur, 6-8 talsins. Fyrstu ungárnið klekjast í byrjun júní og verða fleygir eftir 6-7 vikur. Fæðan er svipuð og hjá öðrum gráöndum, ýmislegt plöntukyns (aðallega á vetrum) og vatnaskordýr (einkum á varptíma).

Helstu ógnir: skerðing búsvæða, og þá einkum framræsla, hefur gert stór svæði óbyggileg fyrir grafendur. Einnig hefur borið á ólöglegum skotveiðum. Þar sem taka má andaregg er viss hættu á að grafandaregg séu tekin í misgripum (yrir egg annarra tegunda).


Vernd og vöktun: Graföndin hefur verið alfriðuð frá 1994 en fram að því var skotveiði leyfð utan varptíma og einnig eggjataka á afmörkuðum svæðum. Fylgst er árlega með stofnbreytingum grafandar á Mývatni og óreglulega á tveimur svæðum öðrum á Norðurlandi en afla þarf áreiðanlegrar vitneskju um útbreiðslu hennar og stofnstærð. Jafnframt er æskilegt að styrkja vöktun grafandar um land allt. Verndun og endurheimt vottlendissvæða kemur graföndinni til góða.

Staða á heimsvísu: Graföndin er strjáll varpfugl í Vestur-Evrópu og er að mati alþjóðlegu fuglaverndarsamtakanna talin í yfirvofandi hættu (VU) á evrópska vísu, þar sem talið er að graföndum hafi fækkað um 90% frá 1970 til 1990.⁹² Ástæðan er fyrst og fremst skerðing búsvæða bæði á varplöndum og á vetrarstöðvum, þar á meðal í Afríku. Samkvæmt Bernarsamningnum ber að hafa stjórn á veiðum þar sem þær eru leyfðar til að tryggja varðveislu stofnsins. Graföndin er hins vegar afar útbreidd frá Eystrasalti til Kyrrahafs sem og í Norður-Ameríku.



Grafönd, E: Pintail, D: Spidsand, þ: Spießente, F: Canard pilet. Ljós.: J.Ó.H.

English summary: The Pintail breeds sparsely throughout Iceland but is commonest in certain floodlands in the north and northeast. The population, which has been poorly investigated, is estimated at around 500 pairs. The Pintail is now fully protected in Iceland, but until 1994 seasonal hunting was permitted að well að harvesting of eggs.



STORMMÁFUR

Larus canus

Staða: í nokkurri hættu (LR, cd)

Forsenda: Háður vernd

Alþjóðlegar skuldbindingar:

V Bernarsamningur: viðauki III

Stormmáfurinn er nýlegur varpfugl í landinu en fyrsta hreiðrið fannst árið 1955. Síðan hefur vaxið upp stofn sem talinn er 500-600 pör og verpa þau víða um land. Eyjafjörður er lykilsvæði fyrir tegundina en þar er að finna ríflega helming stofnsins. Ekki er talið að stormmáfar valdi neinum skaða og eru þeir alfríðaðir.

Utbreitsla og stofnstærð: Fyrsta stormmáfshreiðrið fannst hér 1955⁴ en líklegt er að tegundin hafi byrjað að verpa allt að tveimur áratugum fyrr. Síðan hefur stofninn smám saman vaxið og á eflaust enn eftir að stækka. Varpstofninn er nú álitinn vera 500-600 pör⁷⁶ og er þungamiðjan á Eyjafjarðarsvæðinu, en þar verpur meirihluti stofnsins. Stormmáfar hafa verið að breiðast út um landið og verpa þeir nú víða á Norðurlandi, Austur- og Suðausturlandi og á svæðinu frá miðju Suðurlandi vestur um til breiðafjarðar.

Lifshættir: Stormmáfar verpa í eyjum, óshálmum á sjávarströndum og áreyrum en einnig í votlendi, jafnvel langt frá sjó. Þeir verpa frá seinni hluta maí og fram í júní og eru eggin yfirleitt 2 eða 3. Utungun tekur 3-4 vikur og ungar fara úr hreiðri 3-5 dögum eftir klak. Stormmáfar eru fjölhæfir í fæðuvali en lifa þó einkum á hryggleyðingjum við sjávarstrendur og í túnnum og mólendi. Íslenskir stormmáfar virðast flestir halda til við Bretlandseyjar yfir vetrarmánuðina en þeir hafa einnig fundist á Nýfundnalandi. Hluti stofnsins heldur þó til við strendur Suðvesturlands á veturna.

Helstu ógnir: Flestir landsmenn gera lítinn greinarmun á hinum ýmsu tegundum máfa og er stormmáfur stöku sinnum skotinn af vangá. Víða verpa stormmáfar í sambýli með hettumáfum. Þar eð taka hettumáfseggja er heimil kemur fyrir að stormmáfsegg séu tínd jafnhliða, þrátt fyrir að þau séu fríðuð. Stærðta stormmáfsvarp landsins er við Akureyrarflugvöll og er þar nokkur þrýstingur á að fækka fuglunum eða hrekja þá burtu til þess að auka flugöryggi.

Vernd og vöktun: Stormmáfur er alfríðaður. nauðsynlegt er að efla fræðslu svo landsmenn eigi hægara með að greina milli einstakra máfategunda, bæði fuglanna sjálfra og eggja þeirra. Slíkri fræðslu mætti beina í tiltekna landshluta, svo sem til Eyjafjarðar þegar stormmáfar eiga í hlut. Stofninn í Eyjafirði er vaktadur á fimm ára fresti en skipuleggja þarf vöktun stofnsins í landinu í heild.

Staða á heimsvísu: Stormmáfur er útbreiddur varpfugl víða um heim, bæði austan hafs og vestan. Stofninn í heild er talinn vera sterkur og er víða í vexti en vísbendingar hafa þó komið fram um fækkun í Noregi og Danmörku þar sem stór hluti stofnsins verpur. Þar sem veiðar eru leyfðar í Evrópu ber skv. Bernarsamningnum að hafa stjórn á þeim til þess að tryggja vernd stofnsins.



Stormmáfur, E: Common Gull, D: Stormmáge, þ: Sturmmöwe, F: Goéland cendré. Llósm.: J.Ó.H.

English summary: The Common Gull is a recent addition to the Icelandic breeding fauna. The first nest was reported in 1955, although the species may have started breeding here up to two decades earlier. The breeding population is now estimated at 500 to 600 pairs. Some birds overwinter in Iceland, while the rest migrate mainly to the British Isles, though individuals have also been reported in Newfoundland. The Common Gull is fully protected, but some illegal shooting and taking of eggs occurs. This is primarily due to confusion with the Black-headed Gull or other gull species.



STRAUMÖND

Histrionicus histrionicus

Staða: í nokkurri hættu (LR, cd)

Forsenda: Háð vernd, Island er eina varpland straumandar í Evrópu

Alþjóðlegar skuldhindingar:

V Bernarsamningur: viðauki II

V Búsvæðavernd (Ályktun nr. 6/1998)

Þessi lítskrúðuga önd er amerísk, líkt og himbrimi og húsönd, og er Island eini varpstaður hennar í Evrópu. Straumöndin verpur víða um land en eingöngu við straumharðar ár og læki. Á veturna flytur hún sig um set og dvelst þá í brimrótinu með ströndum fram. Varpstofninn er talinn 3-4 þúsund pör.

Utbreiðsla og stofnstærð: Straumendur verpa strjált í öllum landshlutum. Þéttasta straumandarvarpið er við ofanverða Laxá í Mývatnssveit en þar hafa allt að 200 pör orpið á síðastliðnum 20 árum.¹²¹¹ Þéttleiki varpfugla við aðrar bergvatnsár er afar misjafn: frá 0,2 upp í 7 pör á hvern kílómetra ár.²³ Varpstofn íslensku straumandarinnar var áætlaður 2-3.000 pör en nýlegar talningar benda til þess að stofninn gæti verið í kringum 4 þúsund pör.⁶⁹

Lífshættir: Um varptímann halda straumendur sig á bergvatnsám og verpa gjarnan í árhólum. Að öðru leyti dveljast þær á sjó allt í kringum land, yfirleitt þó við klettóttar strendur þar sem brims gæfir og er friðlýst að þær séu staðfuglar hér á landi. Straumendur koma á árnar frá apríllokum fram í júní. Varp tíminn hefst seinni hluta maí en er aðallega í júní. Egginn er venjulega 5-7 talsins. Álega og þroskunartími unga er ekki vel þekktur. Straumendur sjást iðulega með ófleyga unga fram í september og stundum jafnvel fram í október. Þegar kollumar fara að liggja á hverfa steggirnir til strandar og fella þar flugfjaðrir. Á varpstöðvum taka straumendur fyrst og fremst lifur bitmýs en ýmis krabbadýr og skeldýr á sjó.

Helstu ógnir: Safnarar sóttu mikið í straumandaregg áður fyrr og reyna sumir fyrir sér enn þann dag í dag. Straumendur eru einnig skotnar ólöglega, m.a. til uppstoppunar. Varpheimkynni straumanda eru fremur sérhæfð en þær verpa svo til eingöngu við bergvatnsár. Breytingar á vistkerfi straumvatna í kjölfar virkjana hafa eyðilagt straumandarpéttbýli, m.a. við Sog³⁷ og Þórisós, sem áður féll úr Þórisvatni.

Vernd og vöktun: Straumöndin hefur verið friðuð frá 1954 en fram að því mátti veiða hana ufan varptíma og taka egg. Straumönd skipar sérstakan sess þar eð hún verpur hvergi í Evrópu nema hérlendis og er ábyrgð Íslendinga á framtíð stofnsins því mikil.¹⁷ Straumandarstofninn er vaktaður árlega á Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu, frá ósum upp í Mývatn, og þyrfti að skipuleggja vöktunarkerfi fyrir landið í heild.


Staða á heimsvísu: Straumöndin verpur á Islandi, Suðvestur-Grænlandi, í Labrador, vestanverðri N-Ameríku og austaðt í Síberíu. Hún er að mati Alþjóðlegu fuglaverndarsamtakanna



Straumönd, E: Harlequin Duck, D: Stæmand, Þ: Kragenente, F: Garrot arlequin. Ljós.: J.Ó.H.

talinn 1 yfirvofandi hættu (VU) í Evrópu og er það eingöngu vegna hins staðbundna og tiltölulega fálíðaða stofns á Íslandi. Fremur lítið er vitað um stærð og dreifingu annarra stofna. Samkvæmt Bernarsamningnum ber að friða straumönd í Evrópu og vernda búsvæði hennar sérstaklega.

English summary: The Harlequin Duck is relatively common in Iceland, breeding along fast-flowing rivers in all parts of the country. It is commonest on outlet rivers from lakes, e.g. the river Laxá at Lake Mývatn, where up to 200 pairs have bred in recent years. Relatively little is known about population trends of the Harlequin in Iceland. The population is roughly estimated at 3,000-4,000 breeding pairs.



Heimildir

1. Agnar Ingólfsson 1961. The distribution and breeding ecology of the White-tailed Eagle *Haliaeetus albicilla* (L.) in Iceland. B.Sc.-ritgerð. Univ. Aberdeen. (2)+58+(21) bls.
2. Agnar Ingólfsson 1973. Hugleiðingar um svartbak og fleira. Kaldbakur 2: 4-9.
3. Anon. 2000. Brandendur í sókn - varp 1 999. Fréttabréf Fuglaverndarfélags Íslands 13(1): 10-11.
4. Arnþór Garðarsson 1956. Stormmáfur, nýr varpfugl á Íslandi. Náttúrufræðingurinn 26: 87-93.
5. Arnþór Garðarsson 1978. Íslenski húsandarstofninn. Náttúrufræðingurinn 48: 162-191.
6. Arnþór Garðarsson 1979. Waterfowl populations of Lake Mývatn and recent changes in numbers and food habits. Oikos 32: 250-270.
7. Arnþór Garðarsson 1984. Fuglabjörg Suðurkjálkans. Arbók Ferðafélags Íslands 1984: 127-160.
8. Arnþór Garðarsson 1989. Yfirlit yfir íslenskar súlubyggðir. Bliki 7: 1-22.
9. Arnþór Garðarsson 1991. Fuglalíf við Mývatn og Laxá. Bls. 279-319 / (Arnþór Garðarsson & Árni Einarsson, ritstj.) Náttúra Mývatns. Hið íslenska náttúrufræðifélag. Reykjavík.
10. Arnþór Garðarsson 1995. Fjöldi súlu við Ísland 1989-1994. Náttúrufræðingurinn 64: 203-208.
11. Arnþór Garðarsson 1995. Svartfugl í íslenskum fuglabjörgum. Bliki 16:47-65.
12. Arnþór Garðarsson & Árni Einarsson 1997. Viðkoma og fjöldi nokkurra Mývatnsanda. Bliki 18: 1-13.
13. Arnþór Garðarsson & Guðmundur A. Guðmundsson 1996. Number of Light-bellied Brent Geese *Branta bernicla hrota* staging in Iceland in spring. Wildfowl 47: 62-66.
14. Asbirk, S., L. Berg, G. Hardeng, P. Koskimies & Ævar Petersen 1997. Population sizes and trends of birds in the Nordic Countries 1978-1994. Nordic Council of Ministers. TemaNord 1997: 614. 88 bls.
15. Árni Einarsson 1988. Distribution and movements of Barrow's Goldeneye *Bucephala islandica* young in relation to food. Ibis 130: 153-163.
16. Árni Einarsson 1990. Lax í efri Laxá. Fjölrit Náttúruverndarráðs 22. 37 bls.
17. Árni Einarsson 1994. Harlequin Duck. Bls. 136-137 í (G.M. Tucker & M.F. Heath, tóku saman) Birds in Europe: their conservation status. BirdLife International (BirdLife Conservation Series No. 3). Cambridge, U.K.
18. Árni Einarsson 1994. Barrow's Goldeneye. Bls. 140-141 í (G.M. Tucker & M.F. Heath, tóku saman) Birds in Europe: their conservation status. BirdLife International (BirdLife Conservation Series No. 3). Cambridge, U.K.
19. Árni Einarsson 1998. Dreifing flórgoða á Mývatni í ljósi kísilgúrvinnslu. Bls. 207-217 í (Jón S. Ólafsson, ritstj.) Íslensk votlendi - verndun og nýting. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
20. Árni Einarsson 2000. Flórgoðavarpið í Mývatnssveit. Bliki 20: 1-10.
21. Benedikt Þorsteinsson, Elínborg Pálsdóttir & Björn Arnarson 1989. Nýjar helsingjavarpstöðvar á Suðausturlandi. Bliki 8: 7-8.
22. Benvenuti, S., F. Bonadonna, L. Dall'Antonia & Guðmundur A. Guðmundsson 1998. Foraging flights of breeding Thick-billed Murres (*Uria lomvia*) að revealed by bird-borne direction recorders. Auk 115: 57-66.

23. Bengtson, S.-A. 1972. Breeding ecology of the Harlequin Duck *Histrionicus histrionicus* (L.) in Iceland. *Ornis. Scand.* 3: 1-19.
24. Bengtson, S.-A. 1984. Breeding ecology and extinction of the Great Auk (*Pinguinus impennis*): anecdotal evidence and conjectures. *Auk* 101: 1-12.
25. Bjarni Sæmundsson 1933-34. Zoologiske Meddelser fra Island, XVI. Nogle Ornithologiske lagtagelser og Oplysninger. *Vidensk. Meddel. fra Dansk Naturh. Foren.* 97: 25-86.
26. Björn Þórðarson 1957. Íslenskir fálkar. Safn til sögu Islands og íslenskra bókmennta. Annar flokkur. 1.5. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík. 168 bls.
27. Bourne, W.R.P. 1993. The story of the Great Auk *Pinguinus impennis*. *Arch. of Nat. Hist.* 20: 257-278.
28. Cade, T.J. 1982. *Falcons of the World*. Cornell Univ. Press, Ithaca, NY. 192 bls.
29. Council of Europe 1998. Resolution No. 6 (adapted on 4 December 1998) listing the species requiring specific habitat conservation measures. Standing Committee of the Convention on the Conservation of European Wildlife and Natural Habitats.
30. Cramp, S. 1985-1994 (ritstj.). *Handbook of the Birds of Europe, the Middle East and North Africa: the Birds of the Western Palearctic*. Vol. 4-9. Oxford University Press, Oxford.
31. Cramp, S. & K.E.L. Simmons 1977-1983 (ritstj.). *Handbook of the Birds of Europe, the Middle East and North Africa: the Birds of the Western Palearctic*. Vol. 1-3. Oxford University Press, Oxford.
32. Einar Ólafur Þorleifsson 1998. Ahrif framræslu ó votlendisfugla ó Suðurlandi. - Bls. 173-183 í (Jón S. Ólafsson, ritstj.) *Íslensk votlendi - verndun og nýting*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
33. Erling Ólafsson & Hálfadán Björnsson 1998. Strandtittlingur í Ingólfshöfða. Bls. 92-99 í Kvískerjabók. Sýslusafn Austur-Skaftafellssýslu, Höfn í Hornafirði.
34. Finnur Guðmundsson 1951. The effects of the recent climatic changes on the bird life of Iceland. *Proc. Int. Orn. Congr.* 10: 502-514.
35. Finnur Guðmundsson 1954. Íslenskir fuglar X. Svartbakur (*Larus marinus*). *Náttúrufræðingurinn* 24: 177-183.
36. Finnur Guðmundsson 1967. Haförninn. Bls. 95-134 í *Haförninn eftir Birgi Kjaran*. Bókfellsútgáfan, Reykjavík.
37. Finnur Guðmundsson 1971. Straumendur (*Histrionicus histrionicus*) á Islandi. *Náttúrufræðingurinn* 41: 1-28, 64-98.
38. Finnur Guðmundsson 1972. Skýrsla [til Náttúruverndarráðs] um haftyrdilsvarp í Grímsey. 6 bls.
39. Finnur Guðmundsson 1979. The past status and exploitation of the Mývatn waterfowl populations. *Oikos* 32: 232-249.
40. Finnur Guðmundsson 1984. Ur heimkynnum snæuglunnar. *Bliki* 3: 50-53.
41. Fox, A.D., D.W. Norris, H.J. Wilson, O.J. Mearns, D.A. Stroud, A. Sigfússon & C. Glahder 1999. Greenland White-fronted Goose *Anser albifrons flavirostris*. Bls. 130-142 í (J. Madsen, G. Cracknell & T. Fox, ritstj.) *Goose populations of the Western Palearctic*. Wetlands International Publications No. 48. Rönne.
42. Guðmundur A. Guðmundsson & Arnþór Garðarsson 1993. Numbers, geographic distribution and habitat utilization of waders (Charadrii) in spring on the shores of Iceland. *Ecography* 16: 82-93.

43. Gunnlaugur Pétursson o.fl. 1981-2000. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1981-1997. Bliki 1.-21.
44. Gunnlaugur Pétursson & Gunnlaugur Þráinsson 1999. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi fyrir 1981. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 37. 246 bls.
45. Hálfðán Björnsson 1976. Fuglalíf í Örfum, A.-Skaff. Náttúrufræðingurinn 46: 56-104.
46. Hjálmar R. Bárðarson 1986. Fuglar Íslands. Hjálmar R. Bárðarson, Reykjavík. 336 bls.
47. Hörður Kristinsson & Bergþór Jóhannsson 1970. Reitskipting Íslands fyrir rannsóknir á útbreiðslu plantna. Náttúrufræðingurinn 40: 58-65.
48. International Union for Conservation of Nature and Natural Resources 1996. IUCN Red List Categories adopted on 30 November 1994 / (J. Baillie & B. Croanbridge, ritstj.) IUCN Red List of threatened animals. IUCN, Gland, Switzerland.
49. Jóhann Óli Hilmarsson 1988. Er íslenski gulandarstofninn í hættu vegna ólöglegra veiða? Fréttabréf Fuglaverndarfélagssins 2(2): 4-6.
50. Jóhann Óli Hilmarsson & Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1998. Þórshana fækkar! Bráðabirgðafyrirlit um könnun 1997. Fréttabréf Fuglaverndarfélagssins 11(1): 1-3.
51. Jóhann Óli Hilmarsson & Erpur Snær Hansen. Stofnstærð og útbreiðsla sjósvölu í Elliðaey, Vestmannaeyjum. Handrit.
52. Jóhann Óli Hilmarsson & Erpur Snær Hansen. Óbirt gögn.
53. Jón Hallur Jóhannsson & Björk Guðjónsdóttir 1995. Útbreiðsla varpfugla í Steingrímsfirði og nágrenni. Könnun 1987-1994. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 28. 76 bls.
54. Jón S. Ólafsson 1998 (ritstj.) Íslensk vottendi —verndun og nýting. Háskólaútgáfan, Reykjavík. 283 bls.
55. Kamp, K., D.N. Nettleship & P.G.H. Evans 1994. Thick-billed Murres of Greenland: status and prospects. Bls. 133-154 í (D. N. Nettleship, J. Burger & M Gochfeld, ritstj.) Seabirds on Islands. Threats, case studies and action plans (BirdLife Conservation Series No. 1). BirdLife International, Cambridge, UK.
56. Kári Tryggvason 1941. Snæuglur við Laufrönd. Náttúrufræðingurinn 11, 135-140.
57. Kjartan G. Magnússon 1992. Birds of the Thingvallavatn area. Oikos 64: 381-395.
58. Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1987. Þórshaninn. Fréttabréf Fuglaverndarfélagssins 1(1): 6.
59. Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1994. Tjón af völdum arna í æðarvörpum. Umhverfissráðuneytið. 120 bls.
60. Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1999. Kóngur í kreppu — lítil viðskoma arnarnar [útdráttur]. Bls. 54 / (Sigurður S. Snorrason & Róbert A. Stefánsson, ritstj.) Líffræðirannsóknir á Íslandi. Ráðstefna 18.-20. nóvember 1999. Reykjavík.
61. Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2000. Fuglalíf í Mýrasýslu. Bliki 21: 15-30.
62. Kristinn Haukur Skarphéðinsson & Einar Þorleifsson 1998. Keldusvín útdauður varpfugl á Íslandi. Bls. 266-296 / Kvískerjabók. Sýslusafn Austur-Skaftafellssýslu, Höfn í Hornafirði.
63. Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Gunnlaugur Pétursson & Jóhann Óli Hilmarsson 1994. Útbreiðsla varpfugla á Suðvesturlandi. Könnun 1987-1992. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 25. 126 bls.
64. Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Ólafur K. Nielsen, Skarphéðin Þórisson & Ib Krag Petersen 1992. Varpútbreiðsla og fjöldi hrafna á Íslandi. Bliki 1 1: 1-26.

65. Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Ólafur K. Nielsen, Skarphéðinn Þórisson, Sverrir Thorstensen & Stanley A. Temple 1990. Breeding biology, movements, and persecution of Ravens in Iceland. *Acta Naturalia Islandica* 33. 45 bls.
66. Kristinn Haukur Skarphéðinsson & Ævar Petersen 1987. Skrá yfir varpsvæði þórshana á Íslandi. *Handritá Náttúrufræðistofnun Íslands*.
67. Kristín Ólafsdóttir, Ævar Petersen, Svava Þórðardóttir & Þorkell Jóhannesson 1995. Organochlorine residues in Gyrfalcon (*Falco rusticolus*) in Iceland. *Bulletin of Environmental Contamination & Toxicology* 55: 382-389.
68. Kristján Lillendahl & Jón Sólmundsson 1998. Fæða sex tegunda sjófugla við Ísland að sumarlagi. *Bliki* 19: 1-12.
69. Líffræðistofnun háskólans. Óbirt gögn (frá Arnþóri Garðarssyni).
70. Lund-Hansen, L.C. & P. Lange 1991. The numbers and distribution of the Great Skua *Stercorarius skua* breeding in Iceland 1984-1985. *Acta Naturalia Islandica* 34. 16 bls.
71. Lúðvík Kristjánsson 1986. *Íslenskir sjávarhættir*. 5. bindi. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík. 498 bls.
72. María Harðardóttir & Ólafur K. Nielsen 1999. Hröfnum fækkar í Þingeyjarsýslum. *Náttúrufræðingurinn* 68: 147-154.
73. Merne, O.J., D. Boertmann, H. Boyd, C. Mitchell, M. O. Briain & A. Sigfússon 1999. Light-bellied Brent Goose *Branta bernicla hrota*: Canada. Bls. 298-311 í (J. Madsen, G. Cracknell & T. Fox, ritstj.) *Goose populations of the Western Palearctic*. Wetlands International Publications No. 48. Rönde.
74. Mitchell, C. & A. Sigfússon 1999. Greylag Goose *Anser anser*: Iceland. Bls. 162-171 í (J. Madsen, G. Cracknell & T. Fox, ritstj.) *Goose populations of the Western Palearctic*. Wetlands International Publications No. 48. Rönde.
75. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1. Plöntur. Reykjavík. 82 bls.
76. Náttúrufræðistofnun Íslands. Óbirtgögn.
77. Náttúruverndarrás 1996. Náttúruverndarrásin við Mývatn. Óbirt gögn (frá Árna Einarssyni).
78. Náttúruverndarrás 1996. Náttúruverndarrásin við Mývatn. Óbirt gögn (frá Árna Einarssyni).
79. Ógilvie, M.A., D. Boertmann, D. Cabot, D. Merne, S.M Percival & A. Sigfússon. Barnacle Goose *Branta leucopsis*: Greenland. Bls. 246-256 í (J. Madsen, G. Cracknell & T. Fox, ritstj.) *Goose populations of the Western Palearctic*. Wetlands International Publications No. 48. Rönde.
80. Ólafur Einarsson 2000. Iceland. Bls. 341-363 / (M.F. Heath & M.I. Evans, ritstj.) *Important bird areas in Europe: Priority sites for conservation*. 1. Northern Europe, Cambridge, UK. BirdLife International.
81. Ólafur Karl Nielsen 1991. Hefur ósínshönum fækkað? *Fréttabréf Fuglaverndarfélags Íslands* 4(1): 6-7.
82. Ólafur Karl Nielsen (ritstj.) 1992. *Tjörnir, saga og lífríki*. Reykjavíkurborg. 198 bls.
83. Ólafur Karl Nielsen 1995. *Hrókønd sest að á Íslandi*. Bliki 15: 1-15.
84. Ólafur Karl Nielsen 1998. Hrun flórgeðastofnsins á Íslandi. Bls. 197-205 í (Jón S. Ólafsson, ritstj.) *Íslensk vottendi - verndun og nýting*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
85. Ólafur Karl Nielsen 1999. Gyrfalcon predation on ptarmigan: numerical and functional responses. *J. of Animal Ecology* 68: 1034-1050.
86. Ólafur Karl Nielsen & T.J. Cade 1990a. Annual cycle of the Gyrfalcon in Iceland. *National Geographic Research* 6(1): 41-62.
87. Ólafur Karl Nielsen & T.J. Cade 1990b. Seasonal changes in food habits of Gyrfalcon in NE-Iceland. *Ornis Scandinavica* 21: 202-211.

88. Ólafur Karl Nielsen & Gunnlaugur Pétursson 1995. Population fluctuations of Gyrfalcon and Rock Ptarmigan: analysis of export figures from Iceland. *Wildlife Biology* 1: 65-71.
89. Sigurður Gunnarsson & Jónbjörn Pólsson 1988. Fuglalíf í og við Skjálfandaflóa að vetri. *Bliki* 6:1-23.
90. Skarphéðinn G. Þórisson 1996. Er bjargdúfa varpfugl á Íslandi? *Fréttabréf Fuglaverndarfélags Íslands* 9(1): 6-7.
91. Snow, D.W. & C.M. Perrins (ritstj.) 1998. *The Birds of the Western Palearctic*. Concise edition. Oxford University Press, Oxford.
92. Tucker, G.M. & M.F. Heath 1994. *Birds in Europe: their conservation status*. BirdLife International (BirdLife Conservation Series no. 3). Cambridge, U.K. 600 bls.
93. Tømmerraas, P.J. 1993. The status of Gyrfalcon *Falco rusticolus* research in northern Fennoscandia. *Fauna norv. Ser. C., Cinclus* 16: 75-82.
94. Veiðistjóraembættið. veiðitölur 1995-1998.
95. Whitfield, D.P. 1995. Behaviour and ecology of a polyandrous population of Grey Phalaropes *Phalaropus fulicarius* in Iceland. *J. Avian Biol.* 26: 349-352.
96. Whitfield, D.P., A.D. Evans & Jón Magnússon 1989. Fjöruspói finnst verpanði hérlandis. *Bliki* 8: 3-6.
97. Þorsteinn Einarsson 1959. Haftyrðill. *Dýraverndarinn* 45: 70-72.
98. Þorsteinn Einarsson 1975. Fuglar og Heiðmörk. *Ársrit Skógræktarfélags Íslands* 1975:43-48.
99. Þorsteinn Einarsson 1979. Fjöldi langvíu og stuttnefu í fuglabjörgum við Ísland. *Náttúrufræðingurinn* 49: 221-228.
100. Þorsteinn Einarsson 1987. Íslenskar súlubyggðir og saga þeirra. *Náttúrufræðingurinn* 57: 63-184.
101. Þórir Snorrason 1992. Brandendur í Eyjafirði 1990. *Bliki* 12: 9-10.
102. Ævar Petersen 1982. Greinargerð um varp haftyrðils í Grímsey sumrin 1981 og 1982. 4 bls.
103. Ævar Petersen 1983. Óvenjuleg brandugluganga. *Bliki* 1: 12-16.
104. Ævar Petersen 1985. Fuglalíf í Mánáreyjum. *Týli* 15(1-2): 7-25.
105. Ævar Petersen 1995. Brot úr sögu geirfuglsins. *Náttúrufræðingurinn* 65: 53-66.
106. Ævar Petersen 1998. *Íslenskir fuglar*. Vaka-Helgafell, Reykjavík. 312 bls.
107. Ævar Petersen 1998. Fuglalíf í Stagley á Breiðafirði. *Breiðfirðingur* 56: 98-121.
108. Örnólfur Thorlacius 1998. Geirfuglinn, lífshættir og afdrif. Bls. 413-431 / Þjóðlíf og Þjóðtrú. Ritgerðir helgaðarjóni Hnefli Aðalsteinssyni. Þjóðsaga, Reykjavík.

7. viðauki. Leiðbeiningar IUCN við mat og röðun í flokka

I bráðri hættu (CR)

Tegund telst vera í bráðri hættu þegar eindregnar líkur eru á að hún verði útdauð í náttúrunni í nágrenni framtíð samkvæmt einhverri skilgreininganna hér að neðan (A til E):

A. Fækkun í stofni á annan hvorn háttinn hér að neðan, 1 eða 2:

1. Fækkun (samkvæmt athugun, áætlun, ályktun eða grun) um að minnsta kosti 80% á síðustu 10 árum eða þremur kynslóðum, hvort heldur spannar lengri tíma, samkvæmt einhverju eftirfarandi atriða:

- (a) beinni athugun,
- (b) algengisstuðli sem hæfir tegundinni,
- (c) fækkun á útbreiðslusvæðinu, samdrætti útbreiðslu eða hnignun búsvæðis,
- (d) umfangi raunverulegrar eða mögulegrar nýtingar,
- (e) áhrifum aðfluttra tegunda, kynblöndunar, sýkla, samkeppni, mengunarvalda eða sníkla.

2. Fækkun um að minnsta kosti 80%, sem ákveðið er eða gæti þurft að bregðast við innan 10 ára eða þriggja kynslóða, hvort heldur spannar lengri tíma, samkvæmt einhverju atriðanna (b), (c), (d) eða (e) hér að ofan.

B. Útbreiðsla áætluð undir 100 km² eða dvalar- eða vaxtarsvæði undir 10 km² og mat bendir til tveggja af þremur eftirtöldum atriðum:

1. Útbreiðsla stofns er mjög slitrótt eða takmörkuð við aðeins einn stað.

2. Stofn hefur sífellt dregið saman samkvæmt athugun, ályktun eða áætlun einhvers eftirfarandi þátta:

- (a) útbreiðslu,
- (b) dvalar- eða vaxtarsvæðis,
- (c) búsvæðis,
- (d) fjölda fundarstaða eða undirstofna,
- (e) fjölda fullþroska einstaklinga.

3. Gífurlegrar sveiflu einhvers eftirfarandi þátta:

- (a) útbreiðslu,
- (b) dvalar- eða vaxtarstaða,
- (c) fjölda fundarstaða eða undirstofna,
- (d) fjölda fullþroska einstaklinga.

C. Stofn talinn minni en 250 fullþroska einstaklingar og annað tveggja:

1. Stofn talinn hafa dregið samfellt saman um að minnsta kosti 25% á 3 árum eða einni kynslóð, hvort heldur spannar lengri tíma.

2. Fullþroska einstaklingum hefur fækkað samfellt og stofn minnkað samkvæmt athugun, áætlun eða ályktun og annað tveggja:

- (a) Útbreiðsla stofns er orðin mjög slitrótt og enginn undirstofn talinn stærri en 50 fullþroska einstaklingar eða
- (b) allir einstaklingar teljast til sama ndirstofns.

D. Stofn talinn minni en 50 fullþroska einstaklingar.

E. Magnbundin greining sýnir að minnsta kosti helmingslíkur á að tegundin deyi út í náttúrunni innan 10 ára eða þriggja kynslóða, hvort heldur spannar lengri tíma.

Í hættu (IN)

Tegund telst vera í hættu, en þó ekki í bráðri hættu, þegar mjög miklar líkur eru á að hún verði útdauð í náttúrunni í fyrirsjáanlegri framtíð, samkvæmt einhverri skilgreininganna hér að neðan (A til E):

A. Fækkun í stofni á annan hvorn háttinn hér að neðan:

1. Fækkun (samkvæmt athugun, áætlun, ályktun eða grun) um að minnsta kosti helming á síðustu 10 árum eða þremur kynslóðum, hvort heldur spannar lengri tíma, samkvæmt einhverju eftirfarandi atriða:

- (a) beinni athugun,
- (b) algengnisstuðli sem hæfir tegundinni,
- (c) fækkun á útbreiðslusvæðinu, samdrætti útbreiðslu eða hnignun búsvæðis,
- (d) umfangi raunverulegrar eða mögulegrar nýtingar,
- (e) áhrifum aðfluttra tegunda, kynblöndunar, sýkla, samkeppni, mengunarvalda eða sníkla.

2. Fækkun um að minnsta kosti 50%, sem ákveðið er eða gæti þurft að bregðast við innan 10 ára eða þriggja kynslóða, hvort heldur spannar lengri tíma, samkvæmt einhverju atriðanna (b), (c), (d) eða (e) hér að ofan.

B. Útbreiðsla áætluð undir 5000 km² eða dvalar- eða vaxtarsvæði undir 500 km² og mat bendir til einhverra tveggja af þremur eftirtöldum atriðum:

- 1. Útbreiðsla stofns er mjög slitrótt eða takmörkuð við fimm staði í mesta lagi.
- 2. Sífellds samdráttar einhvers eftirfarandi þátta samkvæmt athugun, ályktun eða áætlun:

- (a) útbreiðslu,
- (b) dvalar- eða vaxtarsvæðis,
- (c) búsvæðis,
- (d) fjölda fundarstaða eða undirstofna,
- (e) fjölda fullproska einstaklinga.

3. Gífurlegrar sveiflu einhvers eftirfarandi þátta:

- (a) útbreiðslu,
- (b) dvalar- eða vaxtarstaða,
- (c) fjölda fundarstaða eða undirstofna,
- (d) fjölda fullproska einstaklinga.

C. Stofn talinn minni en 2.500 fullproska einstaklingar og annað tveggja:

- 1. Stofn er talinn hafa dregið samfellt saman um að minnsta kosti 20% á síðustu 5 árum eða tveimur kynslóðum, hvort heldur spannar lengri tíma.
- 2. Fullproska einstaklingum hefur fækkað samfellt samkvæmt athugun, áætlun eða ályktun og stofninn rýrnað og annað tveggja:

- (a) útbreiðsla stofns er mjög slitrótt (þ.e. engir undirstofnar taldir stærri en 250 fullproska einstaklingar) eða
- (b) allir einstaklingar teljast til sama undirstofns.

D. Stofn talinn minni en 250 fullproska einstaklingar.

E. Magnbundin greining sýnir að minnsta kosti 20% líkur á því að tegundin deyi út í náttúrunni innan 20 ára eða fimm kynslóða, hvort heldur spannar lengri tíma.

I yfirvofandi hættu (VU)

Tegund telst vera í yfirvofandi hættu, en þó hvorki í bróðri hættu né í hættu sbr. hér að framan, ef miklar líkur eru á að hún verði útdauð í náttúrunni í framtíðinni samkvæmt einhverju af eftirfarandi (A til E):

A. Stofn hefur dregið saman á annan hvorn eftirfarandi hátt:

1. Fækkun, samkvæmt athugun, áætlun, ályktun eða grun, um að minnsta kosti 20% á síðustu 10 árum eða þremur kynslóðum, hvort heldur spannar lengri tíma, samkvæmt einhverju eftirfarandi atriða:

- (a) beinni athugun,
- (b) algengisstuðli sem hæfir tegundinni,
- (c) fækkun á útbreiðslusvæðinu, samdrætti útbreiðslu eða hnignun búsvæðis,
- (d) umfangi raunverulegrar eða mögulegrar nýtingar,
- (e) áhrifum aðfluttra tegunda, kynblöndunar, sýkla, mengunarvalda, samkeppni eða sníkla.

2. Fækkun um að minnsta kosti 20%, sem ákveðið er eða gæti þurft að bregðast við innan 10 ára eða þriggja kynslóða, hvort heldur spannar lengri tíma, samkvæmt einhverju atriðanna (b), (c), (d) eða (e) hér að ofan.

B. Útbreiðsla áætluð undir 20.000 km² eða dvalar- eða vaxtarsvæði undir 2000 km² og mat bendir til einhverra tveggja af þremur eftirtöldum atriðum:

1. Útbreiðsla stofns er mjög slitrótt eða takmörkuð við 10 fundarstaði í mesta lagi.

2. Sífellds samdráttur einhvers eftirfarandi þátta samkvæmt athugun, ályktun eða áætlun:

- (a) útbreiðslu,
- (b) dvalar- eða vaxtarsvæðis,
- (c) búsvæðis,
- (d) fjölda fundarstaða og undirstofna,
- (e) fjölda fullþroska einstaklinga.

3. Gífurlegrar sveiflu einhvers eftirtalinna þátta:

- (a) útbreiðslu,
- (b) dvalar- eða vaxtarstaða,
- (c) fjölda fundarstaða eða undirstofna,
- (d) fjölda fullþroska einstaklinga.

C. Stofn talinn minni en 10.000 fullþroska einstaklingar og annað tveggja:

1. Stofn talinn hafa dregið saman um að minnsta kosti 10% á síðustu 10 árum eða þremur kynslóðum, hvort heldur spannar lengri tíma.

2. Fullþroska einstaklingum hefur sífellt fækkað og stofn minnkað samkvæmt athugun, áætlun eða ályktun, og annað tveggja:

- (a) Útbreiðsla stofns er mjög slitrótt og enginn undirstofn talinn stærri en 1000 fullþroska einstaklingar,
- (b) allir einstaklingar teljast til sama undirstofns.

D. Stofn mjög lítil eða takmarkaður á annan hvorn háttinn hér að neðan:

- 1. Stofninn talinn minni en 1000 fullþroska einstaklingar.
- 2. Stofninn einkennist af takmörkuðu útbreiðslusvæði (t.d. minna en 100 km²) eða fáum fundarstöðum (t.d. færri en 5). Slíkri tegund gæti þess vegna verið hættu búin af umsvifum manna (eða tilviljanakenndum atburðum þar sem starfsemi manna getur magnað áhrifin), fyrirvaralítið einhvern tíma í framtíðinni og þannig komið í bráða hættu eða jafnvel dáið út á skömmum tíma.

E. Magnbundin greining leiðir í ljós að líkurnar á að tegundin deyi út í náttúrunni innan 100 ára eru að minnsta kosti 10%.

2. viðauki. Áætluð stofnstærð íslenskra fugla sem eru ekki á valista* og hlutfall þeirra af evrópskum og norrænum fuglastofnum

Tegund		Áætlaður varpstofn á Íslandi ¹⁴	Áætlaður varpstofn % í Evrópu ^{51,92}	Áætlaður varpstofn % á Norðurlöndum ¹⁴		
Lómur	<i>Gavia stellata</i>	1.000-2.000	61.000-140.000	1-2	9.910-40.515	5-10
Fýll	<i>Fulmarus glacialis</i>	1.000.000-2.000.000	2.204.028-4.105.028	45-50	1.606.000-3.507.000	55-60
Dílaskarfur	<i>Phalacrocorax carbo</i>	2.500-3.700*	186.361-210.572	1-2	79.800-80.900	3-5
Toppskarfur	<i>Phalacrocorax aristotelis</i>	6.600*	81.985-89.460	7-8	22.600-23.600	28-29
Álft	<i>Cygnus cygnus</i>	2.500	6.324-8.791	24-29	3.300-5.050	50-76
Heiðagæs	<i>Anser brachyrhynchus</i>	30.000	45.500-50.000	60-66	45.500.-50.000	60-66
Rauðhöfðaönd	<i>Anas penelope</i>	4.000-6.000	257.457-352.866	2	87.012-122.017	5
Urtönd	<i>Anas crecca</i>	3.000-5.000	1.086.456-1.585.130	<1	293.400-365.600	1
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	10.000-15.000	2.429.850-3.339.500	<1	295.100-505.200	3
Skúfönd	<i>Aythya fuligula</i>	6.000-10.000*	637.559-844.203	<1	153.500-230.650	4
Duggönd	<i>Aythya marila</i>	3.000-5.000*	46.050-90.750	6	6.000-10.700	47-50
Æðarfugl	<i>Somateria mollissima</i>	300.000	739.623-1.046.128	27-29	673.000-968.000	30-31
Hávella	<i>Clangula hyemalis</i>	2.000-3.000	359.500-520.500	<1	10.500-20.500	19-24
Toppönd	<i>Mergus serrator</i>	2.000-4.000	58.126-106.812	3-4	48.100-91.100	4
Smyrill	<i>Falco columbarius</i>	1.000-1.200	39.585-51.165	2-3	8.505-19.715	6-12
Rjúpa	<i>Lagopus mutus</i>	50.000-200.000	427.650-1.429.850	12-14	291.000-783.000	17-26
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	10.000-20.000*	254.498-362.233	6-8	65.000-107.000	20-30
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>	50.000	101.506-129.481	39-49	79.805-97.610	51-63
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	300.000	485.695-684.537	44-62	450.305-556.012	54-67
Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>	10.000	19.186-37.294	27-52	18.185-27.290	37-55
Lóupræll	<i>Calidris alpina</i>	300.000	472.114-1.412.321	21-64	371.073-401.606	75-81
Hrossaqaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	300.000	1.884.445-11.108.255	3-16	573.800-756.000	40-52

Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>	7.000-10.000
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	200.000
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	50.000-100.000*
Óðinshani	<i>Phalaropus lobatus</i>	30.000-50.000*
Kjóí	<i>Stercorarius parasiticus</i>	5.000-10.000
Skúmur	<i>Stercorarius skua</i>	5.500
Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>	25.000-30.000
Sílamáfur	<i>Larus fuscus</i>	25.000
Silfurmáfur	<i>Larus argentatus</i>	4.000
Hvitmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>	8.000
Ríta	<i>Rissa tridactyla</i>	630.000*
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	250.000-500.000
Langvía	<i>Uria aalge</i>	990.000
Álka	<i>Alca torda</i>	380.000
Teista	<i>Cephus grylle</i>	10.000-15.000*
Lundi	<i>Fratercula arctica</i>	2.000.000-3.000.000
Þúfuttittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	500.000-1.000.000
Maríuerla	<i>Motacilla alba</i>	20.000-50.000*
Músarrindill	<i>Troglodytes troglodytes</i>	3.000-5.000*
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>	20.000-50.000
Skágarpröstur	<i>Turdus iliacus</i>	100.000-200.000
Stari	<i>Sturnus vulgaris</i>	3.000-4.000*
Auðnutittlingur	<i>Carduelis flammea</i>	10.000-30.000
Snjótittlingur	<i>Plectrophenax nivalis</i>	50.000-100.000

* Byggt á Asbirk o.fl. 1998 með síðari tíma breytingum og eru þær auðkenndar með stjörnu í töflunni.

142.000-265.000	4-5	8.062-11.213	87-89
280.315-349.045	57-71	269.500-318.000	63-74
300.000-630.000	16-17	120.005-226.010	42-44
135.040-1.160.058	4-22	55.015-110.030	45-55
25.710-135.330	7-19	12.360-31.980	31-40
13.805-13.915	36-40	5.895-6.005	92-93
242.105-3.171.405	1	425.100-520.200	6
232.084-253.000	10-11	79.250-99.750	25-32
755.885-877.202	<1	287.000-392.500	1
11.300	71	10.300	78
2.200.476-2.700.476	23-29	1.624.476-2.124.476	30-39
426.300-738.670	59-68	324.950-635.950	77-79
188.925-1.997.970	50-52	1.237.200-1.348.230	73-80
490.000-510.000	75-78	400.000-420.000	90-95
120.000-275.000	5-8	79.603-232.639	6-13
4.800.000-61.000.000	42-49	4.352.500-5.613.000	46-53
7.500.000-20.000.000	5-7	3.003.000-8.540.000	12-17
8.092.002-23.132.010	<1	1.670.002-3.505.010	<1
19.961.000-36.360.200	<1	511.000-1.353.200	<1
2.777.260-14.037.060	<1	823.010-1.857.010	2-3
4.500.588-8.181.674	2	4.100.005-6.700.015	2-3
30.294.000-104.477.000	<1	1.253.000-4.464.000	<1
10.933.895-13.995.350	<1	663.000-3.668.000	1-2
188.070-806.100	12-27	178.000-706.000	14-28

3. viðauki. Tegundir á valista í stafrófsröð íslenskra heita

		Hættuflokkur	Bls.
Brandugla	<i>Asio flammeus</i>	VU	56
Brandönd	<i>Tadorna tadorna</i>	CR	32
Fálki	<i>Falco rusticolus</i>	VU	58
Fjöruspói	<i>Numenius arquafa</i>	CR	34
flórgoði	<i>Podiceps auritus</i>	VU	60
Gargönd	<i>Anas strepera</i>	VU	62
Geirfugl	<i>Pinguinus impennis</i>	EX	26
Grafönd	<i>Anas acuta</i>	LR	86
Grágæs	<i>Anser anser</i>	VU	64
Gráspör	<i>Passer domesticus</i>	CR	36
Gulönd	<i>Mergus merganser</i>	VU	66
Haftyrðill	<i>Alle alle</i>	EW	28
Haförn	<i>Haliaeetus albicilla</i>	EN	44
Helsingi	<i>Branta leucopsis</i>	EN	48
Himbrimi	<i>Gavia immer</i>	VU	68
Hrafn	<i>Corvus corax</i>	VU	70
Hrafnstönd	<i>Melanitta nigra</i>	VU	72
Húsönd	<i>Bucephala islandica</i>	EN	50
Keldusvín	<i>Rallus aquaticus</i>	EW	30
Sjósvala	<i>Oceanodroma leucorhoa</i>	VU	74
Skeiðönd	<i>Anas clypeata</i>	EN	52
Skrofa	<i>Puffinus puffinus</i>	VU	76
Skutulönd	<i>Aythya ferina</i>	CR	38
Snæugla	<i>Nyctea scandiaca</i>	CR	40
Stormmáfur	<i>Larus canus</i>	LR	88
Stormsvala	<i>Hydrobates pelagicus</i>	VU	78
Strandtittlingur	<i>Anthus pefrosus</i>	CR	42
Straumönd	<i>Histrionicus histrionicus</i>	LR	90
Stuttnefja	<i>Uria lomvia</i>	VU	80
Súla	<i>Morus bassanus</i>	VU	82
Svartbakur	<i>Larus marinus</i>	VU	84
Þórshani	<i>Phalaropus fulicarius</i>	EN	54

4. vibauki. Tegundir á válista, flokkunarfræðileg röð

		Hættuflokkur	Bls.
<i>Gavia immer</i>	Himbrimi	VU	68
<i>Podiceps auritus</i>	Flórigoði	VU	60
<i>Puffinus puffinus</i>	Skrofa	VU	76
<i>Hydrobates pelagicus</i>	Stormsvala	VU	78
<i>Oceanodroma leucorhoa</i>	Sjósvala	VU	74
<i>Morus bassanus</i>	Súla	VU	82
<i>Anser anser</i>	Grágæs	VU	64
<i>Branta leucopsis</i>	Helsingi	EN	48
<i>Tadorna tadorna</i>	Brandönd	CR	32
<i>Anas strepera</i>	Gargönd	VU	62
<i>Anas acuta</i>	Grafönd	LR	86
<i>Anas clypeata</i>	Skeiðönd	EN	52
<i>Aythya ferina</i>	Skutulönd	CR	38
<i>Histrionicus histrionicus</i>	Straumönd	LR	90
<i>Bucephala islandica</i>	Húsönd	EN	50
<i>Melanitta nigra</i>	Hrafnstönd	VU	72
<i>Mergus merganser</i>	Gulönd	VU	66
<i>Haliaeetus albicilla</i>	Haförn	EN	44
<i>Falco rusticolus</i>	Fólki	VU	58
<i>Rallus aquaticus</i>	Keldusvín	EW	30
<i>Numenius arquata</i>	Fjöruspói	CR	34
<i>Phalaropus fulicarius</i>	Þórshani	EN	54
<i>Larus canus</i>	Stormmáfur	LR	88
<i>Larus marinus</i>	Svarfbakur	VU	84
<i>Nyctea scandiaca</i>	Snæugla	CR	40
<i>Asio flammeus</i>	Brandugla	VU	56
<i>Uria lomvia</i>	Stuttnefja	VU	80
<i>Pinguinus impennis</i>	Geirfugl	EX	26
<i>Alcega alpestris</i>	Haftyröill	EW	28
<i>Anthus petrosus</i>	Strandtittlingur	CR	42
<i>Corvus corax</i>	Hrafn	VU	70
<i>Passer domesticus</i>	Gráspör	CR	36

Útgáfa válista hefur verið ein af meginstöðum náttúruverndar í heiminum um langt skeið en válisti er skrá yfir lífverur sem eiga undir högg að sækja, eru í útrýmingarhættu eða hefur verið útrýmt. Válisti fugla er annar í röðinni yfir íslenskar lífverur en válisti plantna kom út árið 1996.

Á Íslandi verpa eða hafa orpið að staðaldri 76 fuglategundir og eru 32 þeirra á válistanum. Miðað við alþjóðlega staðla þurfa því um 40% íslenskra varpfugla sérstaka aðgæslu hér á landi.

Ein tegundin er útdauð í heiminum öllum og tvær útdauðar sem varpfuglar í íslenskri náttúru. Aðrar tegundir á válistanum falla í fjóra flokka: 6 eru taldar í bráðri hættu, 5 í hættu, 15 í yfirvofandi hættu og 3 í nokkurri hættu.

Í válistanum er fjallað um helstu ógnir sem að þessum fuglum steðja og settar fram tillögur um frekari rannsóknir, vernd þeirra og vöktun. Þar eru einnig upplýsingar um útbreiðslu þeirra og stofnstærð, lífshætti og stöðu á heimsvísu. Válistinn er prýddur fjölda ljósmynda.

